# GREINARGERÐ FAGSVIÐA OG B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2017

Lögð fram í borgarstjórn 1. nóvember 2016

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Október 2016

# Efnisyfirlit

## A-hluti

Íþrótta- og tómstundasvið ..... 2

Menningar- og ferðamálasvið ..... 10

Skóla- og frístundasvið ..... 24

Umhverfis- og skipulagssvið ..... 35

Velferðarsvið ..... 49

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ..... 57

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar ..... 69

Sameiginlegur kostnaður ..... 73

Framlög til B hluta fyrirtækja ..... 74

Ný upplýsingakerfi ..... 75

## B-hluti

Faxaflóahafnir ..... 82

Félagsbústaðir ..... 85

Malbikunarstöðin höfði ..... 92

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ..... 94

Strætó bs. ..... 98

Sorpa bs. .....

Orkuveita Reykjavíkur .....

# A-HLUTI

# ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

**LEIÐARLJÓS:**

**Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþrótta- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---:|---:|
| Rekstrartekjur | 1.501.409 |
| **Tekjur samtals** | **1.501.409** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.066.838 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6.642.833 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **8.709.670** |
| **Rekstarniðurstaða** | **7.208.262** |

## SKIPURIT




## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---:|:---:|
| Vinnuframlag | 302 |
| Stöðugildi | 249 |
| Yfirvinna | 86.000 |
| Vaktir | 141.500 |

## HLUTVERK

- Rekstur sundlauga og íþróttamannvirkja
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþrótta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

## MEGINÁHERSLUR 2017 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Starfsemi Íþrótta– og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþrótta- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er maðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, félagavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþrótta- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþrótta- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í íþróttamálum Reykjavíkur sbr. stefnu fyrir árin 2012-2020. Árið 2017 verður fram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður unnið að uppbyggingu á fræðslu- og starfsmannahúsi.

Framkvæmdir við útisundlaug, búningsklefa og afgreiðslu eru í gangi við Sundhöllina og áætlað að þeim ljúki í lok árs 2017. Bygging líkamsræktaraðstöðu World Class við Breiðholtslaug er lokið og rekstur hafinn. Einnig er lokið verulegum endurbótum á búningsklefum og afgreiðslu laugarinnar.

Í framhaldi af viðhorfskönnun borgarinnar, sem gerð var 2015, var farið í ýmis umbótaverkefni á starfsstöðum ÍTR og var sérstaklega unnið með stjórnendahóp ÍTR með það að markmiði að efla mannauð sviðsins. Vaktstjórar sundlauga sátu veturlangt námskeið í sjö skrefum, ”Að stjórna sund- og baðstað” til að efla stjórnenda hlut þeirra. Niðurstöður viðhorfskannanan gefa til kynna að vel hafi tekist til og var mikil hækkun á öllum þáttum sem mældir voru. Markmið næsta árs er að viðhalda góðum árangri með því að halda áfram að styðja við og hvetja starfsfólk ÍTR. Árið 2016 var skrifstofa ÍTR valin stofnun ársins á meðal minni stofnanna hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

# SKIPULAG REKSTRAR 2017







# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2017 gera ráð fyrir að hækkun á neysluvísitölu um 3,9%. Annar rekstrarkostnaður er verðbættur sem hefur ekki verið gert undanfarin ár. Áætlaðar hækkanir vegna launabreytinga, í samræmi við gildandi kjarasamninga koma til með að verða bættar.

Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári verða meðal annars að tekið verður í notkun ný útilaug, búningsklefar og afgreiðsla í Sundhöllinni. Viðmið vegna aðgangs í sund fyrir eldri borgara var lækkað niður úr 70 árum í 67 ár. Hagræðingarkröfu, sem gerð er á sviðið, upp á 85,45- mkr. er mætt með hagræðingu í starfsmannamálum, lækkun á öðrum rekstrarkostnaði og hækkun á tekjum.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótta– og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótta- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu. Innri leiga, húsaleigusamningar, samningsbundnir styrkir og framlög eru um 78% af nettóútgjöldum ÍTR. Kostnaður vegna kaupa á orku er 2,86% af nettóútgjöldum.

## Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til sundkennslu, íþrótta- og sundiðkunar. Þær hafa fjölþættu




hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2015 var 1.807 þúsund gestir og áætluð aðsókn fyrir árið 2016 1.860 þúsund gestir. Framkvæmdir við útisundlaug, búningsklefa og afgreiðslu eru langt komnar við Sundhöllina og áætlað að þeim ljúki í nóvember 2017, þá verður stefnt að því að afgreiðslutíma laugarinnar verði breytt í samræmi við afgreiðslutíma Laugardalslaugar. Bygging líkamsræktaraðstöðu World Class við Breiðholtslaug er lokið og rekstur hafinn. Fjárhagsáætlun vegna lauganna 2017 er 1.433 mkr.

Stefnt er að því að vera með lengri afgreiðslutíma um helgar sumarið 2017 í Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug. Afgreiðslutími verður þá um helgar frá 9:00 – 22:00 en í dag er afgreðslutíminn frá 9:00 til kl 18:00.

Aðsóknartölur sundlauganna í Reykjavík á tímabilinu október 2015 – september 2016 eru 1.858 þúsund heimsóknir. Taflan hérna til hliðar sýnir hvegnir aðsókning skiptist á milli sundlauga í Reykjavík.

## Fjölskyldu– og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýra. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árlega sækja um 10 þúsund nemar leik- og grunnskóla fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldursstig í huga. Sérstakt þjónustusvið heldur úti þjónustu við borgarbúa sem byggist á rekstri dýra- og skemmtigarðs með fræðslu að leiðarljósi. Auk þess er í garðinum stoðsvið sem heldur utan um miðlægan rekstur s.s. verkstæði, skrifstofu og miðasölu. Þá er í garðinum rekin veitinga- og minjagripasala. Bætt hefur verið aðstaða við veitingahús garðsins. Unnið verður að uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2015 var um 180 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun 2017 er 259,5 mkr.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefnin felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafaþjónustu, þjónustu við fatlað fólk, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, rekstri einstakra viðburða og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Í Hinu Húsinu fer einnig fram umfangsmikil þjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Þjónustuþegum hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur árum. Tekið var í notkun nýtt húsnæði við Rafstöðvarveg á síðari hluat árs 2015 þar sem hluti af starfsemi fyrir fatlaða fer fram. Með tilkomu þessa húsnæðis hefur aðstaða og aðbúnaður batnað mikið. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2017 er 420,3 mkr. Þar af er frístund fatlaðra 210,6 mkr, Vinnumiðlun, atvinnu- og forvarnarverkefni 47,5 mkr og önnur starfsemi Hins hússins 162,2 mkr.

## Kynjuð fjárhags– og starfsáætlun

Árið 2016 skilaði ÍTR af sér 2 verkefnum í kynjaðri fjárhagsáætlun. Verkefnin voru annarsvegar úttekt á atvinnumálum hjá ÍTR og hins vegar skýrsl um hvort styrkir Reykjavíkurborgar stuðluðu að jöfnum möguleikum kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.

Þá hefur jafnframt verið byrjað á tveim verkefnum í viðbót annars vegar í Hinu húsinu og síðan í Fjölskyldu og húsdýragarðinum áætluð lok á þeim verkefnum eru 2017

Á árinu 2016 var gerð jafnréttisúttekt í samvinnu við mannréttindaskrifstofu á þremur hverfisíþróttafélögum í Reykjavík þessu þrjú félög voru dregin út með slembiúrtaki. Þau félög sem dregin voru, eru Fjölnir, Knattspyrnufélag Reykjavíkur og Þróttur. Settur var á fót vinnuhópur til að sjá um úttektina og í honum áttu sæti starfsfólk frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ÍTR (Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur) og Íþróttabandalagi Reykjavíkur ÍBR. Úttektin var svo unnin í samvinnu við fulltrúa frá íþróttafélögunum þremur. Hún byggist á svörum félaganna við spurningalista sem vinnuhópurinn setti saman, upplýsingum um kynjahlutföll iðkenda og skiptingu fjármagns eftir kyni og íþróttagreinum og að lokum skoðun á heimasíðum félaganna.

## Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes

Ylströndin hefur fest sig í sessi sem sjóbaðsstaður árið um kring. Fjöldi gesta í vetraropnun eykst jafnt og þétt og var um 15.952 komur árið 2015. Ylströndin er handhafi Bláfánans, sem er alþjóðleg umhverfisvottun, og er honum flaggað á ströndinni árið um kring. Heildargestakomur yfir árið eru 470.000 gestir. Fjárhagsáætlun Ylstrandar árið 2016 er kr. 55,6 mkr.

Í Siglunesi, yfir sumarmánuðina, geta börn og unglingar sótt námskeið í siglingum og róðri og tekið þátt í klúbbastarfi. Þátttaka í starfsemi siglingaklúbbsins sumarið 2016 var um 7.000 gestakomur. Fjárhagsáætlun siglingaklúbbsins 2017 er 25,7 mkr.

## Upplýsinga– og kynningarmál

Ný heimasíða Skíðasvæða fór í loftið í mars 2016. Síðan er unnin í WordPress og hýst utan Reykjavíkurborgar. Eftir það er heimasíða Nauthólsvíkur ein eftir í ContentXXL kerfinu. Þarfagreining vegna flutnings þeirrar síðu er hafin. Frístundavefurinn stækkaði enn frekar á árinu 2016, samstarf við önnur sveitarfélög um vefinn varð að veruleika og nú hafa starfsmenn Hafnafjarðarbæjar umsjón með öllum félögum í Hafnarfirði. Vonast er til þess að fleiri sveitarfélög komi inn á árinu 2017. Tilraunaverkefni með fjölgun notenda reyndist vel og nú eru um 30 félög komin með aðgang að www.fistund.is og geta með því stýrt og breytt upplýsingum á sínum síðum sjálfir. Hætt var að auglýsa bæði Frístundakort og www.fristund.is á prentuðum miðlum og voru eingöngu verið keyptar auglýsingar í gegn um Google AdWords og í gegn um Facebook, sú þróun reyndist góð. Mannvirkjavefurinn fór formlega í loftið í september 2016 allir skólasalir og sundlaugar eru komin inn í kerfið og sýnileg í gegn um fristund.is. Tekið var í notkun nýtt skráningakerfi fyrir sumarstarf bæði í Fjölskyldu- og húsdýragarði og Siglunesi. Hafist var handa við að máta starfsemi Hins Hússins inn í skráningakerfi frístundaheimila SFS og skoða þær breytingar sem þarf að gera og meta kostnað við að aðlaga það kerfi að skráningu í starf Hins Hússins. Sótt var um fjármagn í ný upplýsingakerfi til að gera þetta mögulegt á árinu 2017. Kröfugreiningu vegna afgreiðslukerfis starfsstaða lauk og heimild fékkst til samkeppnisviðræða. Frístundakortakerfið var að fullu tengt við skráningakerfi stærstu félaga í Reykjavík með þeim hætti að nú fara foreldrar þeirra barna sem nota þar kerfi ekki inn á Rafræna Reykjavík til þess að úthluta styrk heldur klára ferlið hjá sínu félagi. Öðru var haldið óbreyttu þannig að félög sem nota ekki rafrænt skráningakerfi finna ekki fyrir breytingum. Á árinu 2017 liggur fyrir að skoða þurfi uppgjörshluta Frístundakortakerfisins.

## Frístundakortið

Félögum sem aðild hafa að frísundakortinu fjölgaði lítillega og eru þau nú rétt tæp 200. Sú þróun að sem fram kom á árinu 2015 að færri börn en áður æfðu eingöngu eina íþróttagrein hélt ekki áfram og skráningum fjölgar aftur. Marktæk fjölgun er í aldurshópnum 16-18 ára þar sem þátttaka hefur verið minnst. Gagnagrunnur Frístundakortsins í Rafrænu Reykjavík er nýttur til að vinna yfirlit um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, meðal annars til að greina þátttöku stráka og stelpna í starfsemi félaganna.

### Hlutfall barna í Reykjavík skráð í starfsemi árið 2015 6-18 ára




### Skráning í starfsemi eftir hverjum og kynjum




## Skíðasvæði

Samþykkur hefur verið nýr samtarfssamningur til þriggja ára samning sem gerður var milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem aðild eiga að Skíðasvæðunum. Í samningnum er kveðið á um framlög þeirra til reksturs og rekstrarumsjón verður áfram hjá ÍTR. Fjárfestingin skíðasvæðanna er ekki inn í samningnum en hún verður samþykkt sérstaklega.

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að markvissu starfi á þeim sviðum þjónustu, fyrir alla hópa skíðaiðkenda, sem skíðasvæðunum er ætlað að sinna og gera þeim mögulegt að bæta þjónustu sína. Með samningnum er einnig leitast við að tryggja sem besta nýtingu þess fjár sem lagt er til skíðasvæðanna með langtímaákvörðunum. Í þessu felst m.a. að skíðasvæðin viðhaldi getu til að aðlaga starfsemi sína að breyttum kröfum og nýjum forsendum og að starfsfólk skíðasvæðanna búi á hverjum tíma yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að ná fram þessum markmiðum.

Fulltrúar sveitarfélaganna í stjórn SSH hverju sinni mynda eigendavettvang vegna reksturs skíðasvæðanna. Á eigendavettvangi skal árlega fjallað um rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna, sem og önnur mál er varða

stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki er mætt í rekstrar- og framkvæmdaáætlunum. Eigendavettvangurinn mótar endanlegar tillögur um framangreint til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Skipuð skal sérstök nefnd, Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem starfa skal sem ráðgefandi aðili gagnvart eigendavettvangi skíðasvæðanna. Aðildarsveitarfélögin kjósa einn fulltrúa til setu í samstarfsnefnd

Meginhlutverk samstarfsnefndar er:

1. Að móta tillögu að stefnu varðandi rekstur og uppbyggingu á svæðunum

2. Að móta tillögu að áætlun um rekstur, gjaldskrár og fjárfestingar

3. Að hafa eftirlit með rekstri í umboði eigendavettvangs skíðasvæðanna

4. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna ásamt stjórnendum skíðasvæðanna skal hafa nána samvinnu við skíðadeildir þeirra íþróttafélaga sem eru með starfsemi á skíðasvæðum.

Aðsókn veturinn 2015-2016 var 83.090 gestir og almennir opnunardagar voru 88. Í Skálafelli var opið í 12 daga og komu 12.947 gestir. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skíðasvæðanna 2017 er áætlað kr. 93,7 mkr.

## Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Gerður hefur verið nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR til næstu þriggja ára. fyrir hönd íþróttafélaganna er kveðið á um framlög ÍTR til félaganna og ÍBR í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsröðun sem unnin var 2012. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 896 mkr. Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um einum milljarði króna en hluti af kostnaði ÍTR, er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþrótta– og sýningahöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti o.fl. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Íþrótta- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Á samningstímanum verður unnið að því að íþróttafélögin bjóði eldri borgurum aukna þjónustu í sínum mannvirkjum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi ár. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli félags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar.

ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 54,5 mkr.

## Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2017 tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda: Reykjavik International Games, Rey Cup. Einnig má nefna Vetrarhátíð, þjóðhátíðina 17. júní, Reykjavíkurmaraþon og menningarnótt.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2013 | Raun 2014 | Raun 2015 | Útk. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsmannamál*** | | | | | |
| Fjöldi starfsmanna | 501 | 500 | 522 | 552 | 552* |
| Fjöldi stöðugilda ÍTR | 213 | 244 | 260 | 265 | 265* |
| Fjöldi ársverka | | 233 | 244 | 249 | 249* |
| Fjöldi ársverka, karlar / konur | | 102 / 131 | 107 / 137 | 110/139 | 110*/139* |
| Fjöldi ársverka á skíðasvæðum | 18 | 20 | 20 | 19 | 19* |
| Vinnuframlag | 257 | 288 | 291 | 302 | 302* |
| Fjöldi yfirvinnustunda | 92.220 | 91.963 | 92.000 | 86.000 | 86.000* |
| Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi | 127.911 | 112.256 | 113.000 | 141.500 | 141.500* |
| Eknir km. á ári skv. samningum | 88.565 | 82.713 | 18.750 | 10.000 | 10.000* |
| **Aðsóknartölur** | | | | | |
| Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús. | 1.788 | 1.807 | 1.828 | 1.850 | 1.850 |
| Aðsókn að Ylströnd í þús. | 470 | 470 | 470 | 470 | 470 |
| Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús. | 160 | 170 | 178 | 176 | 176 |
| Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði | 229 | 229 | 229 | 94 | 100 |
| Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda | 6.800 | 7.000 | 9.600 | 9.000 | 9.000 |
| Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi | 500 | 500 | 500 | 500 | 500 |
| Önnur aðsókn að Siglunesi | 4500 | 6.500 | 6.000 | 6.500 | 6.500 |
| **Frístundakortið - ráðstöfun** | | | | | |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 81% | 78% | 77% | 78% | 78% |
| Stelpur/Strákar | 81% / 78% | 79% / 77% | 78% / 76% | 79%/77% | 79%/77% |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 90% | 94% | 92% | 93% | 93% |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 88% | 87% | 89% | 87% | 88% |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 77% | 74% | 69% | 71% | 71% |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 58% | 53% | 48% | 45% | 45% |
| **Frístundakortið - skráning í starfsemi** | | | | | |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 89% | 81% | 81% | 81% | 82% |
| Stelpur/Strákar | 89% / 88% | 81% / 80% | 81% / 80% | 83% / 81% | 83% / 81% |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 99% | 92% | 93% | 95% | 95% |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 97% | 88% | 90% | 89% | 90% |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 86% | 78% | 76% | 77% | 77% |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 68% | 60% | 55% | 53% | 54% |
| Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu | 218 | 180 | 183 | 199 | 200 |
| Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga | 52% | 52% | 52% | 52% | 52% |
| Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi | 19% | 17% | 17% | 17% | 18% |
| Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga | 3% | 1% | 1% | 1% | 1% |
| Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs | 15% | 12% | 13% | 13% | 13% |

* Með fyrirvara um að ekki er búið að vinna launaáætlun

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | Raun 2013 | Raun 2014 | Raun 2015 | Útk. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Styrkir til félaga (í þús. kr.)** | | | | | |
| Rekstrarstyrkir | 263.560 | 281.019 | 301.096 | 312.653 | 316.907 |
| Húsaleigustyrkir | 613.649 | 647.115 | 661.690 | 662.223 | 667.862 |
| Greiðsla vegna mannvirkja | 895.925 | 893.262 | 968.601 | 1.002.913 | 1.167.891 |
| Aðrir styrkir | 65.600 | 95.273 | 91.346 | 107.936 | 110.652 |
| Byggingastyrkir | 96.599 | 86.530 | 45.000 | 52.500 | 72.500 |
| Styrkir ráðsins | 10.000 | 35.000 | 17.500 | 35.000 | 25.000 |
| **Hitt Húsið** | | | | | |
| Fjöldi viðburða | 900 | 900 | 900 | 900 | 900 |
| Fjöldi virkra í viðburðum | 18.000 | 18.000 | 18.000 | 18.000 | 18.000 |
| Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús. | 90.000 | 90.000 | 90.000 | 90.000 | 90.000 |
| Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans | 300.000 | 300.000 | 323.298 | 300.000 | 300.000 |
| Fyrirspurnir á vef Tótalráðgjafar og Áttavitans | 500 | 450 | 480 | 500 | 500 |
| Aðsókn að starfsemi og viðburðum vegna fatlaðra einst. | 24663 | 25.000 | 25.750 | 25.000 | 25.000 |
| **Húsnæði og vellir** | | | | | |
| Fermetrar í innri leigu* | 60.075 | 60.175 | 60.175 | 60.175 | 60.175 |
| Fermetrar í leigu hjá öðrum | 35.690 | 35.690 | 35.690 | 36.878 | 36.878 |
| Fjöldi fermetra á grasvöllum | 328.000 | 333.000 | 333.000 | 280.000 | 280.000 |
| Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum | 64.800 | 64.800 | 64.800 | 73.557 | 73.557 |
| **Rekstrartölur** | | | | | |
| Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR | 1.680 | 1.801 | 1.810 | 1.850 | 1.880 |
| Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR | 790 | 800 | 810 | 820 | 830 |
| Raforkunotkun í þús. kílówattstunda alls ÍTR | 6.000 | 6.050 | 6.100 | 6.150 | 6.200 |
| Innri leiga (í þús. kr) | 2.083.478 | 2.207.227 | 2.369.348 | 2.527.865 | 2.607.838 |

# MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ



**LEIÐARLJÓS:**

**Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 511.167 |
| **Tekjur samtals** | **511.167** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.277.168 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3.572.281 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **4.849.449** |
| **Rekstarniðurstaða** | **4.338.282** |

## STARFSFÓLK

| | 2017* |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 227 |
| Fjöldi stöðugilda | 157,1 |
| **Eftir skrifstofum:** | |
| Borgarbókasafn Rvk. | 78,7 |
| Borgarsögusafn Rvk. | 34,3 |
| Listasafn Rvk. | 23,4 |
| Höfuðborgarstofa | 11,9 |
| Bókmenntaborg UNESCO | 5,8 |
| Skrifstofa MOF | 2 |
| Sérverkefni | 1 |

*Með fyrirvörum að ekki er búið að vinna launaáætlun ársins.

## SKIPURIT



# HLUTVERK SVIÐSINS

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu og Listasafns Reykjavíkur. Reykjavík—Bókmenntaborg UNESCO og þverfaglegt starf um barnamenningu er vistað á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.












# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

**Reykjavík - Ó Reykjavík!** er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2017. Hún var valin úr fjölmörgum tillögum starfsmanna sviðsins um hvað speglar best áherslur og blæbrigði viðfangsefnanna á árinu. Yfirskriftin er sótt í texta lags sem varð einkennissöngur eins mesta gróskutímabils í tónlistarlífi borgarinnar og kennt er við Rokk í Reykjavík. MOF skoðar á árinu þessa ,,yndislegu borg… með feita karla og fínar frúr og hrein og falleg torg," sem er að breytast og þroskast með ógnarhraða og þarf um leið að takast á við ögrandi áskoranir og álitamál sem snerta rætur, inntak, sérkenni og stefnu til framtíðar.

Skírskotun þessa fyrir verkefnin í menningar- og ferðamálum er því skemmtileg og margþætt; fyrsta pönksafn landsins verður opnað í Núllinu við Bankastræti, stofnanir sviðsins vinna að ýmsum verkefnum sem snúa að kjarnanum, sögu og samtíma Reykjavíkur s.s. í gegnum nýja grunnsýningu í Sjóminjasafninu um sögu og þýðingu hafsins og útgerðar í borginni. Hús eins helsta borgarbarns 19. aldarinnar, Benedikts Gröndal tekur við nýju hlutverki í hjarta Grjótaþorpsins og þar mun ríkja andblær liðins tíma í bland við margradda orðlistir samtímans. Tilraunamennska, nýsköpun og fjölbreytt miðlun einkenna samtal menningarstofnanna við sífellt fjölbreytilegri hóp heimamanna og gesta, sérstakar borgarhátíðir verða valdar sem lykilviðburðir í litríkri hátíðaflóru Reykjavíkur og gamalgróið atvinnuhúsnæði á Grandanum umbreytist í ögrandi miðstöð myndlista í Marshallhúsinu. Í ferðamálunum er eitt brýnasta verkefnið að gæta þess að sérstaða Reykjavíkur sem áfangastaðar dofni ekki og leita ásamt ferðaþjónustunni að gullnu jafnvægi á milli gestafjölda og innviða í víðasta skilningi.

Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlanir sem þeim fylgja. Þær mynda forgangsröðun í verkefnum næsta árs og eru forsenda langtímaáætlana til ársins 2021. Aðgerðaráætlun menningarstefnunnar 2014-2020 ,,Menning er mannréttindi" var uppfærð fyrir árið 2016 og er enn í gildi fyrir árið 2017. Aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar 2011 - 2020 ,,Styrkar stoðir" vegna ársins 2017 er á lokametrunum, en drögin skiptast í fimm flokka, þ.e. forgangsaðgerðir og sérstakar aðgerðir undir stoðunum fjórum, Menningarborgin, Vetrarborgin, Heilsuborgin og Ráðstefnuborgin.

Listasafn Reykjavíkur, Borgarbókasafn Reykjavíkur – menningarhús og Borgarsögusafn Reykjavíkur vinna nú öll eftir nýrri stefnumótun sem tekur mið af þeim miklu breytingum sem markað hafa starfsemi þeirra síðustu misserin.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málaflokknum. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna. Launakostnaður nemur 26% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 21%. Reiknaðar eru 3,9% vísitölubætur á breytilegan kostnað fyrir árið 2017 og er þessi breyting á forsendum úthlutunar ramma afar ánægjuleg þar sem stofnanir sviðsins hafa þurft að skera verulega niður og fjármagna starfsemina í sívaxandi mæli með sértekjum sem munu á árinu 2017 nema 26% af rekstri þeirra. Hagræðingarkrafa er þó áfram gerð á árinu 2017 en vegna samfelldra hagræðingaraðgerða á undanförnum árum verður óneitanlega sífellt meiri áskorun að takast á við það viðfangsefni án skerðingar á þjónustu.

Breytingar á gjaldskrám stofnana taka annars vegar mið af forsendum fjárhagsáætlunar um vísitöluhækkanir, en hins vegar er sviðið með skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því meðal annars að hækka einskiptis aðgang og fjölga fullborgandi gestum. Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur vaxi um 31% frá áætlun ársins 2016 og vegur þar Borgarsögusafn þyngst með ráðgerða 47% hlutdeild af tekjum sem stofnanirnar afla. Áfram er lögð rík áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur sem og að efla og auka framboð á sértækum menningarvörum innan safnbúða stofnana. Hins vegar verður áfram haft að leiðarljósi að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur og má þar nefna Menningarkort Reykjavíkur sem er frábær kostur fyrir þá sem eru reglulegir gestir menningarstofnanna. Jafnframt stendur til að lækka aldursmörk borgandi gesta á stofnunum sviðsins úr 70 ára niður í 67 ára.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun hjá sviðinu heldur áfram að þróast og endurspeglar m.a. áherslu á að ná betur til drengja í gegnum starfsemi menningarstofnana borgarinnar, mæla samsetningu og viðhorf gesta stofnananna eftir kynjum og vekja athygli helstu styrkþega á mikilvægi þess að hafa kynjuð sjónarmið að leiðarljósi við ákvarðanatöku og forgangsröðun.

Á árinu 2017 verður um 50% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja og samstarfssamninga en um 45% af fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Stofnanir sviðsins og miðlæg starfsemi

Eftir umfangsmiklar og árangursríkar skipulagsbreytingar og sameiningar stofnana eru stofnanir sviðsins nú fjórar: Borgarbókasafn – menningarhús, Borgarsögusafn (Sjóminjasafn, Árbæjarsafn, Landnámssýning, Ljósmyndasafn og Viðey), Listasafn Reykjavíkur (Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn) og Höfuðborgarstofa.

Kjarni starfseminnar á næsta ári er aukin fagmennska í innra og ytra starfi, hagkvæmari rekstur og sterkari tekjugrunnur, öflug þjónusta með afgerandi skírskotun til borgarbúa og gesta. Síaukinn ferðamannastraumur, rafræna byltingin, hverfistengdar áherslur, breytingar á miðborginni og fjölbreyttari samsetning borgarbúa leiða af sér nýjar áskoranir og verkefni. Farið verður að taka gjald fyrir aðgang að Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem m.a. mun nýta tekjurnar fyrir rafræna miðlun og endurhönnun móttöku og safnabúðar. Markaðssókn á netinu og samfélagsmiðlun eflist til muna hjá öllum stofnunum. Rafræn útlán hefjast á Borgarbókasafni um áramót og Upplýsingamiðstöð ferðamanna flyst úr Geysishúsi í Ráðhúsið, þangað sem skrifstofur sviðsins og Höfuðborgarstofu fluttu nýlega. Gröndalshús – menningarsöguleg perla í Grjótaþorpi - verður opnað á fyrri hluta ársins. Bókmenntaborg UNESCO mun sjá um rekstur hússins og nýtur góðs samstarfs við Icelandair Group, Borgarsögusafn og Borgarbókasafn – menningarhús.

Í nýrri aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkur eru sett í forgang verkefni tengd markaðssetningu, innviðum, gæðum og skipulagi áfangastaðarins; móttöku gesta, samstarfi og þróun ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Ein af forgangsaðgerðunum er að vinna að því að sveitarfélög fái eðlilega og sanngjarna hlutdeild í beinum skatttekjum hins opinbera af ferðaþjónustu.

Áhersla er lögð á að efla starfsemi stofnana sviðsins á næstu árum auk þess að byggja Reykjavík upp sem bókmenntaborg UNESCO. Þvert á stofnanir verður unnið að því að styrkja barnamenningu og menningaruppeldi, samstarf að nýsköpunarverkefnum, þróun og innleiðingu nýrrar miðlunartækni, eflingu safnbúða, frekari tekjumyndun og jákvætt starfsumhverfi.

## Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins



Tímamót verða í listalífi borgarinnar með tilkomu Marshallhússins sem verður opnað endurgert í byrjun febrúar á Grandanum. Grandi ehf sá um nauðsynlegar breytingar á húsinu sem Reykjavíkurborg framleigir að hluta til Nýlistasafnsins, Kling & Bang og i8 Gallerí og Stúdíó Reykjavík, sem myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson tengist. Marshall verður myndarlistamiðstöð; sýninga- og verkefnarými fyrir þessa lykilaðila í myndlistarlífinu. En á neðstu hæð verða matsölustaður, bókabúð og annað almenningsrými. Annað skemmtilegt nýmæli í borginni er fyrirhugað Pönksafn að Bankastræti 0, en Núllið hefur verið útibú frá Nýlistasafninu síðustu ár auk aðseturs þess í Breiðholtinu. Þá hefur Hönnunarmiðstöð flutt starfsemi sína að Aðalstræti 2 og mun með stuðningi borgarinnar efla ímynd skapandi miðborgar og styrkja stöðu hönnunar í hjarta Reykjavíkur.

Hæstu framlög í menningarmálum renna sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi skv. uppfærðum samningi fyrir árin 2016 – 2018, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu en sérstakt rekstrarframlag til hússins fellur niður. Jafnframt njóta Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum og fleiri sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja. Að auki eru þær breytingar á fyrirkomulagi styrkveitinga að Bíó Paradís og Marshallhús (Nýlistasafnið, Kling & Bang) ásamt Hönnunarmiðstöð verða sérstakir kostnaðarstaðir á fjárhagsáætlun til viðbótar við önnur menningarhús sem þar eru fyrir og flytjast þar með úr almennu styrkjaferli. Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Í stað Borgarhátíðasjóðs er auglýst eftir umsækjendum um að fá viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2017 – 2019. Nokkrar lykilhátíðir sem uppfylla skilyrði fá sérstakan samning til þriggja ára. Í stað Tónlistarhóps Reykjavíkur verður valinn Listhópur Reykjavíkur úr hvaða listgrein sem er. Að auki eru sérstakir styrkir veittir til myndríkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík. Þá útnefnir ráðið einnig Borgarlistamann Reykjavíkurborgar og veitir Bókmenntaverðlaun Tómasar

Guðmundssonar. Við úthlutun styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, aðgerðaráætlun byggð á henni og verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs sem það endurskoðaði ítarlega fyrir árið 2017.

## Börn og menningaruppeldi



Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Þeirri áherslu er fylgt eftir með ýmsum aðgerðum í aðgerðaráætlun. Menningarstofnanir borgarinnar gera árlega fræðsluáætlun og er það í sérstökum ákvæðum í samstarfssamningum að samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja eru hvattir til að vinna fræðsluáætlun ætlaða börnum. Sérstakt framlag er veitt til sértækra aðgerða á sviði barnamenningar og listuppeldis barna. Því framlagi er varið til að auka möguleika til þátttöku og virkni barna á stofnunum með sérstöku tilliti til kynjajafnréttis og unglinga í kjölfar kannana á viðhorfum þessara gesta menningarstofnananna. Safnfræðslufólk á menningarstofnununum hefur einnig þróað ný verkefni sem starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta fengið heim.

Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglast á margvíslegan hátt hjá menningarstofnununum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna hans er umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophiliu, Menningarfána Reykjavíkurborgar, kynning, fræðsla og hvatning um menningarframboð og menningaruppeldi í skólaumhverfinu. Leitast er við að sinna vel menningunni í hverfum. Í fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs er árlega veitt framlag á sérstökum kostnaðarstað vegna tengsla skóla og menningarstofnanna þ.á.m. vegna aksturs skólabarna á menningarstofnanir til að njóta skipulagðrar fræðslu.

## Reykjavík - Bókmenntaborg UNESCO



Bókmenntaborgin Reykjavík fagnaði fimm ára afmæli haustið 2016 og hefur þessi menningarskrifstofa á sviði orðlistar auðgað bókmenntalífið í höfuðborginni á fyrstu starfsárum sínum svo tekið hefur verið eftir. Lestrarhátíð í Bókmenntaborg er fastur liður í hátíðaflóru borgarinnar og sker hún sig úr öðrum hátíðum þar sem hún stendur yfir í heilan mánuð en hátíðin hefur verið verðlaunuð sem framúrskarandi verkefni á sviði lestrarhvatningar. Bókmenntaborgin mun halda áfram að þróa þetta flaggskip sitt en 2017 verður lögð áhersla á þátttöku lesenda og notkun nýmiðla með það fyrir augum að ná til nýrra hópa.

Sleipnir, lestrarfélagi barnanna, heldur áfram flugi sínu á árinu. Leikskólabörnum verður boðið að hitta þennan skemmtilega félaga í lestrarstundum á Borgarbókasafni, leikskólar fá bókina um hann til eignar og fylgiefni sem Bókmenntaborgin hefur framleitt fyrir kennara. Markmiðið er að öll leikskólabörn í Reykjavík eigi þess kost að kynnast Sleipni áður en þau hefja grunnskólagöngu. Á árinu verður einnig hafin vinna við hönnun og framleiðslu á tuskudýrinu Sleipni og alþjóðlegur vefur um ferðir Sleipnis opnar í samstarfi við Bókmenntaborgina Melbourne.

Bókmenntaborgin hefur nýtt skeið á sjötta starfsári sínu þegar Gröndalshús verður tekið í notkun. Þetta fyrrum heimili Benedikts Gröndals í hjarta Grjótaþorpsins verður fyrsta rithöfundahúsið sem verður starfrækt sem safn og viðburðahús fyrir almenning í höfuðborginni. Sýning til heiðurs Gröndal verður opnuð á árinu á aðalhæð hússins og í apríl verður íbúð tekin í notkun í kjallara þess sem verður rekin sem gestaíbúð fyrir rithöfunda hluta úr ári. Gröndalshús verður rekið í samstarfi við Icelandair Hotel Reykjavik Marina samkvæmt þriggja ára samningi milli Icelandair Group og Bókmenntaborgarinnar sem var undirritaður vorið 2016. Gestaíbúðin opnar nýja möguleika á samstarfi við aðrar Bókmenntaborgir UNESCO sem verða kannaðir á árinu.

Bókamessa í Bókmenntaborg, sem Bókmenntaborgin stendur fyrir í samvinnu við Félag íslenskra bókaútgefenda, fékk nýtt heimili í árslok 2016 þegar hún flutti úr Ráðhúsinu í Hörpu. Var þetta gert vegna komu Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Ráðhúsið og breytts hlutverks Tjarnarsals. Gerður var þriggja ára samningur við Hörpu síðla árs 2016 og verður messan því

haldin í Hörpu í annað sinn í nóvember 2017. Annað mikilvægt samstarfsverkefni er Allir lesa – landsleikur í lestri, sem Bókmenntaborgin og Miðstöð íslenskra bókmennta, standa að í sameiningu. Sú nýbreytni verður árið 2017 að nú verður boðið upp á einstaklingskeppni auk liðakeppni.

Grasrótarstarf verður stutt eins og áður með áherslu á unga orðlistamenn, nýbreytni og fjölmenningu í víðum skilningi.

Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO sem sífellt færist í aukana og öðrum alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist. Þar er sérstaklega horft til þeirra markmiða sem sett eru fram í leiðarljósi UNESCO Creative Cities Network sem og í öðru starfi Bókmenntaborgarinnar.

## Borgarbókasafnið | Menningarhús




Meðal meginmarkmiða almenningsbókasafna er að jafna aðgengi fólks að menningu og þekkingu. Aðgengi af ýmsum toga verður meginstef í starfsemi Borgarbókasafnsins árið 2017.

Almenningsbókasöfn víða um heim eru leiðandi í tilraunum um opinn og jafnan aðgang að nútíma tækni og tækjabúnaði. Tæknilæsi mun verða einn af mikilvægustu þáttum í menntun barna og fullorðinna í framtíðinni auk hugmyndafræði nýsköpunar sem nýtist á öllum sviðum. Hlutverk nútímabókasafna hefur þróast yfir í að vera skapandi samverurými sem styður þekkingaröflun. Hér er lykilatriði að stuðla einnig að stafrænu læsi og miðla nýrri tækni, hugmyndum, færni og þekkingu. Það felst sjálfstyrking í að læra og sjá heiminn í nýju ljósi og það á við um alla aldurshópa.

Borgarbókasafnið hefur um nokkurra mánaða skeið verið að undirbúa þróun þjónustu sem kallast Tilraunaverkstæðið. Tilraunaverkstæði eða „Makerspaces“ er í raun aðgangur að opnu rými þar sem gestir fá tækifæri til að prófa sig áfram, skapa og finna upp á nýjum hlutum. Þau er ekki eingöngu hugsuð fyrir börn, heldur geta þau orðið mikilvæg fyrir breiðan hóp fólks sem annars hefur ekki tækifæri til að öðlast slíka þekkingu. Áfram verður haldið á þessari braut árið 2017 með fyrirlestrum um tækni, forritunarnámskeiðum, námskeiðum í minecraft og app-bókum með áherslu á gagnvirka lestrarupplifun fyrir börn svo eitthvað sé nefnt.

Aðgengi að fjölbreyttum safnkosti er lífæð almenningsbókasafna. Árið 2017 verður lögð sérstök áhersla á tungumál og fjölmenningu og leitast við að auka úrval bóka á öðrum tungumálum en íslensku og ensku.

Rafræn þjónusta skipar veglegan sess í starfsáætlun ársins 2017 en um mitt ár 2016 var hafist handa við að endurhanna viðmót vefseturs Borgarbókasafns með það fyrir augum að auðvelda aðgengi notenda að þjónustu safnsins.

Rafræn útlán á bæði raf- og hljóðbókum hefjast snemma árs 2017. Í fyrstu verður rafrænn bókakostur að mestu á ensku en gert er ráð fyrir að smám saman bætist við bækur á öðrum tungumálum svo og á íslensku. Aðgengi að tónlist eykst einnig en á haustmánuðum 2016 opnar safnið fyrir tónlistarveitu sem gerir lánþegum kleift að nálgast klassíska tónlist ásamt heimstónlist í gegnum vefi safnsins.

Síðla árs 2016 lýkur gerð þjónustustefnu fyrir safnið og mun starf ársins 2017 litast mjög af þeirri stefnu og þeim breytingum á starfsemi safnsins sem hún felur í sér. Þátttaka notenda og starfsmanna við gerð stefnunnar er afar mikilvæg og mun áfram haldið á þeirri braut að spyrja notendur þjónustu Borgarbókasafns álits.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur



Markmið safnsins er að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, jafnt innlendar sem erlendar, á öllum starfsstöðvum safnsins og eiga í lifandi samtali við samtímann í borginni. Ein meginársherslan í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt stendur safnið fyrir fjölbreyttri miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Stærsta verkefni safnsins sem nær til allrar starfsemi þess er ný grunnsýning á Sjóminjasafninu, en áætlað er að hún verði opnuð vorið 2018.

Unnið verður áfram að eflingu rekstrar og starfsemi Borgarsögusafns Reykjavíkur. Þá verður sérstaklega rýnt í þá þjónustuþætti sem í boði eru og skerpt frekar á þjónustustefnu safnsins. Þá er markmiðið að lengja opnunartíma Árbæjarsafns sérstaklega í maí og september til að koma til móts við fjölgun ferðamanna og áhuga innlendra gesta á starfsemi Árbæjarsafns. Fylgt verður eftir vinnu um vörumerkjastefnu („branding“) safnsins og allt útlit kynningarefnis aðlagað niðurstöðum þeirrar vinnu. Endurbætt verður rými á jarðhæð Sjóminjasafnsins bryggjusal, miðasölu og safnbúð í tengslum við vinnu á grunnsýningu safnsins. Nýmæli verður í rekstri Ljósmyndasafns Reykjavíkur með gjaldtöku gesta fyrir sýningar og jafnframt unnið að endurbótum á safnbúðinni og miðasölu. Safnið tekur einnig þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15.

Áhersla á sjóminjar verður ríkjandi í rannsóknum á árinu vegna undirbúnings nýrrar grunnsýningar Sjóminjasafns. Mikil undirbúnings- og rannsóknarvinna mun eiga sér stað; farið verður í heimildaöflun, fundnir til gripir og ljósmyndir sem tengjast íslenskum sjávarútvegi skannaðar. Áframhaldandi uppgröftur verður á bæjarstæði Árbæjar. Í ljós hefur komið að mun eldri byggð er að finna á bæjarstæðinu en talið var, eða frá 10.-11. öld. Áfram verður stefnt á að gera minjarnar sýnilegar gestum Árbæjarsafns og tengja þá fræðslustarfsemi safnsins.

Unnin verður byggðakönnun (húsakönnun og fornleifaskráning) vegna deiliskipulags á svæðinu Ártúnshöfða-Elliðaárvogi. Áframhaldandi vinna verður vegna hverfisskipulags, þ.e. skráning og rannsóknir á fornleifum og byggð í borgarhluta 1 - Vesturbæ. Gerðar verða byggða- eða húsakannanir vegna deiliskipulagsgerðar í grónum hverfum. Umsagnir um hús og skipulagsmál verða sem áður unnar að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs. Fornleifaúttektir eru gerðar áður en til framkvæmda kemur í áður deiliskipulögðum hverfum.

Í sýningar- og fræðslustarfi verður viðhaldið þeirri fjölbreyttu dagskrá sem í boði hefur verið fyrir börn og fjölskyldur – jafnt innlendar sem erlendar – á öllum starfsstöðvum safnsins auk þess að vinna nýtt efni. Borgarsögusafn er margbreytilegur námsvettvangur sem býður upp á 26 fræðslutilboð fyrir yngri nemendur og 18 heimsóknarmöguleika fyrir eldri nemendur. Lögð verður áhersla á að auðvelda safngestum, kennurum á fjórum skólastigum, almenningi og ferðamönnum að bóka heimsóknir í eitt safn sem starfar á fimm stöðum. Er það m.a. gert með því að endurbæta og samræma fræðsluframboð á prenti og á neti auk þess að rýna í aðferðir og innra starf á ólíkum stöðum. Þetta er liður í því að bæta faglega nálgun í fræðslumálum safnsins. Áhersla verður lögð á að gera safnfræðsluna sýnilegri, öflugri og að auka vægi þátttöku og sköpunar í fræðslustarfi safnsins.

Stærsta sýningarverkefni Borgarsögusafns er áframhaldandi vinna að nýrri grunnsýningu á Sjóminjasafninu. Á fyrrihluta ársins 2017 lýkur hönnun sýningarinnar í samstarfi við hollenska hönnunarfyrirtækið *Kossman.Dejong*. Allt kapp verður lagt á að afla nægilegs fjár til þess að sýningin geti orðið að veruleika, en hún er mikilvægur liður í því að byggja Sjóminjasafnið enn frekar upp og tryggja sérstöðu þess sem mikilvægs áfangastaðar í miðborg Reykjavíkur, bæði fyrir íbúa borgarinnar og alla gesti.

Þrjár stórar sýningar verða í Ljósmyndasafninu. Árið hefst með sýningu á myndum Jóhönnu Ólafsdóttur ljósmyndara en sumarsýning safnsins er samsýning félaga íslenskrar samtímaljósmyndara (FÍSL). Árinu lýkur svo með sýningu breska ljósmyndarans Jack Latham *Sugar Paper Theories* sem fjallar um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu.



Árbæjarsafn heldur upp á 60 ára afmæli árið 2017. Blásið verður til afmælishátíðar í ágúst og Reykvíkingum boðið. Þá verður opnuð ný sýning í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi. Haldið verður áfram að varpa ljósi á sögu garðræktar í Reykjavík með því að skapa safnhúsunum viðeigandi umhverfi, bæði er varðar hönnun garða og girðinga og plöntuvali. Á Landnámssýningunni er gert ráð fyrir að opna sýningu í hliðarsal á vordögum þar sem fræðin sjálf, fornleifafræði, verða í forgrunni. Unnið verður að gerð sýningar í skólahúsinu í Viðey um sögu, náttúru og menningu eyjunnar.

Viðburðir um helgar verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Árvissir viðburðir tengdir Friðarsúlunni verða í Viðey en árið 2017 eru 10 ár frá því að kveikt var á henni fyrst. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár.

## Höfuðborgarstofa



Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika borgarinnar á því sviði. Áfram verður unnið eftir grunnstoðunum fjórum í ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar, að borgin sé vetrarborg, menningarborg, heilsuborg og ráðstefnuborg.

Vöxtur í ferðaþjónustu heldur áfram að vera mikill á árinu 2017 og verður aukin áhersla lögð á að að takast á við þá fjölgun í sem bestri sátt við þá sem í borginni búa. Í því felst aukið samtal og samráð við íbúa, rekstraraðila og þá sem í greininni starfa. Um leið verður lögð áhersla á að vinna því framgang að Reykjavík fái sanngjarnan hlut í tekjum af ferðaþjónustu til að standa straum af kostnaði. Höfuðborgarstofa mun starfa náið með Stjórnstöð ferðamála og öðrum hagaðilum að gerð svæðisáætlana fyrir uppbyggingu innviða og vinna sviðsmyndir fyrir áfangastaðinn Reykjavík með það að markmiði að meta tækifæri og áskoranir og hvernig best sé hægt að taka á móti þeim fjölda sem sækir borgina heim.

Eitt af stóru verkefnum Höfuðborgarstofu á árinu 2017 er að byggja upp starfssemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á nýjum stað í Ráðhúsinu. Reykjavík loves vörumerkið (Rl) verður eflt enn frekar á árinu og verður t.d. öll umgjörð Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á nýjum stað með slíkum merkingum. Áhersla verður lögð á að efla markaðssamstarf Höfuðborgarstofu og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum (Rl). Þar undir fellur áframhaldandi þróun á þemabæklingum þar sem afþreying og menning á höfuðborgarsvæðinu er gerð aðgengileg ferðamönnum. Gefinn verður út áfangastaðarbæklingur þar sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og áherslur þeirra verða kynntar sérstaklega. Á árinu verða framleidd stutt kynningarmyndbönd sem tengjast þemabæklingunum. Þannig verður gert myndband um hátíðaborgina Reykjavík og menningarborgina Reykjavík. Áfram verður lögð áhersla á þróun varnings undir merkjum (Rl) sem m.a. verður seldur í Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Höfuðborgarstofa leggur enn fremur áherslu á samstarf í markaðsmálum við þær stofnanir Reykjavíkur sem bjóða upp á þjónustu við ferðamenn. (Rl). Að öðru leyti birtast helstu markaðsáherslur Reykjavíkurborgar í ferðaþjónustu í öflugri aðild borgarinnar að Ráðstefnuborginni Meet in Reykjavík.

Vefsíðan visitreykjavik.is hefur verið í stöðugri þróun en ráðgert er að opna uppfærða síðu í maí 2017 þar sem upplýsingar um þjónustu og afþreyingu í borginni verða enn aðgengilegri fyrir ferðamanninn. Þá verður áfram lögð áhersla á að kynna borgina og vörumerkið (Rl) á samfélagsmiðlum Höfuðborgarstofu en fylgjendum á þeim hefur fjölgað gríðarlega síðustu misseri.

Höfuðborgarstofa mun áfram leggja mikla áherslu á samstarf borgarhátíðanna sem hún skipuleggur þ.e. Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, Tendrun Friðarsúlunnar og Aðventuhátíð, við stofnanir og fyrirtæki í borginni. Höfuðborgarstofa hefur verið leiðandi í því að búa til samráðsvettvang fyrir aðrar stærstu hátíðir borgarinnar og mun sá vettvangur verða þróaður áfram. Viðburðarstefna verður mótuð á árinu og markviss græn skref í viðburðarhaldi verða tekin á árinu 2017. Sala og markaðssetning á Gestakortinu verður áfram áherslumál hjá Höfuðborgarstofu. Rafvæðing kortsins er enn í ferli og stefnt er að því að skoða fleiri möguleika og lausnir í þeim efnum.

## Listasafn Reykjavíkur



Á starfsárinu 2017 verða fjölbreyttar sýningar í safnhúsum Listasafns Reykjavíkur. Safnið er vettvangur sögulegrar myndlistar jafnt sem nýrrar og bregst ekki því hlutverki sínu að ögra og fræða um samhengi myndlistar og markmið listamanna með verkum sínum. Á árinu 2017 verður rík áhersla á að efla þjónustu safnsins við fjölbreytta hópa og hugað að þörfum gesta á öllum aldri og með ólíkar þarfir, jafnt innlendra sem erlendra. Sérstakur gaumur verður gefinn að netinu og nýmiðlun. Fjölgun erlendra ferðamanna til landsins hefur ekki skilað sér nægilega vel í safnið og er ljóst að þar eru sóknarfæri. Því verði ráðist í markaðssókn á netinu og aukna notkun samfélagsmiðla. Þróunin er gríðarlega hröð á þessum sviðum og þarfnast stöðugrar eftirfylgni.

Stefnt er að því að efla miðlun og fræðslu á árinu 2017. Þar sér safnið ýmsar leiðir til vaxtar með markvissum aðgerðum. Boðið verður upp á fjölbreytt fræðslutækifæri og vandaða upplýsingargjöf með það að markmiði að auka almennan áhuga á sýningum safnsins. Sérstaklega verði hugað að samþættingu nýmiðlunar, fræðslu- og markaðsstarfs með það að markmiði að tengja nýja hópa við safnið. Byggt verður á starfi undanfarinna ára þar sem margt hefur gengið vel og fest sig í sessi m.a. allt starf sem snýr að börnum og fjölskyldum. Þar eygir safnið möguleika til áframhaldandi mótunar til dæmis með reglulegum kynningum og námskeiðum. Stefnt er að því að nýta bókasafnsrými Hafnarhúss markvissar til miðlunar. Með fjölbreyttum hætti verður þeirri þekkingu sem til verður í tengslum við sýningar komið á framfæri, sem og þeirri uppsöfnuðu reynslu og rannsóknum sem safnastarfið býr yfir. Samfélagsmiðlar og stuttar kynningar verða meðal annars nýttar til þessa. Til viðbótar við listamanna- og sýningarstjóraspjall sem hefur fest sig í sessi er fyrirhugað að sýningum fylgi dýpri leiðsögn þar sem leitast verður við að setja verk í samhengi við alþjóðlega listasögu og fræðaheim. Gerð verður tilraun til námskeiðahalds fyrir fullorðna samhliða viðamiklum sýningum þar sem hlutirnir verða skoðaðir frá ólíkum sjónarhornum og þátttakendum býðst innsýn í mótun verkefna. Hluta árs 2016 var reglulega boðið upp á leiðsögn um sýningar á ensku og verður því framhaldið yfir allt árið 2017 auk þess sem áfram verður boðið upp á viðburði á pólsku. Á árinu 2017 verða gerðar tilraunir um sérleiðsagnir fyrir ólíka hópa, s.s. kerrumorgnar, eldri borgara kaffi, unglingaleiðsögn, o.s.frv.



Áhersla verður á að ljúka rannsóknarverkefni og útgáfu bókar um Ásmund Sveinsson í samvinnu við fræðimenn og rithöfunda. Megintexta bókarinnar ritar Kristín Guðnadóttir listfræðingur. Samhliða útgáfunni verður opnuð yfirlitssýning á verkum Ásmundar. Jafnframt verða merkingar í garði safnsins bættar og upplýsingar um listamanninn og safnhúsið gerðar aðgengilegar utandyra. Á árinu verður hafist handa við að bæta merkingar útilistaverka. Unnið verður að rannsóknum að heimildasafni um Magnús Pálsson og jafnfram að þverfaglegu rannsóknarverkefni sem leggur drög að sýningu árið 2018. Í safnhúsunum þremur verða sýningar þar sem safneigninni eru gerð skil með verkum Ásmundar Sveinssonar, Errós og Kjarvals en þar að auki verður sýningaröð þar sem sýnd eru myndbandsverk úr safneign. Á Kjarvalsstöðum verður yfirlitssýning á verkum myndlistarkonunnar Önnu Líndal sem hefur á undanförnum 30 árum fengist við fjölbreytta miðla og viðfangsefni sem endurspegla meginstrauma samtímalistarinnar. Sýningunni verður fylgt úr hlaði með útgáfu. Á árinu 2017 eru verk innlendra listamanna í forgrunni í Hafnarhúsi en þar ber hæst sýning á verkum Ragnars Kjartanssonar í öllum sölum safnsins. Ragnar hefur á undanförnum árum vakið heimsathygli og er því mikill fengur í því að sýna verk hans í Reykjavík. Í A-sal Hafnarhúss verða einkasýningar á nýjum verkum eftir Ilmi Stefánsdóttur og Finnboga Péturssyni. Á haustdögum verður sýningin Stór-Ísland þar sem sýnd verða verk samtímalistamanna úr hópi nýrra Íslendinga. Áfram verða sýnd í D-sal Hafnarhúss verk listamanna með skamman feril að baki.

# KYNJUÐ FJÁRHAGS– OG STARFSÁÆTLUN

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á Menningar- og ferðamálasviði hóf störf vorið 2013. Fyrsta verkefni hans var að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar. Skýrslu var skilað í ágúst 2014 og hefur starfshópur sviðsins um barnamenningu hana til hliðsjónar í störfum sínum. Næsta verkefni KFS-starfshópsins var að safna og kortleggja þau kyngreindu gögn sem til eru um fullorðna gesti sem nýta þjónustu stofnana sviðsins og kanna hvað megi betur fara í skráningu og varðveislu gagna. Niðurstaða skýrslu starfshópsins í febrúar 2015 var að konur nýta sér þjónustuna frekar en karlar. Skýrslan hefur verið kynnt meðal starfsmanna á sviðinu og tekið tillit til niðurstaðna hennar en haustið 2016 munu starfshópar á stofnunum sviðsins taka hana upp til frekari rýningar. Í tengslum við þessar kannanir hafa verið hafnar úrbætur á skráningu kyngreindra gagna. Árið 2016 var gerð viðhorfskönnun meðal barna í fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um opnunarviðburð Barnamenningarhátíðar og í samvinnu við Háskóla Íslands var gerð könnun á kynjasamþættingu í sýningarskrá Listasafns Reykjavíkur. Skýrslum um þetta var skilað í ágúst 2016 og þá var einnig skilað kyngreindum upplýsingum frá helstu samstarfsaðilum Menningar- og ferðamálasviðs sem njóta menningarstyrkja. Þá liggur fyrir að greina upplifun, viðhorf og hegðun ferðamanna í Reykjavík eftir kynjum út frá brottfararkönnunum sl. 5 ár. Á árinu 2017 er stefnt að því að rýna þessar skýrslur frekar og hefja vinnu við úrbætur eftir því sem þær gefa tilefni til.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2013 | Raun 2014 | Raun 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Bókmenntaborg UNESCO** | | | | | |
| Alþjóðleg samstarfsverkefni | | 5 | 6 | 13 | 4 |
| Þátttaka leikskóla í Lestrarhátíð | | 34% | 14% | 50% | 60% |
| Þátttaka grunnskóla í Lestrarhátíð | | 70% | 100% | 100% | 100% |
| Vitund almennings um Lestrarhátíð | | 64% | 33% | 50% | 60% |
| **Borgarbókasafn Reykjavíkur *** | | | | | |
| Gestafjöldi - heildartala | 626.015 | 598.900 | 684.661 | 620.800 | 642.500 |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 10.679 | 13.204 | 11.150 | 12.300 | 12.800 |
| Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur | 56 | 62 | 120 | 125 | 110 |
| Fjöldi heimsókna á vefi BBS | 223.781 | 186.839 | 206.740 | 210.000 | 220.000 |
| Fjöldi uppflettinga á vefi BBS | 619.536 | 482.586 | 510.083 | 535.000 | 540.000 |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | | | 5 | 1 | 1 |
| Samstarfsaðilar | | | 65 | 61 | 61 |
| Safnkostur | 459.260 | 466.682 | 465.303 | 440.000 | 440.000 |
| Safnkostur á íbúa | 3,78 | 3,85 | 3,82 | 3,59 | 3,59 |
| Velta safnkosts-útlán á eintak | 2,00 | 1,83 | 1,79 | 1,66 | 1,71 |
| Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó | 6.622 | 7.222 | 9.122 | 9.122 | 9.122 |
| Útlán | 916.037 | 853.128 | 832.782 | 732.400 | 753.500 |
| Bókin heim (fjöldi notenda) | 63 | 49 | 39 | 42 | 55 |
| Útlán á íbúa | 8 | 7 | 7 | 6 | 6 |
| **Menningarmiðstöðin Gerðubergi *** | | | | | |
| Gestafjöldi | 106.292 | 102.652 | | | |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 3.404 | 2.829 | | | |
| Fjöldi viðburða | 71 | 81 | | | |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 1 | 0 | | | |
| Samstarfsaðilar | 36 | 34 | | | |
| **Borgarsögusafn Reykjavíkur**** | | | | | |
| Gestafjöldi - heildartala | | | 216.676 | 223.700 | 216.200 |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | | | 21.635 | 18.800 | 18.800 |
| Fjöldi viðburða | | | 93 | 100 | 95 |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | | | 17 | 10 | 10 |
| Fjöldi innlita á heimasíðu | | | 179.472 | 120.000 | 123.000 |
| Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins | | | 51 | 50 | 50 |
| Fjöldi útgáfuverka | | | 3 | 6 | 4 |
| Fjöldi afgreiddra mynda | | | 1.168 | 2.500 | 2.500 |
| Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík | | | 3.022 | 3.220 | 3.300 |
| Fjöldi skráðra safngripa í Sarp | | | 27.353 | 28.300 | 29.000 |
| Fjöldi skráðra ljósmynda | | | 1.350.000 | 1.400.000 | 1.500.000 |
| Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá | | | 6.821 | 2.860 | 2.960 |

* 2015 sameinast Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Borgarbókasafn Reykjavíkur

**Borgarsögusafn tók til starfa 1.6.2014 og stendur saman af Minjasafni, Ljósmyndasafni, Viðey og Sjóminjasafni

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | Raun 2013 | Raun 2014 | Raun 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ljósmyndasafn Reykjavíkur** | | | | | |
| Gestafjöldi | 35.247 | 49.398 | | | |
| Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum | 803 | 1.228 | | | |
| Fjöldi viðburða | 24 | 24 | | | |
| Fjöldi afgreiddra mynda | 2.011 | 2.583 | | | |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 16 | 12 | | | |
| Fjöldi innlita á heimasíðu | 31.520 | 35.382 | | | |
| Fjöldi skráðra ljósmynda | 881.000 | 1.200.000 | | | |
| **Minjasafn Reykjavíkur** | | | | | |
| Gestafjöldi | 71.414 | 86.044 | | | |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 11.979 | 12.261 | | | |
| Fjöldi viðburða | 48 | 46 | | | |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 1 | 1 | | | |
| Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins | 43 | 43 | | | |
| Fjöldi útgáfuverka | 5 | 6 | | | |
| Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík | 2.675 | 2.944 | | | |
| Fjöldi skráðra safngripa í Sarp | 26.764 | 25.920 | | | |
| **Viðey** | | | | | |
| Gestafjöldi með Viðeyjarferju | 22.302 | 23.203 | | | |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 2.415 | 2.592 | | | |
| Fjöldi viðburða | 23 | 23 | | | |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 2 | 2 | | | |
| **Sjóminjasafnið - frá 1.6.2014** | | | | | |
| Gestafjöldi | | 34.542 | | | |
| **Höfuðborgarstofa** | | | | | |
| Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð | 299.088 | 337.676 | 370.930 | 450.000 | 480.000 |
| Hlutfall landsmanna sem eru jákvæðir í garð Menningarnætur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.menningarnott.is (vikutímabil)*** | 57.948 | 65.935 | 60.000 | 65.456 | 66.000 |
| Sala á gestakorti (fjöldi korta) | 8.267 | 11.631 | 12.506 | 15.000 | 17.000 |
| Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi | 807.349 | 997.556 | 1.299.796 | 1.800.000 | 2.300.000 |
| Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is | 636.133 | 681.437 | 873.655 | 1.200.000 | 1.500.000 |
| **Listasafn Reykjavíkur** | | | | | |
| Gestafjöldi | 203.053 | 200.573 | 231.347 | 230.000 | 245.000 |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 13.090 | 13.320 | 13.470 | 13.000 | 13.000 |
| Fjöldi viðburða | 119 | 130 | 139 | 150 | 150 |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 8 | 8 | 3 | 5 | 3 |
| Fjöldi heimsókna á vefsvæði | 80.718 | 114.944 | 125.923 | 135.000 | 150.000 |
| Útlán listaverka | 598 | 570 | 543 | 500 | 500 |
| Fjöldi útgáfuverka | 14 | 12 | 14 | 12 | 15 |
| Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins | 16.778 | 16.920 | 16.939 | 17.020 | 17.040 |
| Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins **** | 157 | 183 | 181 | 183 | 183 |

*** 2015 Áætlaður fjöldi þar sem tæknilegir örðugleikar komu í veg fyrir talningu allan tímann

**** 2015 tvö skemmd verk tekin niður

# SKORKORT 2017

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Rauntölur 2015* | Áætlun 2016 | Markmið 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| Menningaruppeldi | Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur | 200 | 208 | 206 |
| | Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum | 46.255 | 45.200 | 44.600 |
| Höfðuborg menningar | Hlutfall jákvæðra vegna Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun | 68% | 75% | 73% |
| | Fjöldi fjölmenningartengdra verkefna og viðburða | 65 | 51 | 53 |
| | Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum | 84 | 71 | 68 |
| Eftirsóknarverður áfangastaður | Aðsókn að stofnunum sviðsins | 1.503.614 | 1.531.700 | 1.583.700 |
| | Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins | | 88% | 89% |
| | Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað | 35 | 30 | 28 |
| Nýsköpun | Nýmæli í starfsemi | 11 | 4 | 23 |
| **Fjármál** | | | | |
| Hagkvæm nýting og stýring fjármuna | Fjárhagsáætlun v/raun | -2,0% | 1% | 1% |
| Sterk kostnaðarvitund | Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest | 1.184 | 1.155 | 1.218 |
| Verðmætasköpun | Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði | 48 | 29 | 32 |
| | Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma | 21% | 21% | 26% |
| **Verklag** | | | | |
| Samstarf og samráð | Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | 42 | 27 | 30 |
| | Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku | 17 | 8 | 13 |
| Öflug miðlun upplýsinga | Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins | 1.418.851 | 1.530.000 | 2.026.200 |
| | Fjöldi fylgjenda á samfélagsmiðlum | 111.298 | 145.430 | 186.967 |
| | Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum | 4.322.591 | 4.237.000 | 4.327.000 |
| Gott aðgengi og almenn þáttaka | Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 91% | 89% | 91% |
| Hlúa að sögu og menningarminjum | Fjöldi rannsóknarverkefna | 26 | 15 | 16 |

# SKORKORT 2017, FRH.

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Rauntölur 2015* | Áætlun 2016 | Markmið 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Mannauður** | | | | |
| Hæfir og áhugasamir starfsmenn | Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið | 85% | 90% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna | 78% | 86% | 86% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtta í starfi | 71% | 85% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað | 83% | 90% | 90% |
| Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi | Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað | 68% | 80% | 80% |
| | Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum | 58% | 80% | 80% |
| | Hlutfall starfsmanna sem **ekki** hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum | 98% | 100% | 100% |
| Árangursríkir stjórnunarþættir | Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns | 75% | 90% | 88% |
| | Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað | 59% | 80% | 80% |
| | Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán. | 40% | 80% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum | 83% | 80% | 90% |

* Sjóminjasafn hluti af MOF 2015

| | |
|---|---|
| 95-100% markmiðum náð | (grænt) |
| 75 - <95% þarf að nást | (gult) |
| Minna en 75% markmiða náð | (rautt) |
| Ekki mælt á tímabilinu | |

# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

**LEIÐARLJÓS:**

**Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 4.089.966 |
| **Tekjur samtals** | **4.038.966** |
| Laun og launatengd gjöld | 30.498.150 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17.537.559 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **48.035.709** |
| **Rekstarniðurstaða** | **43.945.743** |

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 5.049 |
| Fjöldi stöðugilda | 3.958 |
| **Eftir skrifstofum (þjónustuþáttum)** | |
| Leikskólar* | 1.543 |
| Grunnskólar | 1.882 |
| Frístundamiðstöðvar | 434.8 |
| Námsflokkar Reykjavíkur | 5,5 |
| Skólahljómsveitir | 27,5 |
| Margmiðlunarver | 1 |
| Skrifstofa sviðsins | 67,5 |

*Unnið að endurmati vegna inntöku mars/apríl barna

## SKIPURIT




Fjárhagsáætlun sem er lögð hér fram fyrir árið 2017 hefur þurft að vinna með öðrum hætti en áður þar sem launaáætlunarkerfi sem hefur verið í innleiðingu er ekki komið í notkun. Launaáætlun í fjárhagsáætlun er gerð með þeim hætti að launarammi 2016 er framreiknaður með þeim launabreytingum sem eru þekktar samkvæmt kjarasamningum á hverjum starfsstað. Ekki hefur verið hægt að gera launaáætlun þar sem tekið hefur verið tillit til starfsmannabreytinga frá 2016 til 2017. Þetta veldur því að töluverð óvissa er með útreikninga á launaáætlun og hversu vel launaáætlun og launarammi falla saman. Á næstu vikum er vonast til að launaáætlunarkerfi verði komið í notkun og þá verði hægt að leggja fram nákvæmari launaáætlun.

## HLUTVERK

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

# SKIPTING REKSTRAR 2017







Stefnukort skóla- og frístundasviðs

# MEGINÁHERSLUR 2017, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva borgarinnar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla og annarri sambærilegri starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólabörn og í tengslum við frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til um 22.000 barna og fjölskyldna þeirra. Á sviðinu starfa um 5000 manns. Megináherslur í stefnu skóla– og frístundasviðs má sjá í stefnukorti sviðsins hér fyrir ofan. Viðfangsefni og áherslur næstu ára byggja á þessum megináherslum og á samstarfssáttmála meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.

## Fjórir umbótaþættir á starfsárinu 2016-2017:

Skóla- og frístundasvið vinnur að fimm megin umbótaþáttum á starfsárinu 2016-2017, sem eru:

- **Málþroski, læsi og lesskilningur** - Stefnumótun um læsi og lestrarnám er forgangsmál í málaflokknum. Leggja þarf samfellda áherslu á málrækt og málörvun leik- og grunnskólabarna alla skólagönguna, efla lestrarfærni og þjálfa lesskilning með markvissum kennsluaðferðum.
- **Verk-, tækni- og listnám** - Mikilvægt er að hlúa í auknum mæli að eflingu verk-, tækni- og listnáms í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að efla áhuga barna og ungmenna á þeim möguleikum sem felast í því að mennta sig á þeim sviðum eftir formlegum og óformlegum leiðum. Sérstök áhersla er á að bregðast snemma við lestrarvanda og auka stuðning við börn sem dregist hafa aftur úr jafnöldrum sínum.
- **Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi** - Meginforsenda lýðræðis er að börn og unglingar læri um lýðræði með því að starfa í lýðræði. Það sama á við um mannréttindi og jafnrétti. Starfshættir í skóla- og frístundastarfi þurfa að endurspegla þessa þætti líkt og kveðið er á um í stefnu um skóla án aðgreiningar og í stefnu um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf. Þessar áherslur birtast sérstaklega í stefnumótun um nemendamiðað skólastarf.
- **Fjölmenning** - Í fjölmenningarstefnu SFS, sem innleidd verður á næstu þremur árum, eru settar fram þrjár meginstoðir. Í fyrsta lagi að starfsfólk tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og starfsaðferðir, í öðru lagi að stuðlað sé að góðri og markvissri kennslu íslensku sem annars máls frá upphafi leikskólagöngunnar til loka grunnskólans. Um leið skuli leitað leiða til að vinna með fjölbreytt móðurmál. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þrói lausnamiðaðar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla hindri samstarf.

## Mikilvægustu viðfangefnin og áherslur 2017-2021:

1. **Nemendamiðað skóla- og frístundastarf -** Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi. Leggja áherslu á einstaklingsmiðun, frumkvæði og sköpunargleði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi. Auka framboð símenntunar fyrir starfsfólk um nemendamiðað skóla- og frístundastarf.

2. **Efling lestrarfærni og lesskilnings í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi -** Greina sem fyrst börn með málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og auka faglegan stuðning við starfsfólk. Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna með áherslu á að þeir geti hvatt til og tekið þátt í lestrarþjálfun barna sinna. Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla. Vekja áhuga barna og ungmenna á lestri með fjölbreyttum hætti, ekki síst í frístundastarfi.

3. **Fjölmenning -** Auka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi. Innleiða móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Tryggja jafnt aðgengi allra barna að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst barna af erlendum uppruna. Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna. Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.

4. **Verk-, tækni- og listnám í öndvegi -** Stuðla að vitundarvakningu meðal barna, ungmenna og foreldra um gildi verk-, tækni- og listgreina. Auka aðgang barna í leikskólum og grunnskólum að verk-, tækni- og listnámi með fjölbreyttum hætti, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað. Fjölga nýsköpunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi og nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði. Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í öllum hverfum við menningarstofnanir borgarinnar. Stuðla að jafnræði varðandi aðgang barna í borginni að tónlistarnámi og skólahljómsveitum.

5. **Gæði og fagmennska – eftirsóknarvert starfsumhverfi -** Starfsstaðir og skrifstofa sviðsins vinna af metnaði að innleiðingu aðalnámskráa leik- og grunnskóla og stefnu um frístunda- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Hlúa að starfsfólki, stjórnendum og innviðum starfsstaða með það fyrir augum að skapa gott og eftirsóknarvert starfsumhverfi. Efla svigrúm til faglegrar stjórnunar í skóla- og frístundastarfi og stuðla að fjölbreyttri starfsþróun allra starfsmanna til að efla gæði og fagmennsku í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Treysta í sessi og fylgja eftir gæðamati á skóla- og frístundastarfi. Eftirfylgni verði tryggð með umbótaáætlunum með áherslu á að virkja allt starfsfólk. Stjórnendur og skrifstofa sviðsins nýti niðurstöður á mati til umbóta. Hvetja til aukinnar teymiskennslu og styðja við bakið á starfsstöðum sem vilja auka hana. Auka samstarf við önnur sveitarfélög og fræðasamfélagið.

6. **Heilsa, líðan og velferð -** Leggja áherslu á heilsueflingu barna og ungmenna, með áherslu á hollt og næringarríkt mataræði, fjölbreytta hreyfingu og vellíðan. Vinna markvisst að því að efla sjálfstraust barna og ungmenna í daglegu starfi. Auka snemmtæka íhlutun í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi til að efla börn og ungmenni og styðja þau í að yfirvinna erfiðleika. Bæta þjónustu við börn í fjölþættum vanda. Auka kynfræðslu í grunnskólum með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin-fræðum. Efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks starfsstaða sviðsins. Stuðla að heilsueflingu starfsfólks, framfylgja viðverustefnu og draga úr fjarvistum í samráði við starfsstaði. Vinna í hverfum að aðgerðaráætlunum um forvarnir.

7. **Virkt foreldrasamstarf - bætt þjónusta við barnafjölskyldur -** Gerður verði samstarfssáttmáli milli skóla og foreldra um gagnkvæm réttindi og skyldur. Auka ráðgjöf og leiðsögn til foreldra um leiðir til að auka virkni foreldra í skóla- og frístundastarfi. Efla kynningarstarf í öllum hverfum um frístundatilboð fyrir börn og unglinga, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar. Unnið verði að auknum gæðum foreldrasamstarfs með eflingu skólaráða og foreldraráða.

8. **Jafnrétti, mannréttindi og lýðræði -** Auka jafnrétti á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðum sviðsins. Vinna að lýðræðislegu uppeldi og fræðslu með því að auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi með áherslu á frumkvæði og nemendamiðað skólastarf. Vinna markvisst að innleiðingu skóla- og

frístundastarfs án aðgreiningar og aðgerðum sem stuðla að því að vinna samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Innleiða Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í alla starfsemi sviðsins.

9. **Aukin samþætting skóla- og frístundastarfs og samfella skólastiga** - Auka samþættingu í starseminni með áherslu á jafningjafræðslu og miðlun bestu hugmynda. Stuðla að aukinni samþættingu í námi og starfi þar sem unnið er þvert á faggreinar. Leita leiða til að gefa grunnskólanemendum kost á að taka framhaldsskólaáfanga meðan á grunnskólanámi stendur. Vinna að samfelldum degi barna 6-16 ára.

10. **Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni -** Auka umhverfisvitund barna og ungmenna t.d. með því að nýta daga og viðburði á árinu til að vekja athygli á umhverfisstarfi og menntun til sjálfbærni í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái tækifæri til símenntunar á sviði sjálfbærni t.d. um útinám og reynslunám. Náttúruskólinn og önnur símenntunar- og samstarfsverkefni verði nýtt í þessum tilgangi. Efla almenna vitund barna og ungmenna um almenningssamgöngur og vistvæna ferðamáta í skipulögðu skóla- og frístundastarfi meðal annars með innleiðingu endurskoðaðrar hjólreiðastefnu borgarinnar. Innleiða og fylgja eftir stefnumótun um menntun til sjálfbærni.

11. **Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða -** Auka framboð á fjölbreyttri símenntun á sviði upplýsingatækni fyrir starfsfólk í skóla- í frístundastarfi. Efla starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, sem er frumkvöðlar á sviði upplýsingatækni og hvetja það til að miðla þekkingu og reynslu til samstarfsfólks. Leggja reglulega mat á stöðu upplýsingatækni- í skóla- og frístundastarfi. Grípa til aðgerða á grundvelli matsins. Beina athygli að möguleikum þess að nýta tölvuleiki, forritun og fjölbreytt verkfæri upplýsingatækninnar í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að efla upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Efla umræðu um ábyrga notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar 29. júní 2016.

# GJALDSKRÁR OG ÚTGJÖLD ALMENNT

Í samræmi við fjárhagsáætlun borgarinnar sem leggur áherslu á varfærni og ábyrgð í rekstri munu fjármálastjórn og fjárhagsáætlun SFS vera í takt við þessi markmið. Fjármál SFS mótast mjög af fjölþættum rekstri og hlutfallslega miklum launkostnaði. Stærsta verkefnið er að tryggja að hægt sé að sinna öllum lögbundnum verkefnum innan þess fjárhagsramma sem sviðinu er gert að starfa innan. Annar rekstrarkostnaður kallar á stöðugt eftirlit og að leiða sé leitað til ítrustu hagræðingar. Stórt verkefni mun felast í því að leita hagstæðustu verða í alla þjónustuþætti, verkþætti og innkaup. Ráðgjafar- og innheimtuþjónusta við alla starfsstaði SFS verður efld og faglegir stjórnendur aðstoðaðir við daglega fjármálaumsýslu. Stefnt er að eflingu símenntunar starfsmanna á sviði fjármála og rekstrar.

Á árinu 2016 hafa hópar innan SFS unnið að útfærslu á hagræðingu sem sviðinu var ætlað að ná samtals 670 m.kr. á neðangreindum þáttum:

- Upplýsingatækni, breytt fyrirkomulag þjónustusamnings við UTD.
- Miðlæg þjónusta, dregið úr yfirstjórn og sameining í yfirstjórn.
- Mötuneytisþjónusta, hagkvæmari innkaup aukin hagræðing í rekstri.
- Hagkvæmari innkaup, farið yfir innkaupaferla og útboðsmál.
- Orkusparnaður, hvernig hægt verði að draga úr orkukostnaði.
- Breytt fyrirkomulag á sundkennslu og sundakstri.
- Heilsuefling, stuðningur við stofnanir til heilsueflingar.
- Húsnæðisnýting – skil á húsnæði og betri nýting á húsnæði.
- Samlegð í rekstri og þjónustu starfsstöðva.
- Sérkennsla og stuðningur.
- Ýmis verkefni og styrkir.

## Gjaldskrár

- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki að jafnaði um 3,9%.
- Gert er ráð fyrir, í samræmi við málefnasamning meirihluta að leikskólagjöld lækki á árinu 2017, þessi liður hefur ekki verið útfærður, gert ráð fyrir að þessi lækkun verði 120 mkr.,
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana 3,2%.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 3,9%.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrá UTD hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að launahækkanir vegna kjarasamninga verði bættar.
- Gert er ráð fyrir að samningar við þriðja aðila sem hafa skuldbindandi vísitöluákvæði verði verðbættir um 3,9%.
- Gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður sviðsins verði verðbættur um 3,9%.
- Tekið er tillit til fjölgunar og fækkunar nemenda/barna í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum. Í fyrirliggjandi tillögu er miðað við spár skóla- og frístundasviðs frá júní 2016, en miða verður við stöðuna eins og hún var 1. október við framlagningu frumvarps. Ekki er gert ráð fyrir breytingum sem kunna að verða á haustönn 2017.
- Borgarráð samþykkti á árinu 2015 að virkja ákvæði reglna um yfirfærslu á afgangi/tapi á milli ára. Þetta gerir kröfu um að sviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustuþætti.
- Gjaldskrá vegna fæðis hækkaði hjá leikskólum þann 1. október 2016 , hækkun nemur um 100 fyrir hvern skóladag, sú fjárhæð fer að fullu til hráefniskaupa stofnana.

## Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 34 frístundaheimila, 20 félagsmiðstöðvar og 3 frístundaklúbba. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum systkinaafslætti af gjaldi í frístundaheimilum og sumarfrístund.
- Breytingu á úthlutunarlíkani frístundaklúbba á þann hátt að fjármagni er úthlutað samkvæmt mati á hvern kostnaðarstað þrisvar á ári vor, sumar og haust.
- Fleiri börnum á frístundaheimilum, reiknað sem fjöldi 5 daga plássa, um 133 pláss, úr 3.710 í 3.843 pláss að meðaltali á árinu. Fjárheimild sviðsins hækki um 21,8 mkr vegna þessa.
- Að börnum í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð í Klettaskóla fjölgi um 30 frá árinu 2016 og verði 178 á árinu 2017 . Fjárheimild sviðsins hækkar um 104 mkr vegna þessa.

## Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 62 auk tveggja sameinaðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 17. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að börnum í leikskólum borgarinnar fækki um 200 frá árinu 2016. Fjárheimild sviðsins lækkar um 401 m.kr. vegna þessa.
- Að börn komi inn í leikskóla janúar 2017 sem eru fædd í mars og apríl 2015 frá 1. janúar 2017 og er áætlað fjármagn vegna þeirra kr. 425 mkr.
- Gert er ráð fyrir, í samræmi við málefnasamning meirihluta að leikskólagjöld lækki á árinu 2017, þessi liður hefur ekki verið útfærður, gert ráð fyrir að þessi lækkun verði 120 mkr.,
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinna leikskóla.
- Aukið framlag til leikskóla vegna kaupa á námsgögnum, hækkun nemur um 6,9mkr.
- Aukið er fjármagn vegna undirbúningstíma í leikskólum að fjárhæð kr. 73 mkr.
- Aukið framlag vegna langtímaveikinda að fjárhæð kr. 149,6 mkr.
- Aukið framlag til í sérkennslu í leikskólum 32 mkr.

## Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 7 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum afsláttarkjörum sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Að nemendum í borgarreknum grunnskólum fjölgi um 185 börn á árinu 2017. Fjárheimild sviðsins hækkar um 134,4 m.kr. vegna þessa.
- Að nemendum í sérskólum fjölgi ekki frá árinu 2016.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki að jafnaði um 3,2%.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 3,2%.
- Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda í sjálfstætt starfandi grunnskólum.
- Efling faglegs starfs í grunnskólum 144 mkr.
- Gjaldskrá vegan fæðis hækkaði hjá grunnskólum þann 1. október 2016 , hækkun nemur um 100 fyrir hvern skóladag, sú fjárhæð fer að fullu til hráefniskaupa stofnana.

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Borgin gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng.

Alls 14 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavikurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng.

## Gjaldskrár

Gert er ráð fyrir 3,2% hækkun innri gjaldskráa, þ.e. hækkun á leigu íþróttahúsa til ÍTR og samsvarandi hækkun á kostnaði vegna þjónustu þjónustumiðstöðva og UTD.

## Annað

Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna/nemenda. Í október koma nýjar tölur varðandi nemendafjölda skólaárið 2016-2017 ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.

# KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Unnið verður að því að auka vægi jafnréttisfræðslu í öllu skóla- og frístundastarfi meðal annars með því að nýta símenntun starfsfólks og kennara til að auka þekkingu þeirra á málaflokknum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags– og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og ungmenna. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustuþáttum sviðsins.

Efla þekkingu í skóla- og frístundastarfi á ýmsum sáttmálum tengdum mannréttindum, sem sviðið vinnur samkvæmt, t.d. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þróa leiðir og hugmyndir til að efla lýðræði og samfélagslega ábyrgð. Vinna áætlun um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Auka traust, bæta upplýsingamiðlun og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsstaðir** | | | | | |
| **Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)** | **82** | **82** | **81** | **81** | **80** |
| Leikskólar Reykjavíkur | 62 | 62 | **62** | **62** | **60** |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar | 18 | 18 | **17*** | **17** | **19** |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 |
| **Fjöldi grunnskóla í Reykjavík** | **42** | **42** | **42** | **43** | **43** |
| Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012) | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 |
| Sjálfstætt starfandi grunnskólar | 6 | 6 | 6 | 7 | 7 |
| Fjöldi skólahljómsveita | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| **Tónlistarskólar** | **19** | **19** | **19** | **19** | **19** |
| Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Tónlistaskólar sem fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og miðnáms og framhaldsnáms í söng | 13 | 13 | 13 | 13 | 14 |
| **Frístundamiðstöðvar** | **6** | **6** | **6** | **6** | **5** |
| Frístundaheimili | 32 | 33 | 34 | 34 | 34 |
| Frístundaheimili sameinuð grunnskólum** | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Frístundaklúbbar | 4 | 6 | 6 | 3 | 3 |
| Félagsmiðstöðvar | 21 | 21 | 20 | 20 | 20 |
| **Barnið, nemandinn, ungmennið** | | | | | |
| **Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík** | **7.130** | **7.190** | **7.142** | **7.105** | **6.852** |
| Leikskólar Reykjavíkur | 5.891 | 5.910 | 5.903 | 5.874 | 5.580 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar | 1.105 | 1.146 | 1.055 | 1.055 | 1060 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 134 | 134 | 134 | 146 | 183 |
| Viðbótarpláss | 0 | 92 | 50 | 30 | 29 |
| **Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.** | **40** | **40** | **47** | **45** | **32** |
| Sjálfstætt starfandi leikskólum | 22 | 22 | 29 | 29 | 26 |
| Sveitarfélagsreknum leikskólum | 18 | 18 | 18 | 16 | 16 |
| **Fjöldi barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem dvelja í leikskóla í Reykjavík** | **52** | **41** | **41** | **46** | **37** |
| **Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík** | **71.678** | **72.698** | **74.287** | **74.233** | **71.566** |
| Leikskólar Reykjavíkur | 58.619 | 57.890 | 58.407 | 59.343 | 56.561 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík | 11.754 | 11.953 | 12.940 | 12.940 | 12.731 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 1.305 | 1.291 | 1.290 | 1.440 | 1.781 |
| Viðbótarpláss | 0 | 1.564 | 1.650 | 510 | 493 |

* Ekki er gert ráð fyrir Ísaksskóla sem sjálfstætt starfandi leikskóla 2015

** Klébergsskóli, Dalskóli, Norðlingaskóli, Ártúnsskóli og Fellaskóli (1. og 2. bekkur)

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Barnið, nemandinn, ungmennið (frh.)** | | | | | |
| **Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík** | | | | | |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur | 237 | 232 | 271 | 271 | 230 |
| **Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík** | **57.503** | **58.927** | **58.978** | **58.576** | **57.034** |
| Leikskólar Reykjavíkur | 48.046 | 48.359 | 48.439 | 48.504 | 46.245 |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík | 8.359 | 8.687 | 8.621 | 8.621 | 9.040 |
| Sameinaðir leik- og grunnskólar | 1.098 | 1.099 | 1.093 | 1.196 | 1.502 |
| Viðbótarpláss | 0 | 782 | 825 | 255 | 247 |
| **Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur** | | | | | |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur | 172 | 172 | 227 | 227 | 184 |
| **Dagforeldrar** | | | | | |
| Fjöldi barna hjá dagforeldrum | 880 | 916 | 916 | 916 | 742 |
| **Grunnskólar / sérskólar** | | | | | |
| Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn | 13.294 | 13.424 | 13.494 | 13.795 | 14.027 |
| Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn | 140 | 159 | 149 | 176 | 176 |
| Fjöldi nemenda í grunnsk. á haustönn | 13.265 | 13.627 | 13.564 | 13.795 | 14.027 |
| Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn | 140 | 159 | 168 | 176 | 176 |
| Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum | 529 | 546 | 531 | 531 | 531 |
| Fjöldi nemenda 5 ára í sjálfst. starfandi grunnsk. | 59 | 17 | 66 | 23 | |
| **Fjöldi nemenda í mat í grunnskólum** | | | | | |
| Fjöldi nemenda í mat á vorönn 2014 | 13.294* | 13.424 | 13.494 | 13.795 | 14.027 |
| Fjöldi nemenda í mat á haustönn 2014 | 13.265* | 13.647 | 13.564 | 13.795 | 14.027 |
| **Tónlistarskólar / skólahljómsveitir** | | | | | |
| Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum | 441 | 441 | 441 | 441 | 441 |
| Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum | | 78.479 | 78.479 | 78.479 | 78.479 |
| **Frístundamiðstöðvar** | | | | | |
| Fjöldi barna á frístundaheimilum - meðaltal 2016 | 3.441 | 3.726 | 3.868 | 4.203 | 4.353 |
| Á vorönn | 3.502 | 3.726 | 3.868 | 4.203 | 4.353 |
| Á haustönn | 3.380 | 3.726 | 3.868 | 4.203 | 4.353 |
| Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun - meðaltal 2014 | 3.129 | 3.347 | 3.487 | 3.710 | 3.843 |
| Á vorönn | 3.188 | 3.347 | 3.487 | 3.710 | 3.843 |
| Á haustönn | 3.070 | 3.347 | 3.487 | 3.710 | 3.843 |
| Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð - meðaltal 2014** | 109 | 122 | 148 | 165 | 200 |
| Á vorönn | 109 | 122 | 148 | 165 | 200 |
| Á haustönn | 109 | 122 | 148 | 165 | 200 |
| Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun -meðaltal 2014 | 93 | 108 | 126 | 148 | 178 |
| Á vorönn | 93 | 108 | 126 | 148 | 178 |
| Á haustönn | 93 | 108 | 126 | 148 | 178 |

* Gert er ráð fyrir 100% þátttöku nemenda í mat þó vitað sé að þátttaka verði ekki 100%. Þetta er gert til að taka tillit til þess starfsfólks sem borðar líka. Áætlunarlíkan gerir ekki ráð fyrir fæði starfsfólks.

** Breyting milli 2013 og 2014 er sú að þá var samtala fyrir allt frístunda og félagsstarf fatlaðra nemenda tekin saman, þ.e. Hofið, Hellirinn, Höllin, Hlið, Garður, Askja og frístundaheimilið Guluhlíð.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Mannauður** | | | | | |
| **Stöðugildi alls í leikskólum** | **1.495** | **1.530** | **1.522** | **1.554** | **1.543** |
| Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda | 471 | 499 | 507 | 509 | 500 |
| Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun | 316* | 255* | 256* | 300 | 290 |
| Stöðugildi annarra háskólamenntaðra starfsmanna | * | * | - | - | |
| Stöðugildi leikskólaliða | 96 | 98 | 86 | 75 | 75 |
| Stöðugildi annarra starfsmanna | 445 | 474 | 481 | 475 | 468 |
| Stöðugildi í sérkennslu | 129 | 138 | 146 | 155 | 160 |
| Stöðugildi í langtímaveikindum | 28 | 34 | 31 | 29 | 50 |
| Viðbótarpláss | 10 | 32 | 18 | 11 | 0 |
| **Hlutfall fagfólks skv. skilgreiningu í samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla** | 66,57% | 64,21% | 63,42 | 63,50% | 63,50% |
| **Fjöldi stjórnenda í borgarreknum leikskólum (í upphafi árs)** | **454** | **445** | **458** | **458** | **479** |
| Fjöldi stöðugilda deildarstjóra í leikskólum | 298 | 288 | 299 | 299 | 299 |
| Fjöldi stöðugilda sérkennslustjóra | 29 | 30 | 31 | 31 | 52 |
| Fjöldi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra | 124 | 127 | 128 | 128 | 128 |
| Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda í leikskólum borgarinnar | 33,40% | 33,50% | 34,44% | 34,44% | 34,44% |
| **Stöðugildi alls í grunnskólum (vegna grunnskólanemenda)** | **2.082** | **2.021** | **1.928** | **1.868** | **1.882** |
| Skólastjórar (þar af 2 í sérskólum) | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 |
| Aðstoðarskólastjórar (þar af 2 í sérskólum) | 39 | 39 | 39 | 39 | 39 |
| Grunnskólakennarar (þar af í sérskólum 79 starfsmenn) | 1.175 | 1.178 | 1.046 | 1.016 | 1.022 |
| Námsráðgjafar | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Bókasafnsstörf | 32 | 32 | 32 | 32 | 32 |
| Húsverðir | 34 | 32 | 32 | 32 | 32 |
| Matráðar | 38 | 36 | 36 | 36 | 36 |
| Aðrir almennir starfsmenn (þar af í sérskólum 32 starfsmenn) | 501 | 429 | 468 | 468 | 468 |
| Stöðugildi í sérkennslu- og nýbúapotti | 186 | 188 | 188 | 160 | 163 |
| Stöðugildi í langtímaveikindum m.v. stöðugildi kennara | 23 | 33 | 33 | 31 | 36 |

* Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun og annarra háskólamenntaðra starfsmanna.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útksp. 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Mannauður** | | | | | |
| **Stöðugildi alls í frístundamiðstöðvum** | **338,92** | **393,5** | **417,3** | **435,3** | **434,8** |
| Stöðugildi í frístundaheimilum og frístundaklúbbum | 200,92 | 218,9 | 233 | 248,2 | 251 |
| Stöðugildi í frístundamiðstöðvum | 24,4 | 18,0* | 21,5 | 21,2 | 19 |
| Stöðugildi í félagsmiðstöðvum | 52,8 | 60,6* | 64,2 | 67,6 | 65,8 |
| Stöðugildi í stuðningi barna með sérþarfi | 57,8** | 88,4 | 91,2 | 91 | 93 |
| Stöðugildi í langtímaveikindum | 3 | 7,6 | 7,4 | 7,4 | 6 |
| Stöðugildi í skólahljómsveitum | 26,8 | 27,6 | 27,5 | 27,5 | 27,5 |
| Námsflokkar Reykjavíkur | 8,6 | 7,6 | 7,5 | 6,5 | 5,5 |
| Myndver | 1,3 | 1,2 | 1,2 | 1 | 1 |
| Skólasafnamiðstöð | 4 | 4 | 3 | 3 | 0 |
| Skrifstofa SFS | 64,5 | 67,5 | 67,5 | 67,5 | 64*** |

* Stöðugildi deildarstjóra unglingastarfs færð úr frístundamiðstöð í félagsmiðstöðvar, samtals sex stöðugildi.

** Leiðrétting á villu um fjölda stöðugilda stuðnings í greinargerð með fjárhagsáætlun 2013. Það virðist sem 50,5% stöðugildi hafi verið tekin sem 100% stöðugildi í greinargerðinni 2013.

# SKORKORT 2017

| Mælikvarðar | Raun 2014 | Raun 2015 | Raun/áætlun 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Barnið, nemandinn, ungmennið** | | | | |
| Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi | 87% | 87% | 93% | 95% |
| Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka vel á einelti og öðru ofbeldi | 64% | 65% | 73% | 78% |
| Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsueflingu í starfinu | 70% | 80% | * | 90% |
| Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi | 94% | 94% | 94% | 95% |
| Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum | 57% | 44% | 43% | 57% |
| Hlutfall starfsstaða þar sem útinám er á stundaskrá/skipulagi barna á öllum stigum | 69% | 75% | * | 80% |
| Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð | 93% | 91% | 92% | 94% |
| Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar | 66% | 64% | 66% | 70% |
| Ánægja af lestri á landsvísu skv. Skólapúlsinum | 4. sæti af 37 | 4. sæti af 41 | 4.sæti af 22 | 2. sæti |
| Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila | 80% | 80% | 80% | 85% |
| Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara | 56% | 70% | * | 75% |
| Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins | 70% | 90% | * | 92% |
| Hlutfall frístundaheimila með barnaráð og unglingaráð | 74% | 85% | * | 90% |
| **Verklag** | | | | |
| Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina | 71% | 80% | * | 85% |
| Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafaþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva | 70% | 75% | * | 80% |
| Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf starfsstaða | 81% | 84% | 80% | 90% |
| Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði/samstarf milli skóla og frístundastarfs | 67% | 75% | * | 90% |
| Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni | 61% | 85% | * | 90% |
| Hlutfall starfsstaða sem nota viðmið um gæði við skipulagningu starfsemi | 65% | 85% | * | 90% |
| **Mannauður** ** | | | | |
| Mínum vinnustað er vel stjórnað | - | 7,6 | - | 7,9 |
| Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott | - | 7,3 | - | 8 |
| Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum | - | 74% | - | 80% |
| Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum | - | 1% | - | 0,5 |
| Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki | - | 7,9 | - | 8,1 |
| Hæfni mín er vel nýtt í starfi | - | 8,1 | - | 8,3 |
| Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli | - | 7,9 | - | 8,3 |
| **Auðlindir** | | | | |
| Hlutfall starfsstaða sem heldur sig innan fjárhagsramma | 60% | 60% | 75% | 75% |
| Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu | 75% | 75% | 85% | 90% |

* Spurt er um þetta í spurningavögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða nokkrum sinnum á ári. Könnun sem send er út að hausti er í vinnslu og niðurstöður verða settar fram í skorkorti með starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur 2017.
** Viðhorfskönnun á starfsumhverfi og starfsánægju starfsmanna Reykjavíkurborgar er lögð fyrir annað hvert ár, væntanlega næst 2017.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

**LEIÐARLJÓS:**

**LEIÐARLJÓS USK miða að því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Einnig að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavini sviðsins.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| USK Aðalsjóður | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | -2.459.498 |
| **Tekjur samtals** | **-2.459.498** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.052.818 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.189.769 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **9.242.586** |
| **Rekstarniðurstaða** | **6.783.088** |

| USK Eignasjóður | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | -3.575.766 |
| **Tekjur samtals** | **-3.575.766** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.694.401 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3.246.836 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **4.941.237** |
| **Rekstarniðurstaða** | **1.365.472** |

| USK Bílastæðasjóður | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | -1.035.433 |
| **Tekjur samtals** | **-1.035.433** |
| Laun og launatengd gjöld | 275.539 |
| Annar rekstrarkostnaður | 526.013 |
| Afskriftir | 99.600 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **901.152** |
| **Rekstarniðurstaða** | **-134.281** |

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| **Föst stöðugildi** | 396,5 |
| Fjöldi stm áætlun | 430 |
| Fjöldi sumarstarfsmanna | 370 |
| **Eftir skrifstofum:** | |
| Sviðsstjóri | 17 |
| Skrifsstofa sviðsstjóra | 9 |
| Fjármáladeild | 4 |
| Mannauðsdeild | 4 |
| Umhverfisgæði | 73 |
| Framkvæmdir og viðhald | 46 |
| Rekstur og umhirða borgarlandsins | 142 |
| Samgöngustjóri og borgarhönnun | 7 |
| Skipulagsfulltrúi | 14,5 |
| Byggingarfulltrúi | 22 |
| Heilbrigðiseftirlit | 23 |
| Bílastæðasjóður | 35 |

# SKIPURIT




# HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum svo sem Torg í biðstöðu sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Þá er skrifstofa bílastæðasjóðs á sviðinu. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 hefur tekið gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í starfsáætlun fyrir árið 2017. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Sviðsstjóri hefur umsjón með stefnumótun á ábyrgðarsviðum USK og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður langtímastefnumótunar, þróunar, greiningar, miðlunar og landupplýsinga ásamt stýringu uppbyggingar í gegnum mótun aðalskipulags og svæðisskipulags sem og miðlun upplýsinga um niðurstöður og áherslur stefnumótunar. Staðardagskrá, loftslagsmál, Græn skref, Græna borgin, miðlunarteymi og fleiri verkefni heyra undir sviðsstjóra.

## Landupplýsingar

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar og leggja aðaláherslu á að hafa þær réttar, lifandi og byggðar á traustum grunni. Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefnin, en deildin ber einnig ábyrgð á landmælingum, fastmerkjum, gerð lóðauppdrátta, útgáfu mæliblaða, stjórn og rekstri landupplýsingakerfis (LUKR) og þróun Borgarvefsjár, Skipulagssjár og veflausna fyrir spjaldtölvur og snjallsíma.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, stjórnsýslulegum málum og lögfræðiþjónustu. Umsýsla fjármagns vegna samninga um kirkjugarða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðsstjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B-hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

## Mannauður

Mannauður sviðsins endurspeglar þá fjölbreytni sem þjónusta umhverfis- og skipulagðssviðs veitir. Sviðið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, að starfsfólk hafi svigrúm til athafna og tækifæri til símenntunar. Meginhlutverk

mannauðsdeildar er að framfylgja starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og móta áherslur sviðsins í mannauðsmálum. Mannauðsdeild veitir stjórnendum ráðgjöf og aðstoð varðandi mannauðsmál svo sem ráðningar, kjaramál, réttindi og skyldur starfsmanna, samvinnu og liðsheild og sinnir eftirliti þar sem við á. Mannauðsdeild heldur utan um starfsþróun, þjálfun og miðlæga fræðslu starfsfólks og veitir stjórnendum og starfsstöðum ráðgjöf og stuðning.

## Fjármáladeild

Fjármáladeild hefur umsjón með fjármálum sviðsins og veitir stjórnendum og sérfræðingum ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál og rekstur sviðsins. Helstu verkefni deildarinnar eru fjárhags- og launaáætlun, fimm ára áætlun, fjárhags- og verkbókhald, reikningagerð og innheimta, kostnaðareftirlit, mánaðar- og árshlutauppgjör.

## Skipulagsfulltrúi

Embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er varða skipulagsmál í Reykjavík. Hlutverk skipulagsfulltrúa er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum upplýsingar og ráðgjöf um skipulagsmál. Skipulagsfulltrúi fer með málsmeðferð skipulagsmála og starfar í umboði sveitarstjórnar.

## Byggingafulltrúi

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli mannvirkjalaga, byggingarreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er byggingarmál varða. Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að sótt sé um byggingarleyfi fyrir bygg-ingarleyfisskyldum framkvæmdum og breyttri notkun mannvirkja í umdæmi hans, og að öðru leyti sé fylgt ákvæðum reglugerðar þessarar í umdæmi hans. Jafnframt skal byggingarfulltrúi eftir föngum hafa eftirlit með því að viðhald húsa og mannvirkja í umdæmi hans sé viðhlítandi.

## Samgöngustjóri og borgarhönnun

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar vinnur að borgarhönnun og þróun samgangna út frá samþykktri stefnumörkun borgaryfirvalda. Nánari stefnumörkun, skipulag og undirbúningur verkefna næstu ára í þessum málaflokkum er á ábyrgð skrifstofunnar. Meðal verkefna má nefna samgönguskipulag í nýrri og eldri byggð, framfylgd almenningssamgöngustefnu og hjólreiðaáætlunar borgarinnar, Torg í biðstöðu og Sumargötur auk hönnunar opinna svæða í miðborginni, frumathuganir breytinga á gatnakerfi, umferðartalningar, umsjón umferðarljósastýringa, umferðaröryggismál, orkuskipti í samgöngum og hljóðvist vegna umferðar

## Bílastæðasjóður

Skrifstofunni tilheyra tvær deildir: útideild og húsadeild. Á skrifstofunni fer fram stjórnun bílastæðamála, umsjón með eftirliti á ríflega 3000 bílastæðum, rekstur 7 bílahúsa og endurupptaka mála sem snúa að stöðvunarbrotagjöldum sem og innheimta tekna vegna bílastæða. Þar fer einnig fram þróun í upplýsingatækni fyrir sjóðinn í samstarfi við upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar, sem og stefnumótun.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Skrifstofan annast stofnframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og sér um allt viðhald á eignasafni Reykjavíkurborgar, þ.e. húseignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum. SFV er skipt upp í fjórar deildir þ.e. frumathugun mannvirkja, byggingadeild, gatnadeild og deild opinna svæða. Skrifstofan sér um forsagnargerð og frumathuganir vegna nýrra fasteigna, gerir kostnaðar- og framvinduáætlanir, sér um útboðsgerð og samninga, stýrir hönnun og framkvæmd verkefna auk þess að hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum. Skrifstofan tekur þátt í rekstri fjögurra hverfastöðva í hverfum borgarinnar þar sem fasteignastjórar hafa umsjón með viðhaldi fasteigna og eru í tengslum við notendur.

## Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands sér um allan daglegan rekstur og umhirðu á borgalandinu og þjónustu vegna veghalds í Reykjavík. Meginverkefni skrifstofunnar er rekstur hverfastöðva gatnamála, verkbækistöðva garðyrkju, Þjónustumiðstöðvar borgarlandsins og Ræktunarstöðvar Reykjavíkur. Undir rekstur og umhirðu borgarlandsins fellur meðal annars vetrarþjónusta, garðyrkja og ræktun, viðhalds- og eftirlitsverkefni á götum, gönguleiðum og opnum svæðum, grassláttur, hreinsun borgarlandsins, uppsetning og viðhald umferðarljósa, uppsetning og viðhald umferðarskilta, rekstur gatnalýsingar, rekstur strætóskýla í eigu borgarinnar, umsjón með útmörk Reykjavíkur (uppland borgarinnar, 1700 ha opið útivistarsvæði) og búfjárhaldi, útgáfa og eftirlit með afnotaleyfum á borgarlandinu, leyfisveitingar og eftirlit vegna götu- og torgsölu og veghald og ýmiss annar undirbúningur vegna viðburða í borgarlandinu.

## Skrifstofa umhverfisgæða

Á skrifstofunni eru tvær starfseiningar; náttúra og garðar og umhverfis- og úrgangsstjórnun. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði. Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar og framkvæmd aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum. Grasagarður, Vinnuskóli og sorphirða Reykjavíkurborgar og meindýravarnir heyra undir skrifstofuna.

## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum um matvæli með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftirlit með hundahaldi í borginni, skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur og sinnir reglubundnu eftirliti með honum, gefur út tóbakssöluleyfi, leyfi til hænsnahalds í borginni og veitir umsagnir og leiðbeinir um mál er varða heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í eftirfarandi deildir og einingar: matvælaeftirlit, umhverfiseftirlit, vöktun umhverfis og hundaeftirlit.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Nú þegar umhverfis-og skipulagssvið er að verða fjögurra ára er eðlilegt að endurmeta starfsemina og fyrirkomulag verkefna. Á vormánuðum var því skipuriti sviðsins breytt þannig að skrifstofa skipulags, byggingar og borgarhönnunar var lögð niður, heilbrigðiseftirlitið var flutt frá skrifstofu umhverfisgæða og þannig urðu skipulagsfulltrúi, byggingafulltrúi, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og samgöngustjóri hluti af framkvæmdastjórn sviðsins. Ákveðin hagræðing varð með þeirri breytingu, boðleiðir voru styttar og samvinna stjórnenda efld enn frekar. Að auki var á vormánuðum tekin ákvörðun um að Bílastæðasjóður yrði hluti af umhverfis-og skipulagssviði og verkefni bílastæðanefndar heyrði undir umhverfis-og skipulagsráð.

Árið 2016 hefur verið ár mikilla anna á umhverfis-og skipulagssviði enda er uppbygging í Reykjavík meiri en sést hefur um árabil. Ekkert útlit er fyrir að það breytist á næsta ári. Aðalskipulag Reykjavíkur er leiðarljós í allri vinnu sviðsins og hafa verið unnar innleiðingaráætlanir um helstu stefnur sviðsins eins og umhverfis-og auðlindastefnu, loftslagsstefnu og aðalskipulag. Mælanleg markmið og aðgerðir eru liður í eftirfylgni með framkvæmd aðalskipulags en stefnan sem birtist í aðalskipulagi er einnig framfylgt í deiliskipulagsáætlunum, fjárfestingu og framkvæmdum. Grænar áherslur má sjá í verkefnum allra starfseininga sviðsins. Undirbúningur að gerð borgarlínu, þéttingu meðfram þróunarási frá austurs til vesturs, framfylgd hjólreiðaáætlunar, aðgerðaráætlanir um trjáræktarstefnu, leiksvæðastefnu, stefnu um líffræðilega fjölbreytni sem og aðgerðaráætlun í úrgangsmálum eru allt liðir í að gera Reykjavík að enn grænni borg.



Mannauður umhverfis-og skipulagssviðs er mikill. Störfin eru fjölbreytt og hver og einn gegnir hlutverki í samhangandi keðju frá stefnumótun til framkvæmda og reksturs. Því er samvinna þvert á starfseiningar lykillinn að sem mestum árangri í málaflokknum. Á árinu 2016 var tekið í notkun verkefnisstjórnunarkerfi, PIAB, sem á að stuðla að enn faglegri vinnubrögðum og meiri samvinnu og hafa um sjötíu manns sótt námskeið sem haldin hafa verið innanhúss um notkun á kerfinu. Á árinu 2017 verða öll helstu verkefni unnin í PIAB og fylgst verður vel með ávinningi af notkun kerfisins.

## HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að rekstrarrammi sviðsins hækki um 833 mkr frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2016. Þar er gert ráð fyrir tekjuaukningu upp á 85 mkr sem er einkum vegna sorphirðu eða 79 mkr.

Gert er ráð fyrir kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga og starfsmats upp á 566 mkr. Þá er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað að upphæð 282 mkr og að innri leiga lækki um 137 mkr sem er einkum vegna leigu gatna sem lækkar um 151 mkr, en leiga fasteigna og búnaðar hækkar um 14 mkr. Viðbótarfjármagn er sett í viðhald fasteigna upp á 300 mkr og viðhald gatna og opinna svæða að upphæð 87 mkr. Þá er sviðinu gert að hagræða fyrir 133 mkr sem hefur verið mætt með tekjuaukningu upp á 51 mkr, lækkun launakostnaðar upp á 10 mkr og lækkun á öðrum rekstrarkostnaði upp á 72 mkr.

Fjárhagsáætlun bílastæðasjóðs er sett fram óbreytt frá fyrra ári, en fyrir liggur að færa þarf rekstur sjóðsins undir starfsemi Umhverfis- og skipulagssviðs og færa fasteignir sjóðsins í Eignasjóð, samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016.

## KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2016 var sett fram áætlun um greiningu þjónustuþátta sviðsins og einnig var þróað nýtt verklag við greiningu þjónustuþátta. Þetta nýja verklag kallast Jafnréttismatsaðgerð og felur í sér grunngreiningu á þjónustuþáttum sem ólíklegir eru til að hafa miklar kynjaðar víddir. Fjármálastjóri USK og fulltrúi stýrihóps KFS á sviðinu hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekk þeim jafnréttismatsgreiningum sem áður hefur verið beitt á ný verkefni sem sett eru fram við fjárhagsáætlunargerð. Sérstakur gátlisti/skapalón er notaður við greiningu samkvæmt þessu nýja verklagi.

Komi í ljós að aðferðin kalli á frekari greiningu á þjónustuþáttum er farið yfir í djúpgreiningaraðferð og stofnaður starfshópur um greininguna sambærilegur þeim sem hafa unnið að greiningum á þjónustuþáttum KFS. Í meðfylgjandi töflu er að finna þau verkefni sem áætlað er að greina á árunum 2016 og 2017.

| Þjónustuþættir til KFS greiningar 2016-2017 | Ábyrgðaraðili | Greiningar- tímabil (frá - til) | Aðferð |
|---|---|---|---|
| Byggingarfulltrúi | Sviðsstjóri USK | Apríl - júlí 2016 | Jafnréttismats- aðferð |
| LUKR og landupplýsingar | Sviðsstjóri USK | Apríl - júlí 2016 | Jafnréttismats- aðferð |
| Grasagarður | Sviðsstjóri USK | September - desember 2016 | Jafnréttismats- aðferð |
| Vinnuskólinn | Sviðsstjóri USK | September 2016 - mars 2017 | Djúpgreining |
| Samgöngumál | Sviðsstjóri USK | Febrúar - maí 2017 | Jafnréttismats- aðferð |
| Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing | Sviðsstjóri USK | Febrúar - september 2017 | Djúpgreining |
| Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál) | Sviðsstjóri USK | Apríl - júlí 2017 | Jafnréttismats- aðferð |
| Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist | Sviðsstjóri USK | Apríl - júlí 2017 | Jafnréttismats- aðferð |
| Rekstur þjónustumiðstöðvar, garðyrkjustöðva og hverfastöðva | Sviðsstjóri USK | September - desember 2017 | Djúpgreining |

# SKIPTING REKSTAR 2017












# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Aðalskipulag

Breytingar og endurskoðun á einstökum stefnuákvæðum AR2010-2030 verða áfram megin viðfangsefni á árinu 2017, líkt og verið hefur undanfarin tvö ár. Borgaryfirvöld þurfa ávallt að vera viðbúin því að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu í ljósi breyttra forsenda. Það er ekki einvörðungu að forsendur breytast og þróun verður önnur en ráð var fyrir gert, heldur getur nánari athugun á deiliskipulagsstiginu leitt betur í ljós möguleika til uppbyggingar á einstökum svæðum og hvernig best er að nýta byggingarlandið. Reikna má með að um 7-9 breytingar verði í vinnslu á næsta ári í samanburði við 11 breytingar sem hafa verið í vinnsluferli árið 2016. Stærstu aðalskipulagsbreytingarnar munu væntanlega varða Ártúnshöfðann, á grundvelli rammaskipulags sem nú er í vinnslu og mögulegar breytingar vegna skipulagsvinnu í Skerjafirði. Einnig má búast við því að endurskoðun á stefnu um miðborgina muni halda áfram fram á næsta ár.

Af stærri þróunarverkefnum sem varða stefnumörkun aðalskipulags og verða mögulega í vinnslu á næsta ári, er staðarvalsgreining vegna olíuhafnar og frumathugun á samgöngu- og þróunarási (Örfirisey-Keldur). Frekari vinna við Borgarlínuverkefnið á vettvangi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins mun einnig geta leitt til endurskoðunar á einstökum stefnuákvæðum aðalskipulagsins. Frekari athuganir og úttektir á þróun ferðaþjónustu munu einnig vera á dagskrá og hafa áhrif á endurskoðun miðborgarstefnu.

Árangursrík framfylgd aðalskipulagsins felst í því að kynna stöðugt meginmarkmið þess og gera stefnuákvæði þess aðgengileg fyrir stjórnmálamenn, embættismenn, framkvæmdaaðila og allan almenning. Áframhaldandi kynning og miðlun aðalskipulagsins er margþætt og mun á næsta ári felast í frekari endurbótum á vefsvæði aðalskipulagsins (adalskipulag.is), skipulagssjá, almennum kynningum fyrir þá hópa sem þess óska og gátlistum fyrir mismunandi skrifstofur borgarinnar. Útgáfa árlegrar skýrslu um framfylgd aðalskipulagsins, sem birtist í fyrsta skipti árið 2015, er síðan mikilvægur vettvangur til að halda stefnumörkun aðalskipulagsins á lofti, ekki síst fyrir stjórnmálamenn og embættismenn innan borgarinnar. Megin þáttur í skýrslugerðinni er mat á því hvernig miðar að ná markmiðum aðalskipulagsins. Skilgreindir hafa verið lykilmælikvarðar aðalskipulagsins og er gert ráð fyrir að þeir verði áfram þróaðir. Regluleg stöðutaka á þróun borgarinnar er mikilvæg til að meta hvort ástæða er til að ráðast í breytingar á stefnunni, þ.e. hvort forsendur stefnunnar hafa tekið verulegum breytingum. Gert er ráð fyrir að framfylgdarskýrsla 2016 verði tilbúin í nóvember í ár og á næsta ári verði skýrslan tilbúin á haustdögum.

Af öðrum verkefnum, sem verða á dagskrá á næsta ári, má nefna áframhaldandi áætlanagerð vegna framfylgdar á húsnæðisstefnu og uppbyggingaráætlanir um íbúðar- og atvinnuhúsnæði, m.a. vegna fjárhagsáætlunargerðar. Umsagnir og almenn upplýsingamiðlun til umhverfis- og skipulagsráðs, Skipulagsfulltrúa og annarra sviða varðandi fyrirspurnir, lagafrumvörp, samræmi skipulagsáætlana og einstakra framkvæmda við stefnu aðalskipulags og skipulagstillögur nágrannasveitarfélaga verður áfram fastir verkliðir.

Aðkeypt vinna á árinu 2017 verður einkum vegna umhverfismats og mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, úttekta vegna einstakra verkefna og miðlun aðalskipulagsins s.s. útgáfa framfylgdarskýrslu, endurbóta á vefumhverfi og skipulagssjá. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2016 en mögulega þarf að gera áfram ráð fyrir aukaframlagi vegna sérstakra úttekta vegna innleiðingar svæðisskipulagsins, einkum vegna Borgarlínuverkefnis.

## Stefnumótun, greining og miðlun



Ný loftslagsstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt um mitt ár 2016. Stefnan felur í sér ítarlega aðgerðaáætlun með um 40 aðgerðum sem verður fylgt eftir af SGM. Ein aðgerða loftslagsstefnunnar er að það verður skylda að taka þátt í Grænum skrefum fyrir árslok 2016. Skrefin verða endurskoðuð samhliða innleiðingu þeirra á öllum vinnustöðum borgarinnar. Á árinu 2017 er horft til enn frekari þróunar Grænna skrefa þar sem lögð verður aukin áhersla á kolefnishlutlausan rekstur vinnustaða Reykjavíkurborgar í samræmi við nýja loftslagsstefnu. Áfram verður unnið með mælikvarða í umhverfis- og auðlindastefnu

Reykjavíkur. Árið 2009 náði Reykjavíkurborg þeim góða árangri að vera ein af sex borgum sem kepptu til úrslita um útnefningu til Grænu borgar Evrópu árið 2012. Á þeim tíma var unnin ítarleg umsókn sem fól í sér greinargerð á stöðu umhverfismála í borginni. Á árinu 2016 var farið yfir þá greinargerð og ákveðið að 2017 yrði lagt í vinnu við að sækja aftur um að Reykjavík verði Græn borg Evrópu. Haldið verður áfram að mæta auknum kröfum um upplýsingagjöf og miðlun. Miðlunarteymið metur í samráði við stjórnendur umfang stakra verkefna, hvort sækja þurfi eftir samráði, halda kynningarfund, hvernig haga megi kynningum og fréttum og hvaða áherslur beri að leggja. Haldið verður áfram með fundarröð formanns umhverfis– og skipulagsráðs um þróun og mótun borgarinnar sem hófst seinni hluta ársins 2014. Kynningarbæklingur um starfsáætlun USK 2017 verður gefinn út á netinu. Unnið verður markvisst að innleiðingu gildanna sem sviðið setur í öndvegi: samvinna, hófsemd, kraftur og vinsemd.

## Landupplýsingar

Þróaðar verða aðferðir til að greina gæði og öryggi göngu- og hjólaleiða, aðgengi að ýmsum stöðum og fjarlægðir á milli staða. Verkefnið verður unnið í samráði við samgöngudeild. Haldið verður áfram vinnu við lagfæringar á skráningum lóða í Landskrá fasteigna. Farið verður í kortlagningu gististaða í Reykjavík og birtingu upplýsinga í sjám. Skoðaðir verða einnig möguleikar á að skrá í LUKR alla aðra leyfisskylda starfsemi í borginni og hafa þessar upplýsingar aðgengilegar í Borgarvefsjánni. Áfram verða þróaðar nýjar lausnir til að safna rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma. Farið verður í samvinnu við Strætó í skráningu akstursleiða í LUKR og birtingu í Borgarvefsjánni. Unnið verður áfram markvisst úr fortíðarvanda sem tengist framkvæmd lóðamarkabreytinga. Hnitsetning eldri lóða mun halda áfram eins og vinna við gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni með upplýsingum um eignarhald lóða og stöðu lóðaleigusamninga. Ástand fastmerkja og hæðamerkja í borginni verður yfirfarið. Skoðaðir verða möguleikar á nýtingu gagnagrunna LUKR í Smart City verkefninu. Þróaðar verða aðferðir til að birta á vefnum og vakta reglulega stöðu uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í borginni.

## Mannauðsmál

Miðlæg fræðsla miðar að því að styðja við og efla hæfni starfsfólks og auka vellíðan í starfi. Góð samskipti á vinnustað stuðla að aukinni starfsánægju og eru grundvöllur þess að fólki líði vel í vinnunni. Áfram verður unnið með niðurstöður síðustu viðhorfskönnunar og áhersla lögð á að greina þætti sem hafa áhrif á streitu og álag. Farið verður í tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar á hverfa- og verkbækistöðvum þar sem álag ásamt veikindafjarvistum mælist hvað hæst. Stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um sjálfbærni, hvetja starfsfólk til að tileinka sér vistvæna ferðamáta og efla samvinnu sem m.a. bætir upplýsingaflæði og hagkvæmni.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Innleiðingu á gæðastjórnunarkerfinu ISO 9001 verður haldið áfram hjá starfseiningum USK og er stefnt að því að embætti skipulagsfulltrúa verði vottað árið 2017. Jafnframt því að þróa og vinna við öryggismál á sviðinu verður haldið áfram í samræmi við öryggisstjórnunarkerfið OHSAS 18001. Að lokum verður haldið áfram að vinna við undirbúning og innleiðingu á nýju kerfi fyrir utanumhald fyrir rekstrar- og gæðahandbók sviðsins. Vinnu við umhverfisstjórnunarkerfið ISO14001 verður

haldið áfram og græna bókhaldið verður endurskoðað í takt við stefnu borgarinnar um kolefnishlutleysi. Áfram verður unnið að bættri stjórnsýslu og verkferlum við úrlausnir stjórnsýslu- og lögfræðimála.

## Skrifstofa umhverfisgæða

Megináhersla skrifstofu umhverfisgæða árið 2017 verður að hrinda í framkvæmd þeim stefnum og aðgerðaáætlun sem samþykktar hafa verið á starfsviði skrifstofunnar m.a. trjáræktarstefnu, leiksvæðastefnu, stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika, aðgerðaáætlun í úrgangsmálum og tillögum starfshóps um Vinnuskóla Reykjavíkur.

### Náttúra og garðar

Fylgt verður eftir og útfærðar forsagnir og áætlanir fyrir aukna trjárækt og líffræðilega fjölbreytni á slegnum svæðum í samvinnu við skrifstofu reksturs og umhirðu. Einnig verður haldið áfram með forsagnir og tillögur um forgangsröðun á endurnýjun trjábelta. Unnið verður að því að auka tækifæri til borgarbúskaps og skoðuð framsetning tækifæra á borgarbúskap í hverfisskipulagi í samvinnu við skipulagsfulltrúa. Gerðar verða forsagnir og áætlanir um endurnýjun og viðhald leiksvæða í samvinnu við deild opinna svæða. Lögð verður áhersla á fræðslu um náttúru Reykjavíkur og horft til tækifæra í að efla þátttöku borgarbúa í aðgerðum á sviði náttúruverndar. Kortlagningu og aðgerðum gegn ágengum plöntutegundum í borgarlandinu verður haldið áfram. Kannaðir verða möguleikar á endurheimt votlendis og unnar aðgerðaáætlanir um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Horft verður til úrlausna við verndun og aukningu líffræðilegrar fjölbreytni við gerð deiliskipulags og hverfisskipulags. Unnið verður að innleiðingu aðgerðaáætlunar vegna stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Fuglalíf Tjarnarinnar verður eflt, bæði með aðgerðum í Vatnsmýri og í Tjörninni og rannsóknum á lífríkinu haldið áfram. Fylgst verður með kanínum i borgarlandinu og metin þörf á aðgerðum vegna fjölda þeirra. Hjá meindýravörnum verður farið yfir verklag vegna handsömunar katta. Náttúra og garðar lét í samvinnu við Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá taka saman gögn um kolefnisbindingu trjágróðurs bæði í skóglendum og innan þéttbýlis. Til stendur að rýna og uppfæra þessi gögn. Einnig hefur verið unnið að því meta hvort auka megi kolefnisbindingu með því að endurheimta votlendi í Úlfarsárdal.

Í Grasagarðinum verður áfram haldið úti öflugri fræðslustarfsemi og verður meiri áhersla lögð á að sinna grunnskólum. Unnið verður að eðlilegri endurnýjun safngripa í öðrum safndeildum og stutt við framkvæmdir í garðinum m.a. endurbótum í og við garðskálann. Koma þarf málefnum Fyssu og Laugatungu í farveg.

Unnið verður úr tillögum starfshóps um starfsemi Vinnuskólans, m.a. um að skipa stýrihóp til að móta stefnu skólans. Stefnt að því að efla samstarf með samráðshópi SFS, ÍTR og USK. Skilgreina betur grundvöll vinnuskólaliða og skýra reglur í samstarfi við ÍTR. Skoða fræðslumál skólans, t.d. að auka fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði gjarnan í samstarfi við SFS, SA og stéttarfélögin

### Umhverfis- og úrgangsstjórnun




Borgarbúar verða hvattir til að flokka plast og pappír og skila til endurvinnslu m.a. með því að upplýsa enn frekar um fjárhagslegan ávinning heimila við að lágmarka magn blandaðs úrgangs. Vitundarvakningu um lágmörkun notkunar burðarpoka úr plasti og annarra einnota umbúða verður hrundið af stað með margskonar aðgerðum og áhersla lögð á að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Íbúar verða hvattir til að lágmarka fjölpóst. Aðgengi verður aukið að upplýsingum um skilaleiðir fyrir endurnýtanlegan úrgang bæði fyrir íbúa og rekstraraðila með áherslu á að úrgangur sé auðlind en ekki rusl. Skil á lyfjaúrgangi verða kynnt sérstaklega og unnið að því að gera móttöku slíks úrgangs aðgengilegri. Einnig verður heimajarðgerð sérstaklega kynnt fyrir íbúum og farið verður af stað með tilraunaverkefni um söfnun á nytjahlutum frá íbúum. Áfram verður unnið að uppbyggingu grenndarstöðva s.s. með því að fjölga stöðvum þar sem hægt er að skila gleri. Niðurgröfnum grenndarstöðvum verður komið fyrir á fjölförnum stöðum þar sem byggð er hvað þéttust og landrými takmarkað. Úrgangsflokkun verður komið fyrir á fleiri almenningssvæðum í borgarlandinu. Aðgengi að úrgangsílátum verður bætt í samstarfi við íbúa til að tryggja heimilum betri og ódýrari þjónustu. Haldið verður áfram að vinna að því verkefni að draga úr matarsóun.

## Framkvæmdir og viðhald

Umhverfis- og skipulagssvið hefur tekið upp vistvænar áherslur við hönnun og framkvæmdir mannvirkja og notar til þess umhverfisvottunarkerfið BREEAM, en hluti af því kerfi er að gera vistferils- og líftímakostnaðargreiningu (LCA og LCC) mannvirkja áður en framkvæmdir hefjast. Eins og áður leggur skrifstofan mikla áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Upplýsingagjöf og kynningar varðandi framkvæmdir eru skilmerkilega fram settar.Fagleg vinnubrögð eru ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna og hagkvæmni gætt.

Áætlun um endurgerð grunnskólalóða gerir ráð fyrir að 150 milljónum verði varið árlega til málaflokksins, en á þessu ári (2016) lauk endurgerð lóða Öldusels- og Breiðagerðisskóla.

Bygging miðstöðvar skóla, menningar og íþrótta í Úlfarsárdal er í fullum gangi og er vinna við annan áfanga hafin, en fyrsta áfanga verkefnisins lauk í haustbyrjun. Einnig er vinna við viðbyggingu og endurbætur á Klettaskóla samkvæmt áætlun og hafnar eru framkvæmdir við stækkun Vesturbæjarskóla. Uppsteypu á viðbyggingu og útilaug við Sundhöll Reykjavíkur er lokið og gert ráð fyrir að framkvæmdinni verði að fullu lokið síðla árs 2017. Unnið er að hönnun breytinga á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu á Hörpureitum og gatnaframkvæmdir á Hlíðarendasvæði eru í fullum gangi. Fé til viðhalds gatna var aukið einkum til endurnýjunar malbiksyfirlagna og malbikunar yfir eldri slitlög. Unnið verður áfram að bættu verklagi við undirbúning fyrir framkvæmdir á vegum borgarinnar. Öll verkefni verða unnin í nýjum verkefnavef sem sviðið er að innleiða, PIAB, í samvinnu við verkefnastofu sviðsins.

## Rekstur og umhirða borgarlands

Hreinsun borgarlandsins verður skipulögð með það að markmiði að auka skilvirkni. Haldið verður áfram með athugun á nýrri saltgeymslu fyrir Reykjavík í samvinnu við Vegagerðina og nágrannasveitarfélög. Einnig er stefnt að skoða aukna samvinnu við Vegagerðina og nágrannasveitarfélögin í sambærilegum verkefnum t.d. vetrarþjónustu og hreinsun. Stefnt er á að ljúka vinnu við alútboð nýrrar hverfastöðvar vestur við Fiskislóð og að hefja framkvæmdir við nýbygginguna og frágang útisvæðis. Að sama skapi verði boðið út og hafnar framkvæmdir við millibyggingu hverfastöðvar austur ásamt frágangi við útisvæði og því byggingaverkefni lokið. Þar með verður lokið við að sameina hverfastöðvar í tvær megin starfsstöðvar fyrir austur og vesturhluta borgarinnar sem var markmiðið þegar umhverfis- og skipulagssvið var stofnað í upphafi árs 2013. Lokið verður við breytingar á verklagi við útgáfu afnotaleyfa og eftirlitið styrkt að sama skapi. Haldið verður áfram með athugun á því að flytja Ræktunarstöð Reykjavíkur til skrifstofu umhverfisgæða. Lögð verður áhersla á að auka enn frekar samstarf við aðrar skrifstofur og deildir, bæði innan og utan sviðsins. Haldið áfram að setja upp ruslastampa á völdum stöðum til flokkunar.

## Heilbrigðiseftirlit

Á árinu 2017 verður unnið skv. eftirlitsáætlun ársins eins og venja er. Forgangsröðunin er hugsuð út frá almannaheillum með áherslu á reglubundið eftirlit og eftirfylgni í fyrirtækjum miðað við áhættuflokkun. Áætlað er að farið verði í um 4000 eftirlitsferðir og sinnt verði kringum 1000 kvörtunum sem hafa aukist milli ára. Verkefni sem unnin verða á landsvísu eru þess fyrir utan: endurskoðun áhættugreiningar ýmissa fyrirtækjaflokka og samræmdra starfsleyfisskilyrða, hávaði í umhverfi barna, geymsluþolsmerkingar matvæla, upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda í matvælum og leiðbeiningar unnar um eftirlit með aukefnum í matvælum. Áætlað er að eitt af mikilvægustu verkum ársins verði aðkoma að endurskoðun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á Íslandi

## Skipulag, byggingar, borgarhönnun



### Skipulagsfulltrúi

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2017 samkvæmt verkefnisáætlun og að loknu samráðs-og upplýsingaferli með borgarbúum er gert ráð fyrir að senda fyrstu hverfisskipulagsáætlanirnar í formlegt auglýsinga- og kynningarferli á fyrri hluta ársins. Mikil vinna mun tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í

gangi eða í bígerð þar sem áherslan í öllum skipulagsáætlunum er á sjálfbærni og visthæfi byggðar. Þessar áherslur munu endurspeglast í fjölda nýrra deiliskipulagsáætlana í samræmi við uppbygginga- og húsnæðisstefnu borgarinnar. Stærstu verkefnin verða við Elliðaárvog, Úlfarsárdal, Gufunes, Skerjafjörð, Skeifuna og í og við samgöngu og þróunarás borgarinnar sem liggur eftir Laugavegi, Suðurlandsbraut yfir Elliðaárósa upp Stórhöfða og í átt að Keldum. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa á árinu 2017 og er áætlað að upplýsingaritið Borgarsýn komi út að fjórum sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði skipulagsmála. Að auki mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formleg umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisskipulags. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO9001 er einnig á dagskrá embættisins.

### Byggingarfulltrúi

Haldið verður áfram að skoða yfirferð umsóknargagna um byggingarleyfi og umsagnir sem þeim tengjast með hagræðingu og vandaða afgreiðslu í huga auk þess sem áfram mun verða leitast við að auka þekkingu innan embættisins til að koma til móts við kröfur sem lúta að gæðum við gerð mannvirkja og umhverfis. Skilmálaeftirlit byggingarfulltrúa mun verða aukið enn frekar til að knýja á um úrbætur á ásigkomulagi bygginga og umhverfi þeirra í samræmi við gögn og samþykktir auk eftirlits með fyrirkomulagi auglýsingaskilta og gáma í borgarlandinu. Vinna við að tryggja rétta skráningu fasteigna og flokkun íbúða sem notaðar eru fyrir gistiaðstöðu mun halda áfram á árinu 2017.

Nauðsynlegt er að leita leiða til halda áfram vinnu við að færa fundargerðir byggingarnefnda á tölvutækt form til að tryggja varðveislu þeirra, betri aðgang og færa teikningar embættisins á tölvutækt form og gera aðgengilegar á teikningavef.

### Samgöngur og borgarhönnun



Á árinu 2017 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar verður aukið á árinu. Torg í biðstöðu, sumargötur og endurhönnun göturýmis og torga í miðborginni verða helstu verkefnin á sviði borgarhönnunar. Hjólastígar verða lagðir í samræmi við hjólreiðaáætlun og hjólastæðum í Reykjavík fjölgað, auk þess sem nýjar merkingar á göngu- og hjólastígum verða settar upp. Forgangur Strætó í borginni verður aukinn með framkvæmdum við forgangsakreinar og hugað sérstaklega að biðskýlum og aðkomu að þeim. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringum og forgangi neyðarumferðar og strætisvagna á ljósastýrðum gatnamótum. Í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verður unnið að heildaryfirferð á leiðakerfi almenningssamgangna og skipulagi Borgarlínunnar, nýs hágæðakerfis almenningssamgangna. Unnar verða tillögur að útfærslu og uppbyggingu á þróunarás Reykjavíkur þar sem Borgarlínan verður hryggjarstykkið. Stutt verður við aðgerðir sem hraða rafbílavæðingu. Í samvinnu við Vegagerðina verður unnin greining á umferðarástandi á stofnvegakerfinu, deiliskipulagi fyrir þjóðveg eitt á Kjalarnesi og fleiri verkefnum. Aðgengi fyrir fatlað fólk verður bætt í miðborginni. Umferðarskipulag Kvosar verður endurskoðað, gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegar færð og umferð á Austurhafnarlóð breytt. Hugað verður sérstaklega að umferð vegna ferðamennsku í borginni. Umferðaröryggismál verða sem fyrr til stöðugrar skoðunar. Áfram er lögð áhersla á öryggi á gönguleiðum skólabarna. Styrkir til úrbóta í hljóðvistarmálum eru til meðferðar og unnið að hönnun hljóðvarna við stærstu umferðaræðar.

### Bílastæðasjóður

Verulegar breytingar standa til í rekstrarumhverfi Bílastæðasjóðs en verið er að sameina allan rekstur sjóðsins við rekstur umhverfis– og samgöngusvið. Þeim tekjum sem aflað er með heimild í umferðalögum verður þó haldið sér og nýttar til að gera og reka bifreiðastæði og bílageymslur. Þá verða húseignir sjóðsins fluttar til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en þó aðgreindar frá öðrum eignum. Umræða hefur verið um að til standi að endurskoða umferðalögin m.a. heimildir sveitafélaga til að innheimta stöðvunarbrotagjöld. Hvort endurskoðun laganna mun hafa áhrif á rekstrarumhverfi sjóðsins kemur væntanlega í ljós þegar þeirri vinnu lýkur.

Megináherslur árið 2017 felast í því að halda áfram að bæta þjónustu við viðskiptavini, þannig að auðvelt verður að greiða fyrir bílastæði með snjallsímum. Lítillega hefur dregið úr fjölda stöðubrotagjalda og er markmiðið að draga úr fjölda

gjaldanna, sérstaklega vegna bílastæða hreyfihamlaðra. Stefnt er að því að kynna betur hversu kostnaðarsamt það er að leggja ólöglega. Aukastöðugjald hefur ekki hækkað í 6 ár og stefnt að hækkun þeirra gjalda 1. janúar n.k. Þá hækkar önnur gjaldskrá um 3—10 % að jafnaði. Þá mun árið einkennast af stefnumótunarvinnu, þar sem unnið verður að sameiningu sjóðsins við USK sem og málefnum er varða gjaldskyld svæði og fjölgun gjaldskyldra bílastæða.

Til hefur staðið að fara í frekari byggingaframkvæmdir í miðborginni þar sem gert er ráð fyrir að Bílastæðasjóður taki þátt í og komi að byggingu bílakjallara ásamt öðrum eigendum lóða. Hafnar eru framkvæmdir við Austurbakka og mun Bílastæðasjóður væntanlega kaupa tæp 90 bílastæði í byrjun og eru samningar þar um á lokametrunum. Þá eru byggingar í Vesturbugt í útboðsferli en undir þeim stendur til að byggja bílakjallara. Þá verður dregið úr fjölgun gjaldmæla og fjárfest í rafrænum lausnum. Framtíðarsýnin er gjaldmælalaus gjaldsvæði.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útk.spá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur** | | | | | |
| Útgefin starfsleyfi | 550 | 485 | 455 | 550 | 550 |
| Tóbakssöluleyfi | 35 | 57 | 55 | 30 | 30 |
| Skráðir hundar | 2.540 | 2.540 | 2.550 | 2650 | 2650 |
| Fjöldi eftirlitsferða (- hundaeftirlit) | 3.500 | 3.227 | 3.227 | 4500 | 4500 |
| Fjöldi kvartana (- hundaeftirlit) | 500 | 493 | 500 | 550 | 700 |
| Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar) | 8 | 8 | 9 | 8 | - |
| Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna) | 0 | 2% | 0% | 0 | 0 |
| Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni) | 10% | 21,50% | 5,20% | 0 | 0 |
| **Náttúra og garðar** | | | | | |
| Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði | 5.649 | 5.600 | 5.496 | 5.200 | 5.100 |
| Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins | 3.994 | 3.500 | 2.273 | 1.500 | 2.500 |
| Nemendur í Vinnuskólanum | 1.588 | 1.577 | 1425 | 1174 | 1173 |
| **Sorphirða við heimili** | | | | | |
| Fjöldi íláta, blandað sorp [tunnuígildi] | 36.081 | 35.000 | 33.413 | 33.500 | 33.750 |
| Blandaður úrgangur [tonn] | 19.308 | 18.085 | 18.402 | 18.000 | 18.000 |
| Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa] | 159 | 149 | 151 | 150 | 149 |
| Fjöldi blárra tunna [stk] | 11.284 | 12.000 | 12.258 | 13.500 | 13.800 |
| Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn] | 2.384 | 3.300 | 3.267 | 3.500 | 3.700 |
| Fjöldi grænna tuna (stk) | N/A | N/A | 2.000 | 2.500 | 3.500 |
| Plast í grænar tunnur (tonn) | N/A | N/A | 50 | 200 | 250 |
| **Grenndarstöðvar** | | | | | |
| Fjöldi grenndarstöðva | 56 | 57 | 57 | 57 | 57 |
| Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn] | 1.087 | 1000 | 1.200 | 1.300 | 1.400 |
| Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn] | 41 | 70 | 100 | 140 | 150 |
| Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn) | N/A | N/A | 8 | 25 | 35 |
| **Endurvinnslustöðvar** | | | | | |
| Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| Móttekið magn úrgangs. [tonn] | 33.318 | 35.000 | 36.000 | 43.200 | 44.000 |
| **Samgönguskrifstofa** | | | | | |
| Umferðaróhöpp með meiðslum | 247 | 266 | 258 | 245 | 233 |
| Fjöldi umferðarljósa | 125 | 125 | 124 | 122 | 122 |
| Fjöldi gangbrautarljósa | 35 | 35 | 35 | 36 | 36 |
| Nagladekkjanotkun (hlutfall) | 35 | 33 | 35 | 31 | 31 |
| Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km) | 23 | 30 | 35 | 43 | 48 |
| Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km) | 775 | 778 | 802 | 786 | 760 |
| **Skipulagsmál** | | | | | |
| Fjöldi kærðra mála | 25 | 45 | 45 | 40 | 35 |
| Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins | 9.feb | 18.apr | 22.júl | 20.jún | 18/13 |
| Frávísuð og staðfest mál | 4 | 4 | 5 | 4 | 15 |
| Ákvarðanir felldar úr gildi | 1 | 0 | 2 | 2 | 3 |
| Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs | 1.263 | 1.048 | 1.207 | 1.100 | 1.200 |
| **Skipulagsfulltrúi** | | | | | |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundum | 1.532 | 1.848 | 1.988 | 1.850 | 1.950 |
| Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda | 69 | 98 | 94 | 80 | 95 |
| Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums. | 130/30 | 132/54 | 120/50 | 140/30 | 140/35 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH

| | 2013 | 2014 | 2015 | Útk.spá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Byggingarfulltrúi** | | | | | |
| Samþykktir m3 | 663.996 (294.508 íbúðarh.) | 530.661 (285.168 íbúarh.) | 911.749 | 600.000 | 700.000 |
| Byggðir m3 (lokið við) | 222.309 (137.646 íbúðarh.) | 275.214 (147.039 íbúðarh.) | 451.244 (300.000 íbúðarh.) | 500.000 | 500.000 |
| Samþykktir m2 | 174.791 (91.572 íbúðarh.) | 135.930 (86.807 íbúarh.) | 235.055 (150.715 íbúðarh.) | 150.000 | 200.000 |
| Byggðir m2 (lokið við) | 75.920 (42.203 íbúðarh.) | 52.556 (38.709 íbúðarh.) | 90.949 (26.799 íbúðarh.) | 150.000 | 150.000 |
| Fullgerðar íbúðir | 353 | 271 | 388 | 500 | 600 |
| Hafin smíði nýrra íbúða | 614 | 597 | 926 | 500 | 600 |
| Fjöldi úttekta | 2.607 | 3.843 | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| Yfirferð uppdrátta | 21.036 | 27.397 | 27.500 | 27.000 | 27.000 |
| Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir | 267/203 | 277/233 | 298/211 | 300/200 | 300/200 |
| Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda | 13.835 | 15.508 | 18.148 | 16.000 | 17.000 |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundum | 2.950 | 3.392 | 3.352 | 3.300 | 3.400 |
| **Rekstur og umhirða** | | | | | |
| Bekkir | 1.550 | 1.508 | 1.160 | 1.166 | 1.166 |
| Stampar | 1.300 | 1.514 | 1.514 | 1.394 | 1.400 |
| Sláttur - flatarmál (m2) | 4.731.224 | 4.856.030 | 4.762.287 | 4.686.040 | 4.686.040 |
| Sláttur – fjöldi sláttusvæða | 9759 | 9.850 | - | 9.644 | 9.644 |
| Hitakerfi - flatarmál (m2) | 230.000 | 238.480 | 245.123 | 250.467 | 250.467 |
| Ljósastaurar | 22.522 | 22.972 | 21.934 | 22.059 | 22.059 |
| Vetrarþ. gatna. ökulengd (km) | 1027 | 1028 | 965 | 967 | 1000 |
| Vetrarþ. gönguleiða (km) | 800 | 773 | 798 | 806 | 810 |
| Hreinsun gatna og gönguleiða - flatamál (m2) | 5.254.400 | 5.311.595 | 6.600.000 | 6.567.162 | 6.567.162 |
| Útgefin afnotaleyfi | 800 | 820 | 804 | 851 | 998 |

# VELFERÐARSVIÐ

**LEIÐARLJÓS:**

**Virðing – virkni – velferð**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Þjónustutekjur | 2.176.611 |
| Tekjur v. verkefna frá ríki | 1.946.528 |
| **Tekjur samtals** | **4.123.139** |
| Laun og launatengd gjöld | 13.530.050. |
| Annar rekstrarkostnaður | 12.360.182 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **25.890.232** |
| **Rekstarniðurstaða** | **21.767.093** |

## SKIPURIT




## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi stöðugilda | 1.581 |
| Skrifstofur (þ.m.t. þjónustumiðst.) | 289 |
| Búsetuúrræði | 542 |
| Félagsmiðstöðvar | 71 |
| Dagþjónusta | 57 |
| Heimaþj. - heimahj. | 371 |
| Hjúkrunarheimili | 120 |
| Þjónustuíbúðir | 54 |
| Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla | 42 |
| Ýmis úrræði | 35 |

## HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, framkvæmd og samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði. Lagaskyld verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á skv. stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru m.a. fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, málefni aldraðra, sérfræðiþjónusta skóla, málefni fatlaðs fólks, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Starfseiningar velferðarsviðs eru rúmlega 120 talsins og er þjónusta veitt allan sólarhringinn á yfir helming þeirra.

# MEGINÁHERSLUR VELFERÐARRÁÐS 2017

Fyrir árið 2017 leggur velferðarráð áherslu á forvarnir og heilsueflingu með framtíð ungs fólks að leiðarljósi. Áframhaldandi þróun á þjónustu við aldraða með tilliti til fjölgunar eldra fólks og fjölbreyttra þjónustuþarfa. Við þróun á þjónustu við fatlað fólk skal tekið tillit til fjölbreytts hóps og einstaklingsbundina þarfa. Leggja þarf áherslu á þjónustu við einstaklinga sem komið hafa hingað til lands, hælisleitendur og flóttafólk og finna leiðir til að efla og samræma þjónustu við þann hóp. Notendasamráð skal haft að leiðarljósi við veitingu þjónustu sviðsins. Áhersla verður lögð á að framkvæmd aðgerðaáætlana verði með þeim hætti að nýsköpun, heilsuefling og tengsl við notendur og lykilaðila, utan og innan borgarinnar, verði höfð að leiðarljósi. Lykilatriði: virkni og vellíðan, frumkvæði og sköpunarkraftur, samsköpun (co-creation) og samfélagsleg ábyrgð.

Framkvæmd byggir á samþykktum stefnum borgarinnar í málaflokkum og aðgerðaáætlunum þeim tengdar.

Helstu viðfangsefni:

- Heilsuefling og forvarnir.
- Stuðningur og einstaklingsbundin ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar.
- Þjónusta við aldraða.
- Þjónusta við fatlað fólk.
- Þjónusta við innflytjendur, hælisleitendur og flóttafólk.
- Húsnæðismál.
- Nýsköpun og frumkvæði.

# FJÁRHAGSÁÆTLUN

Úthlutaður fjárhagsrammi árið 2017 byggir á frumvarpi 2016, verðbótum á annan rekstrarkostnað, kjarasamningshækkunum og gjaldskrárhækkunum. Verðbólguspá er 3,9%. Viðbætur í ramma sviðins vegna nýrra og áframhaldandi verkefna voru um 500 m.kr. og hagræðing á árinu samkvæmt rammaúthlutun er 215,6 m.kr.

Neyðaráætlun var samþykkt í apríl 2016 til að bregðast við biðlistum og er gert er ráð fyrir opnun tveggja íbúðakjarna á árinu 2017. Unnið verður áfram að uppbyggingaráætlun fyrir sértæk húsnæðisúrræði samkvæmt fimm ára áætlun. Áframhald er á vinnu við innleiðingu einstaklingsbundinna þjónustuáætlana í málefnum fatlaðs fólks í samræmi við reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Fleiri rými verða í virkni-, verkefna og vinnumiðaðri stoðþjónustu og þróun með þá þjónustu verður haldið áfram. Gert er ráð fyrir áframhaldi á tilraunarverkefninu NPA, notendastýrð persónuleg aðstoð þó svo að óljóst sem með framahald verkefnisins. Viðbætur vegna þjónustu við börn með þroska- og geðraskanir fengust að hluta í ramma 2017 en viðræður við ríkið hafa ennþá lítinn árangur borið og hefur velferðarsvið tekið að fullu á sig ábyrgð gagnvart umræddum hópi. Fjárhagsaðstoð og sértækur húsnæðisstuðningur verða áfram bundnir liðir en almennar húsaleigubætur færast yfir til ríkisins þann 1. janúar 2017.

Þrátt fyrir að nokkrar viðbætur hafi fengist í fjárhagsramma má lítið út af bregða í rekstri. Þó notendum fjárhagsaðstoðar hafi fækkað þá er lítið svigrúm í áætlun sviðsins til að mæta breytingum í þjónustuþörf innan ársins en eðli velferðarþjónustunnar er síbreytilegt. Þarfir notenda eru ekki alltaf fyrirsjáanlegar og geta breyst hratt. Ljóst er því að um leið og velferðarsvið þarf að sýna verulegt og stöðugt aðhald í rekstri á árinu 2017 verður það viðvarandi áskorun að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp. Því er brýnt að starfsfólk velferðarsviðs í samráði við notendur þjónustunnar leiti nýrra leiða til að veita þjónustu og nýta fjármagn sem best. Óbreyttur rekstur mun ekki geta til framtíðar uppfyllt þarfir íbúa, mætt breyttri hugmyndafræði og fyrirsjáanlegri fjölgun notenda um leið og kröfum um veitingu þjónustu innan fjárheimilda er mætt. Viðræðum við ríkið um fjármögnun á þeim verkefnum sem skarast vegna velferðarmála samanber grábók samband íslenskra sveitarfélaga verður haldið áfram. Þó ríkir bjartsýni um að batnandi efnahagsástand á næstu árum muni leiða til aukins fjármagns til að mæta enn betur þörfum fyrir velferðarþjónustu í Reykjavík.

## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM




Fjárhagsáætlun velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustuþáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins.

Kökuritið hér til hliðar (mynd 1) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustuþætti. Sjá má að Búsetuúrræði vegur þyngst í rekstri eða um 21% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Annar rekstur kemur þar á eftir með rúm 20%, en til annars reksturs telst m. a. dagþjónusta, stuðningsþjónusta, framleiðslu-eldhús og fleira. Samanlagður rekstur skrifstofu þjónustumiðstöðva, barnaverndar og velferðarsviðs er 13%. Heimaþjónusta og heimahjúkrun eru samtals um 13%. Samningar, framlög og styrkir rúm 12%, fjárhagsaðstoð næstum 10%, félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir 6% og sérstakur húsnæðisstuðningur svo rúm 4%.

## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR STARFSEININGUM




Þegar útgjöldum velferðarsviðs er skipt upp eftir starfseiningum (mynd 2) kemur fram að rúmlega 65% alls fjármagns fer í gegnum þjónustumiðstöðvar sviðsins. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og nýsameinuð þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða eru þar umfangmestar. Þangað fer næstum um 40% af fjármagni sviðsins. Til skrifstofu velferðarsviðs fara um 21% en þar eru meðtaldir samningar vegna málefna fatlaðs fólks þ.m.t samningur við Styrktarfélagið Ás og þróunarverkefni þriggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Til reksturs þjónustumiðstöðvar Breiðholts fara 10% en tæp 9% til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness (Miðgarður) og rúm 8% til þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Til hjúkrunarheimila og Barnaverndar Reykjavíkur fara um 5% hver.

## MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS




Fjárhagsáætlun ársins 2017 fyrir málaflokkinn er 8,5 ma.kr. Við vinnslu áætlunar 2017 var gerð breyting á mönnunarlíkani búsetuúrræða og grunnmönnun skilgreind. Þannig var notast við dálkaframsetningu til að fanga sérþarfir íbúa og utanaðkomandi þátta, s.s. dagþjónustu, veikindi íbúa, veikindi starfsmanna, sumarafleysingu o.fl. Gert er ráð fyrir opnun tveggja nýrra íbúðakjarna á árinu 2017 til viðbótar við fyrri samþykktir í áfangaskiptri fimm ára uppbyggingaráætlun. Samþykkt var neyðaráætlun í apríl 2016 til að bregðast við neyðarmálum á biðlista og þar er einnig gert er ráð fyrir opnun tveggja íbúðakjarna á árinu 2017. Kökuritið hér til hliðar (mynd 3) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda á milli þjónustumiðstöðva velferðarsviðs. Þjónusta skammtímaheimila fellur undir þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Samningur við styrktarfélagið Ás fellur undir skrifstofu sviðsins. Tekjur fyrir málaflokkinn eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum.

# TEKJUR OG GJÖLD




Þegar tekjur sviðsins eru skoðaðar (mynd 4) má sjá að tekjur heimahjúkrunar vega þyngst eða um 33%. Samningur Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu nemur um 1,3 ma.kr. á ári. Aðrar tekjur eru tæp 33%. Hjúkrunarheimilin Droplaugarstaðir og Seljahlíð eru rekin að undan skilinni húsaleigu á daggjöldum frá ríkinu sem vega um 27% af tekjum sviðsins. Aðrar tekjur eru þjónustutekjur vegna ýmissa liða svo sem matarþjónustu, félagslegrar heimaþjónustu, dvalargjalda, akstursþjónustu og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra. Heildartekjur sviðsins á fjárhagsárinu 2017 eru áætlaðar um 4,1 ma.kr. og heildarútgjöld um 25,9 ma.kr. Eins og fram hefur komið eru tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málaflokks fatlaðs fólk færðar miðlægt.

# FJÁRHAGSAÐSTOÐ




Útgjöld til fjárhagsaðstoðar er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði nærri 2,5 ma.kr sem er lækkun um 832 m.kr á milli ára. Þá tekur áætlun 2017 mið af fækkun notenda framfærslustyrks á árinu, gert er ráð fyrir að þeir verði 2.961 skv. endurskoðaðri áætlun ársins 2016. Áfram er gert ráð fyrir þeirri þróun á næsta ári og að þeim fækki um næstum 300 á árinu 2017. Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda fjárhagsaðstoðar.

Áætlun gerir ráð fyrir að framfærslustyrkur vegi um 76% alls fjármagns vegna fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs á árinu 2017, þó gert sé ráð fyrir að útgjöld muni lækka um 719 m.kr. á milli ára. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar vega um 19% og aðrar heimildargreiðslur um 5%.

# KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir áframhaldandi innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og áætlunarferlinu. Með aðferðafræði KFS er núverandi staða kynjanna greind og lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Velferðarsvið hefur tekið þátt í innleiðingu á KFS hjá Reykjavíkurborg frá upphafi en innleiðing hófst árið 2011. Síðan þá hafa verið unnin tilraunaverkefni tengd félagsstarfi aldraðra og málefnum utangarðsfólks auk þess sem fjárhagsaðstoð og stuðningsþjónusta hefur verið greind. Gert er ráð fyrir áframhaldandi greiningu á þjónustu velferðarsviðs en það er markmið stýrihóps um innleiðingu á KFS að allir þjónustuþættir verði greindir fyrir árslok 2017.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Húsaleigubætur

Helstu breytingar á fjárhagsramma sviðsins fyrir árið 2017 er vegna gildistöku laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 sem munu taka gildi 1. janúar 2017. Þá mun afgreiðsla og fjármögnun almennra húsaleigubóta flytjast til ríkisins í formi húsnæðisbóta. Velferðarsvið verður áfram með afgreiðslu sérstakra húsaleigubóta í formi sérstaks húsnæðisstuðnings en án mótframlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

## Málefni fatlaðs fólks

Til viðbótar við þá þróunarvinnu sem í gangi er hjá sviðinu er mikilvægt að huga að aukinni fjölbreytni í þjónustu. Skoða þarf framboð á íbúðum fyrir fatlað fólk sem þarf sérstakan stuðning sbr. út frá kjarna íbúðum og tímabundna búsetu til kennslu,

þjálfunar og stuðnings fyrir ungt fólk með þroskahömlun sbr. þjónustu sem veitt er til fólks með geðfötlun. Einnig þarf að huga að breytingum á þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara þannig að þær henti fötluðu fólki. Gert er ráð fyrir opnun fjögurra nýrra íbúðakjarna á árinu 2017 í takt við uppbyggingar og neyðaráætlun velferðarsviðs. Áframhald verður á viðræðum við ríkið vegna barna með þroska- og geðraskanir en mikilvægt er að það axli ábyrgð á þeim kostnaði sem hvílt hefur til þessa á velferðarsviði.

## Málefni aldraðra

Til að mæta auknum fjölda aldraðra sem þurfa á stuðningi að halda er mikilvægt að geta verið með snemmtæka íhlutun. Þannig þarf að veita fólk viðeignandi stuðning til að halda færni sinni sem lengst og halda heimili sé það val hlutaðeigandi. Gerð hefur verið tilraun með markvissa leiðbeiningu og stuðning við heimilishald og athafnir daglegs lífs í einu hverfi borgarinnar sem skilað hefur góðum árangri. Mikilvægt er að geta boðið upp á slíka þjónustu í öllum hverfum borgarinnar. Jafnframt er mikilvægt í allri þróun þjónustu við aldraða að horfa meira til fjölbreytni innan hópsins sem fer vaxandi með aldri, samanber breytingar á þjónustuíbúðum með hliðsjón af sérstökum þörfum.

## Innflytjendur, hælisleitendur og flóttamenn

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að fleiri einstaklingar og fjölskyldur munu leita eftir búsetu í Reykjavík til skemmri eða lengri tíma. Sviðið telur nauðsynlegt að efla sérhæfa þjónustu og bæta aðgengi innflytjenda að þjónustu sviðsins m.a. með bættri upplýsingagjöf. Jafnframt er afar mikilvægt að styrkja strax þá forelda af erlendum uppruna sem á þurfa að halda í uppeldishlutverki sínu og veita börnum innflytjenda markvissan stuðning þannig að vel takist til við félagslega aðlögun fjölskyldna að íslensku samfélagi. Að færa þjónustuna meira út á vettvang t.d. með stofnun sérstakra fjölskyldumiðstöðva er leið sem ýmsar nágrannaþjóðir hafa farið. Ljóst er að það verður að bregðast fljótt við í þróun þjónustu við þennan hóp til að forðast þann vanda sem upp hefur komið víðsvegar í Evrópu þar sem aðlögun hefur gengið mis vel.

## Velferðartækni

Nýsköpun og auknar tæknilausnir gefa tilefni til nýrrar nálgunar í veitingu þjónustu hjá sviðinu. Mikilvægt er að geta nýtt þessi tækifæri til að þróa nýjar leiðir. Nýting hjálpartækja, snjallsíma, ýmiskonar smáforrita geta í senn bætt aðgengi að þjónustu, gert fólk meira sjálfbjarga (valdefling) auk þess að mæta hugsanlegum skorti á starfsmönnum í umönnunarstörfum. Svigrúm þarf að vera fyrir hendi þannig að starfsmenn sviðsins geti aflað sér nýrrar þekkingar, kynnt og innleitt eftir því sem þörf er á.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| (Fjárhæðir í þús. kr.) | Árið 2015 | Esk.2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagsaðstoð** | | | |
| Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar 1) | 2.867.710 | 3.068.096 | 2.471.690 |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu | 2.218.785 | 2.365.755 | 1.856.808 |
| Framfærsla vegna náms | 268.365 | 301.587 | 228.464 |
| Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni | 380.561 | 400.754 | 386.417 |
| Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls | 3.677 | 2.961 | 2.600 |
| **Húsaleigubætur** | | | |
| Heildarupphæð | 2.000.273 | 2.141.000 | - |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | 654.061 | 727.940 | - |
| Fjöldi heimila | 8.548 | 8.411 | - |
| **Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði** | | | |
| Heildarupphæð | 348.845 | 381.370 | 341.376 |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | 140.699 | 152.548 | 341.376 |
| Fjöldi heimila | 1.291 | 1.266 | 1.300 |
| **Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða** | | | |
| Fjöldi úthlutana | 126 | 160 | 386 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 723 | 856 | 745 |
| Fjöldi íbúða | 1.901 | 1.901 | 2.127 |
| Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð | 654.401 | 679.543 | 760.463 |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | 283.530 | 295.304 | 760.463 |
| **Þjónustuíbúðir** | | | |
| Fjöldi úthlutana | 83 | 74 | 94 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 190 | 176 | 156 |
| Fjöldi íbúða | 375 | 375 | 395 |
| **Hjúkrunarrými** | | | |
| Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum | 82 | 82 | 82 |
| Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir | 945.241 | 1.041.843 | 1.071.722 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag | 32 | 35 | 36 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum | 26 | 27 | 28 |
| Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð | 20 | 20 | 20 |
| Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild | 332.423 | 287.706 | 295.196 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð | 46 | 39 | 40 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag | 25 | 28 | 29 |
| **Heimaþjónusta 2)** | | | |
| Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld) | 1.806.087 | 1.876.321 | 1.994.964 |
| Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta | 271.321 | 291.579 | 310.378 |
| Félagsleg heimaþjónusta - fjöldi heimila | 3.745 | 3.750 | 3.750 |
| Heildarkostnaður heimahjúkrun | 1.305.400 | 1.314.307 | 1.370.857 |
| Heimahjúkrun - Fjöldi notenda | 2.387 | 2.468 | 2.552 |
| **Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)** | | | |
| Heildarkostnaður | 437.657 | 475.030 | 500.906 |
| Fjöldi notenda | 747 | 750 | 790 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| (Fjárhæðir í þús. kr.) | Árið 2015 | Esk.2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|
| **Þjónusta við fatlað fólk** | | | |
| Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður | 163.316 | 207.506 | 218.789 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður | 73.974 | 80.490 | 83.736 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna | 210 | 204 | 220 |
| Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður | 237.845 | 264.345 | 291.522 |
| Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður | 293.382 | 333.404 | 355.151 |
| Búsetuúrræði - Heildarkostnaður | 4.340.596 | 4.846.598 | 5.479.059 |
| **Matarþjónusta** | | | |
| Fjöldi notenda með heimsendan mat | 960 | 1.016 | 1.020 |
| Fjöldi heimsendra máltíða | 108.551 | 112.948 | 111.629 |
| **Þjónusta við börn** | | | |
| Fjöldi barnaverndartilkynninga | 3.948 | 3.969 | 4.000 |
| Heildarkostnaður við varanlegt fóstur | 168.672 | 143.520 | 141.820 |
| Fjöldi barna í varanlegu fóstri | 126 | 126 | 125 |
| Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl. | 119.567 | 145.200 | 161.880 |
| Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl. | 100 | 100 | 100 |
| Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur | 20.406 | 26.730 | 27.948 |
| Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur | 91 | 91 | 100 |

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlíð meðtalin.

# SKORKORT 2017

| | Mælikvarðar | Áætlun / útkoma 2015 | Útkomuspá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| | Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur | 17% | 17% | 16% |
| | Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á sl. 12 mánuðum | 5,8 | 6 | 5,5 |
| | Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a | 51% | 50% | 55% |
| | Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf | 41% | 43% | 50% |
| | Hlutfall þátttakenda í endurhæfingarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar sem ekki eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift | 40% | 67% | 67% |
| | Hlutfall umsækjanda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm.markaði | 13% | 15% | 17% |
| | Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif. | 38% | 36% | 37% |
| | Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu | 15% | 15% | 16% |
| **Fjármál** | | | | |
| | Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda | 108% | 96% | 100% |
| | Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda | 102% | 100% | 100% |
| | Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða | 101% | 106% | 100% |
| **Verklag** | | | | |
| | Hlutfall mála sem skotið er til áfrýjunarnefndar velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga | 65% | 68% | 70% |
| | Fjöldi útgefinna gæðaskjala í gæðahandbók | - | 50 | 50 |
| | Fjöldi MA nema í starfsþjálfun eða með samkomulag við velferðarsvið um gerð lokaverkefnis | | 27 | 50 |
| **Mannauður** | | | | |
| | Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtta í starfi | 79% | 90% | 90% |
| | Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli | 82% | 90% | 90% |
| | Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum | 68% | 85% | 85% |
| | Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum | 40% | 75% | 75% |
| | Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið | 83% | 90% | 90% |
| | Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf | 79% | 85% | 85% |
| | Vinnustaðurinn minn hefur góða ímynd | 72% | 80% | 80% |
| | Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum | 82% | 90% | 90% |
| | Veikindahlutfall | 6% | 6% | 6% |

# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

**Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.650.739 |
| **Tekjur samtals** | **1.650.739** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.745.616 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.988.434 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **4.734.050** |
| **Rekstarniðurstaða** | **3.083.311** |

## SKIPURIT




## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi ársverka | 262,9 |
| **Eftir skrifstofum:** | |
| Borgarlögmaður | 9 |
| Innri endurskoðandi | 7,8 |
| Fjármálaskrifstofan | 85 |
| Mannréttindaskrifstofa | 7,6 |
| Skrifst. borgarstj. og borgarr. | 46,6 |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 8,5 |
| Skrifst. þjónustu og rekstrar | 84,4 |
| Skrifst. eigna. og atvinnuþr. | 14 |

## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns og innri endurskoðunar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagmálum, innkaupamálum, mannauðsmálum, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og mannréttindaskrifstofa.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

## Breytingar á stöðugildum 2017

Ársverkum fækkar í miðlægri stjórnsýslu um 18,0. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Innri endurskoðun: fækkun um 0,9 stöðugildi.
2. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: fækkun um 2,8 stöðugildi. Fækkun um eitt stöðugildi á skrifstofunni þar sem staða erindreka var lögð niður og fækkun um 1,8 stöðugildi í atvinnumálum samhliða bættu atvinnuástandi.
3. Skrifstofa borgarstjórnar: fækkun um 0,5 stöðugildi vegna hagræðingar.
4. Skrifstofa þjónustu og reksturs: fækkun um 14,9 stöðugildi. Fækkun um 6 stöðugildi í mötuneyti á Höfðatorgi, fjölgun um 4 stöðugildi vegna rafrænnar þjónustumiðstöðvar, fjölgun um 2 stöðugildi vegna snjallborgar, fækkun um 12 stöðugildi á upplýsingatæknideild vegna hagræðingar og önnur fækkun um 2,9 stöðugildi vegna hagræðingar.
5. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar: fjölgun um 1 stöðugildi tímabundið þar sem ráðinn var starfsmaður til að sjá um húsnæði fyrir hælisleitendur.

## Fjárhagsáætlun 2017

Rekstur á miðlægum skrifstofum 2016 var áætlaður 2.633 þ.kr. Endurskoðuð áætlun 2016 er 2.949 þ.kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun á árinu 2016 hefur verið vegna áhrifa kjarasamninga, hagræðingar og flutnings ferlinefndar.

Viðbótarfjármagn til miðlægrar skrifstofu í fjárhagsáætlun 2017 helgast helst af eftirfarandi:

1. Kostnaðarmats kjarasamninga 438 mkr.
2. Innri leiga verðbætur 40 mkr.
3. Verðbætur vegna samninga 20 mkr.
4. Stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar 41 mkr.
5. Flutningur ferlinefndar frá USK til mannréttindaskrifstofu 3 mkr.
6. Hagræðing -92 mkr.

**Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og borgarritara, annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innanlands og utan, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið, sem og fjármálastjórnun í miðlægri stjórnsýslu, þá eru íbúalýðræðismál vistuð á skrifstofunni. Undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heyra upplýsinga- og vefdeild, mannauðsdeild, tölfræði og greining og borgarskjalasafn.

**Upplýsinga- og vefdeild** heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir og ber ábyrgð á vefsvæðum borgarinnar. Þá heldur deildin úti samfélagsmiðlun fyrir borgina, m.a. á facebook, twitter og instragram. Deildin sér um að þróa og uppfæra vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is. Starfsfólk deildarinnar sér um fréttaskrif, útbýr fréttatilkynningar til útsendingar til fjölmiðla og svarar fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið. Hún er ráðgefandi fyrir fagsvið og skrifstofur borgarinnar varðandi samskipti við fjölmiðla, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir. Þá heldur hún utan um fjölmargar fyrirspurnir sem berast frá erlendum fjölmiðlum auk viðtalsbeiðna til borgarstjóra erlendis frá.

**Mannauðsdeild** hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar. Hún leiðir stefnumótun í mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmdri framkvæmd starfsmannastefnu. Deildin veitir ráðgjöf til borgaryfirvalda í mannauðs- og atvinnumálum. Deildin kemur að gerð kjarasamninga, ber ábyrgð á framkvæmd launasetningar, þar á meðal starfsmatsins, hefur umsjón með atvinnumálum og sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur Reykjavíkurborgar. Deildin fer með mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

**Tölfræði og greining** ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga, þróun mælikvarða og samræmdri miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Undir deildina heyra verkefni um þróun stjórnendaupplýsinga og innleiðing stjórnendaupplýsingahugbúnaðar. Þá sinnir deildin þróun og uppfærslu á Árbók Reykjavíkurborgar og verkefnum tengdum grænu hagkerfi.

**Borgarskjalasafn** mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borginnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Safnið tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim. Brýnasta verkefnið framundan er að tryggja rafræna langtímavörslu skjala.

**Fjármálaskrifstofa** hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu, greiðslu reikninga, utanumhald um innkaupakort, álagningu og innheimtu fasteignagjalda og eftirliti með almennri innheimtu. Fjármálaskrifstofa annast skil virðisaukaskatts og fjármagnstekjuskatts til ríkissjóðs. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkönnunum. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launaþróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar, auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjörs- og skuldabréfakerfi og mannauðskerfi borgarinnar.

**Skrifstofa þjónustu og reksturs** hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu, þjónustu í framlínu og upplýsingatæknimálum borgarinnar. Skrifstofan heldur einnig utan um og samstillir verkefni sem snúa að snjallborginni Reykjavík. Skrifstofa þjónustu og reksturs skiptist í fjórar deildir: rafræna þjónustumiðstöð, skjaladeild, upplýsingatæknideild og þjónustudeild.

**Rafræn þjónustumiðstöð** tók formlega til starfa á síðasta ársfjórðungi 2016. Rekstur og þróun Rafrænnar Reykjavíkur (Mínar síður) sem áður heyrði undir þjónustudeild heyrir nú undir rafræna þjónustumiðstöð en deildin leitar til UTD um framkvæmd allrar tæknilegrar vinnu. Rafræn þjónustumiðstöð hefur þann megintilgang að þróa og breyta framlínuþjónustu borgarinnar á þann veg að sjálfsafgreiðsla verði ávallt fyrsti valkostur borgarbúa þar sem því verður við komið. Jafnframt er rafrænni þjónustumiðstöð falið að stuðla að opnun gagna borgarinnar og birtingu fundargerða og fylgigagna ráða og nefnda borgarinnar, í samræmi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar og aðra samþykkta stefnumörkun um viðfangsefnin. Rafrænni þjónustumiðstöð er þannig ætlað að verða einn af leiðandi aðilum í þróun þjónustuveitingar borgarinnar á komandi misserum.

**Skjaladeild** hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og sviðsskrifstofa sem hafa aðsetur í Borgartúni 12 – 14. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg.

**Upplýsingatæknideild** ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja á sviði upplýsingatækni. Deildin er jafnframt ráðgefandi fyrir starfseiningar borgarinnar um tæknileg málefni og leggur vaxandi áherslu á faglega stýringu verkefna á sviði upplýsingatækni.

**Þjónustudeild** er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínuþjónustu hjá borginni. Deildin annast rekstur Þjónustuvers Reykjavíkurborgar og rekstur fjögurra stjórnsýsluhúsa borgarinnar. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, ásamt símsvörun, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir öll fagsvið og skrifstofur. Rekstur stjórnsýsluhúsa felur í sér ábyrgð á daglegum rekstri þeirra, starfsemi öryggis- og húsvarða ásamt rekstri mötuneyta í Ráðhúsi og Höfðatorgi.

**Mannréttindaskrifstofa** framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttindaráði

Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til.

**Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar** fer með málefni eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun, lánsfjáráætlun og fjárstýringu í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin og ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlunar eignasafns borgarinnar. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að fylgja eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, Skapandi borg, og vinna að atvinnuþróun, m.a. með samhæfingu skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og fjárfestinga. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög, einkum innan SSH, og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Hún vinnur með aðilum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða Eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni og tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu hennar og fjölbreytileika.

**Skrifstofa borgarstjórnar** fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna Reykjavíkurborgar auk þess sem tilraunaverkefnið um embætti umboðsmanns borgarbúa hefur verið vistað á skrifstofu borgarstjórnar.

**Borgarlögmaður** fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málflutningur og önnur réttargæsla og ýmis samningagerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarlögmaður ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra, fagsviða og stofnana Reykjavíkurborgar.

**Innri endurskoðun** er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Hlutverk innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja og stofnana hennar. Skrifstofan er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun, meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Hún annast innri endurskoðun hjá A-hluta borgarsjóðs og samkvæmt samkomulagi hjá fyrirtækjum innan B-hluta. Meginviðfangsefni innri endurskoðunar er að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarráðs og fer yfir og samþykkir starfsreglur innri endurskoðunar og verkefnaáætlun. Val og forgangsröðun verkefna er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð verkefnaáætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa, stjórnendur borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Á síðustu árum hefur skrifstofan í auknum mæli tekið að sér utanumhald verkefna sem ganga þvert á borgarkerfið. Er það í samræmi við hlutverk hennar um að samhæfa og samræma vinnubrögð í stjórnsýslu og stoðþjónustu borgarinnar. Á árinu 2017 verður lögð áhersla á innleiðingu aðferðafræði verkefnastjórnunar á skrifstofunni. Lögð verður aukin áhersla á gæðastarf á skrifstofunni til að tryggja markvissa vinnu við að bæta verklag, verkferla og innra starfsumhverfi skrifstofunnar. Þá verður lögð áhersla á virkt og gott samstarf við fagsvið og miðlæga stjórnsýslu á þeim sviðum sem skrifstofan starfar.

**Alþjóðamál:** Lögð er áhersla á samstarf skrifstofunnar við fagsvið á sviði alþjóðamála. Alþjóðafulltrúi leitast við að hafa frumkvæði og yfirsýn og þjóna sem tengiliður út á við. Unnið er að eflingu samráðs skrifstofunnar við fagsvið og aðrar skrifstofur. Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmiskonar alþjóðlegu samstarfi, tvíhliða og marghliða, og má þar helst nefna Evrópusamstarf, Norrænt samstarf og Vestnorrænt samstarf. Lögð er áhersla á lifandi samskipti og samstarf við systra-, vina- og samstarfsborgir víða um heim, fulltrúa erlendra ríkja, sem og alþjóðlegar og innlendar stofnanir.

**Íbúasamráð og gagnsæi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur umsjón með verkefnum sem snúa að íbúasamráði og íbúalýðræði. Áhersla verður lögð á áframhaldandi þróun þeirra með það að markmiði að auka gagnsæi og samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

**Lýðheilsumál:** Lögð verður áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsueflandi samfélag, heilsueflandi hverfi, heilsueflandi skóla og aukinn jöfnuð. Til að tryggja samræmda vinnu í lýðheilsumálum, yfirsýn yfir málaflokkinn og þekkingarmiðlun á milli sviða mun skrifstofan koma á fót samráðsvettvangi þeirra starfsmanna sem leiða verkefni á sviði lýðheilsu víðs vegar um borgarkerfið.

**Stjórnendaupplýsingar:** Innkaupaferli lauk á vormánuðum 2016 og hófst þá innleiðing á stjórnendahugbúnaði sem gert er ráð fyrir að taki allt að tvö ár. Samhliða innleiðingu á stjórnendahugbúnaði verður unnið með framkvæmd birtingar á opnum gögnum og mælaborð borgarstjóra.

**Græn hagstjórn:** Áætlað er að hafin verði birting græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild á árinu 2017, í samvinnu við verkefnastjórn grænna skrefa Reykjavíkurborgar en birting græns bókhalds er hluti af árangursmiðlun borgarinnar í umhverfismálum.

**Upplýsingamiðlun:** Á árinu 2017 verður unnið eftir aðgerðaáætlun sem styður við samþykkta upplýsingastefnu borgarinnar. Unnið verður að því efla vef Reykjavíkurborgar sem alhliða þjónustuvef auk þess að efla rafræna þjónustu á vefnum í samvinnu við nýstofnaða rafræna þjónustumiðstöð. Samfélagsmiðlar verða sífellt mikilvægari til að miðla upplýsingum til íbúa og gesta í borginni. Haldið verður áfram að efla Facebook og Twitter síður borgarinnar þar sem fluttar eru fréttir af fjölbreyttri starfsemi Reykjavíkurborgar. Þá verður lögð áhersla á markvissari upplýsingamiðlun til íbúa með innleiðingu nýs smáforrits, Reykjavík Viltu vita? Þar verða birtar tilkynningar frá Reykjavíkurborg um viðburði, fundi, skipulagmál og fleira sem á erindi við íbúa Reykjavíkur.

**Eftirlit með skjalastjórnun:** Áhersla Borgarskjalasafns verður á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirliti með þeim. Haldið verður áfram vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og unnið með skjalastjórum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áherslan verður á skjalamál leikskóla borgarinnar, frístundaheimili og velferðarsvið og undirstofnanir þess. Áfram verður unnið að undirbúningi fyrir langtímavarðveislu rafrænna skjala og gagnakerfa og mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar um skjalamál hjá Reykjavíkurborg. Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn aðila sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi og auka miðlun skjala á vef safnsins. Þjónusta við viðskiptavini er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Skjöl eru skráð sem fyrst eftir móttöku og skjalaskrár gerðar aðgengilegar á vef. Reynt er einnig að miðla skönnuðum skjölum á vef, eftir því sem mannafli leyfir, en þjónusta safnsins fer fram í gegnum síma, tölvupóst og vef, auk þess sem stöðug aðsókn er að lestrarsal safnsins.

**Mannauðsmál**: Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu. Aukin áhersla verður lögð á

mannauðsþjónustu við miðlæga stjórnsýslu og stuðning við stjórnendur í daglegri framkvæmd mannauðsmála. Rík áhersla verður á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðamenningu. Áfram verður unnið að viðveru- og heilsustefnu Reykjavíkurborgar með það að markmiði að draga úr veikindafjarvistum. Sérstök áhersla verður lögð á öryggismál með það að leiðarljósi að innleiða öryggismenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Ný stefna gegn einelti og áreitni verður að fullu innleidd. Áformað er að það umbótaferli sem hófst í upphafi árs 2014 með endurskoðun á starfsmatskerfinu ljúki haustið 2017. Áhersla verður lögð á að innleiða öfluga stjórnendaþjálfun. Settur verði á fót sérstakur stjórnendaskóli með áherslu á fræðslu um opinbera stjórnsýslu, mannauðs- og fjármál. Þá verði lögð áhersla á gerð starfsþróunaráætlana og starfslýsinga. Áfram verður unnið í samræmi við aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun auk þess sem áfram verður unnið að atvinnuverkefnum fyrir fólk með fötlun.

## Fjármálaskrifstofa

Fjármálaskrifstofa hefur unnið og lagt fram í borgarráði drög að fjármálastefnu og fjármálareglum fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar sem miðar að því að móta fjármálastjórn borgarinnar til næstu ára. Drögin eru í kynningar- og rýningarferli.

**Áætlun, greiningar og eftirlit:** Helstu áherslur 2017 snúa að innleiðingu á nýjum og öflugum hugbúnaði til að halda utan um vinnslu fjárhagsáætlunar og þróun stjórnendaupplýsinga. Reykjavíkurborg gerði á árinu 2016 samning um kaup og innleiðingu á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar, Qlik Sense. Fjármálaskrifstofa mun í tengslum við þá innleiðingu leggja áherslu á að bæta framsetningu stjórnendaupplýsinga og samantekt á lykiltölum, þróa mælikvarða fyrir yfirstjórn borgarinnar og auka rafrænt aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnenda að lýsandi fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnagreiningum. Þá stendur yfir innleiðing á Unit4-Consolidation&Cash, hugbúnaði til að halda utan um samstæðuuppgjör og samstæðuáætlun borgarinnar með það að markmiði að bæta verklag og auka áreiðanleika við upplýsingagjöf og samantekt. Auk þess er unnið að því að innleiða nýtt launaáætlunarkerfi í nýju mannauðs- og launakerfi SAP.

**Áhættumat:** Unnið er að tillögu um fjármálalega áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Útfæra þarf verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættustýringar á grundvelli væntanlegrar fjármála- og áhættustefnu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra.

**Uppgjör:** Innleiðing á Unit4-Consolidation&Cash, nýju uppgjörskerfi til að halda utan um samstæðuuppgjör og samstæðuáætlun borgarinnar stendur yfir. Áfram er unnið að umbótum á verklagi í samræmi við greiningu verkferla og aðgerðaráætlun um umbætur.

**Bókhald:** Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af vel heppnaðri innleiðingu á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert er ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Fjárhagsupplýsingakerfið Agresso var uppfært á árinu 2016. Á næstu misserum er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar, s.s. innkaupakerfi í samráði við innkaupadeild.

**Fjárstýring:** Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við nýja fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur. Gert er ráð fyrir að ljúka vinnu við rýningu og skráningu verkferla, gerð verklagsreglna og leiðbeininga. Unnið er að því að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2017. Unnið verður að þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar í samvinnu við upplýsingatæknideild.

**Innkaupamál:** Unnið er að stefnumótun í innkaupaferlum sem miðar að innleiðingu stefnumiðaðra innkaupa. Fjármálaskrifstofa er leiðandi í þeirri vinnu en nauðsynlegt er að allt borgarkerfið taki þátt í mótun hennar og innleiðingu. Markviss stýring innkaupa er eitt af mikilvægustu tækjum sem Reykjavíkurborg hefur til að lækka aðfangakostnað og tryggja umbeðin gæði. Stýringin nýtist til að tryggja gagnsæi, jafnræði og hagkvæmni í meðferð á skattfé. Reglubundið eftirlit með innkaupum er mikilvægur hlekkur í því að veita aðhald í innkaupamálum en innkaup eru einn helsti áhættuþáttur varðandi

misferli í opinberum rekstri. Innkaupadeild hefur sett fram eftirlitsáætlun sem ætlað er að tryggja innkaupafólki og öðrum þeim sem taka ákvarðanir um fjárútlát strangt aðhald í meðferð fjármuna. Áfram verður unnið að undirbúningi innleiðingar rafrænna innkaupa og áhersla lögð á að gera útboðsgögn aðgengileg á vef fyrir bjóðendur.

**Kjaramál:** Gerðir hafa verið kjarasamningar með gildistíma út mars 2019 við flesta viðsemjendur borgarinnar. Ósamið er við tvö félög innan Kennarasambands Íslands en gert er ráð fyrir að þeim samningaviðræðum ljúki í lok árs 2016 eða í byrjun árs 2017. Áfram er unnið að innleiðingu nýs mannauðs- og launakerfis og einstaka kerfishlutum þess. Í tengslum við innleiðingu á nýju mannauðs- og launakerfi, SAP, og verður lögð áhersla á að bæta verklag, vinnuferli og upplýsingagjöf. Áhersla verður á umbætur á launaeftirliti og fræðslu um efni kjarasamninga og vinnurétt á innri og ytri vef, auk skráningar á verkferlum og uppfærslu gagna í rekstrarhandbók.

## Skrifstofa þjónustu og reksturs

**Skjalamál:** Val og innleiðing á nýju skjalastjórnunarkerfi fyrir þá aðila sem deildin þjónustar verður meginverkefni deildarinnar 2017. Áhersla verður jafnframt lögð á kynningu á Skjalastefnu Reykjavíkurborgar og fræðslu um skjalastjórn og mikilvægi hennar. Vænta má að á næstu árum muni innleiðing á rafrænni skjalastjórnun verða eitt af stærri verkefnum deildarinnar.

**Upplýsingatækni:** Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu upplýsingatæknideildar á undanförnum misserum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að byggja upp þekkingu og reynslu á faglegri stýringu verkefna og verður haldið áfram á þeirri braut, samhliða því að viðhalda og byggja upp þekkingu innan deildarinnar á almennri kerfisstjórnun og kerfisrekstri og vinna á markvissan hátt með ytri þjónustuaðilum á þeim sviðum sem við þurfum að sækja mjög sérhæfða tæknilega þekkingu. Á árinu 2016 hófst innleiðing á Windows 10 í grunnskólum og á árinu 2017 er ráðgert að fara sömu leið með skrifstofuumhverfið og að þeirri innleiðingu verði lokið fyrir árslok 2017. Jafnframt verður haldið áfram innleiðingu skýjalausna þar sem það á við og hægt verður að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri með notkun þeirra lausna. Auk þess verður í auknum mæli unnið að því að greina hagkvæmni þess að úthýsa hluta rekstrar þar sem það skilar aukinni hagræðingu með ásættanlegu þjónustustigi. Farið verður í aðgangsstýringu á prentun samhliða samræmingu á innkaupum á prenturum og rekstrarvörum fyrir prentun í gegnum rammasamning en sýnt er að með því sé hægt að ná fram mikilli hagræðingu. Vinna er hafin við að koma upp þráðlausu neti í öllum kennslurýmum í grunnskólum og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2017. Einnig er farin af stað vinna við að uppfæra tengingar á öllum stöðum sem enn eru með ADSL tengingar og er stefnt að því að ljúka því verkefni fyrir árslok 2017. Í lok ársins 2016 hefst vinna með nýjum þjónustuaðila í rekstri á víðnetskerfi Reykjavíkurborgar en Advania átti hagstæðasta boð í þá þjónustu í útboðsferli sem lauk í september 2016. Á árinu 2017 verður farið í gagngera endurskoðun á högun kerfisins og lagður grunnur að framtíðarhönnun þess. Áfram verður unnið í þeirri miklu endurnýjun og uppbyggingu sem verið hefur í gangi í tæknilegum innviðum og miðlægum kerfum, s.s. gagngerri endurskoðun á gagnavistun og afritun gagna, samþættingu gagnagrunna, innleiðingu endurbætts sýndarvélaumhverfis, útleiðingu og útskiptingu á kerfum og búnaði sem ekki er lengur stuðningur við frá framleiðendum, innleiðingu á nýrri tækni og úthýsingu þar sem það á við. Markvisst verður unnið að því að taka úr rekstri tæknirými í Ráðhúsi og Ingunnarskóla, þ.e. í lok árs 2017 verði aðeins eitt miðlægt tæknirými/vélasalur í Borgartúni. Farið verður í mótun á BYOD stefnu (notkun eigin tækja) og gerð greining á þörf fyrir aukna stýringu á slíkum tækjum. Einnig verður haldið áfram í innleiðingu á Skype for Business þar sem hægt er að koma því við og hægt er að ná fram hagræðingu í rekstri. Útskipting á endabúnaði notenda er nú komin á rétt ról eftir gríðarlegt átak sem unnið var á árunum 2014-2016. Nú er allur endabúnaður notenda 5 ára eða yngri og verður skipt út jafnóðum þegar aldur tækja nálgast þau mörk. Stefnt er að því að koma í notkun fyrstu útgáfu af þjónustugátt UTD og hefja innleiðingu á birgða- og gjaldskrár/leigukerfi fyrir UTD. Hafið verður val á kerfi til að bæta utanumhald hugbúnaðarleyfa og útboðsferli og innleiðing verður hafin vegna nýrra skjalavistunarkerfa.

**Framlínuþjónusta:** Sífellt aukin eftirspurn eftir rafrænni þjónustu hefur orðið til þess að stofnuð hefur verið sérstök eining til að stuðla að framgangi slíkrar þjónustuveitingar. Áhersla þjónustudeildar næstu árin verður áfram á aðhlynningu þeirra þjónustuþátta sem deildin ber ábyrgð á, hvort sem er í framlínuþjónustu eða vinnuumhverfi starfsfólks borgarinnar. Þjónustudeildin gerði samkomulag við MOF um þjónustuveitingu á haustmánuðum 2016 og er þá með þjónustusamning við öll fagsvið og skrifstofur borgarinnar. Það er ásetningur beggja aðila að þróa og útvíkka þjónustuveitingu fyrir hönd sviðsins á næstu árum. Þjónustudeildin mun sömuleiðis auka við þjónustu sína fyrir hönd Bílastæðasjóðs, þegar starfsemi Bílastæðasjóðs flyst á Höfðatorg. Breytingar hafa verið gerðar á opnunartíma Ráðhúss sem munu leiða til fjárhagslegrar

hagræðingar í rekstri stjórnsýsluhúsanna. Rekstur mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs var á árinu 2016 útvistað til Múlakaffis og vinnst við það bæði fjárhagsleg hagræðing og einföldun í rekstri, með auknum þjónustugæðum. Framundan er kortlagning á þeim upplýsingakerfum sem í boði eru, með það að markmiði að auka og bæta tölfræðilegar upplýsingar á borði þjónustudeildar, svo sem símtala- og þjónustugreiningar o.fl., svo betur megi þjóna bæði íbúum og starfsfólki Reykjavíkurborgar á sem hagkvæmastan hátt.

**Rafræn þjónustumiðstöð:** Rafræn þjónustumiðstöð tekur við því starfi sem unnið hefur verið innan deilda skrifstofunnar undanfarið og lýtur að rafrænni framlínuþjónustu. Með fyrstu verkefnum er að greina hvar tækifæri liggja til aukinnar sjálfsafgreiðslu í þjónustu og innleiða nauðsynlegar breytingar á henni. Hún mun einnig fylgja eftir opnun gagna borgarinnar, þ.m.t. rafrænni gagnagátt um fjármál borgarinnar, sem og birtingu fundargerða og fylgiskjala ráða og nefnda borgarinnar á aðgengilegan hátt, sbr. markmið í upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar og aðra samþykkta stefnumótun þar um.

**Reykjavík Smart City:** Reykjavík hefur tekið ákvörðun um að tileinka sér aðferðafræði snjallborga til lengri tíma litið. Snjallborg er gjarnan skilgreind sem borg sem notar upplýsinga-, samskipta- og fjarskiptatækni til að bæta lífsgæði borgarbúa á sjálfbæran hátt. Snjallborg sameinar gögn úr ólíkum gagnagrunnum er tengjast innviðum borgarinnar og notar þau til að bæta þjónustu, auka lífsgæði íbúa og draga úr sóun. Snjallborgarverkefni stuðla m.a. að skilvirkari samgöngum, bættum rekstri, aukinni umhverfisvitund, meiri lífsgæðum fyrir íbúa og betri nýtingu orkugjafa. Eitt mikilvægasta verkefni snjallborga er að efla innra samstarf eða brúa sílóin sem borgir starfa gjarnan í. Skrifstofan heldur utan um og leiðir það samtal sviða og skrifstofa.

## Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofa vinnur eftir starfsáætlun í mannréttindamálum sem mannréttindaráð setur fram ár hvert. Hjá mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir auk mannréttindaráðs; öldungaráð Reykjavíkurborgar, fjölmenningaráð Reykjavíkurborgar, ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar, ferlinefnd fatlaðs fólk og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík. Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu Saman gegn ofbeldi sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Kvennaathvarfsins gegn heimilisofbeldi. Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón með þátttöku borgarinnar í skjólborgarverkefninu (e. ICORN) og veitir gestum verkefnisins þjónustu og ráðgjöf. Aðild Reykjavíkurborgar að fjölmenningarborgum (e. Intercultural Cities) er á ábyrgð mannréttindaskrifstofu. Skrifstofan sér um fræðslu m.a. námskeið og kynningar á þáttum sem snúa að mannréttindastefnunni fyrir innlenda og erlenda gesti. Einnig um útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál. Unnið er með tilnefndum mannréttindafulltrúum á sviðum borgarinnar, í samráði við stjórnendur, að framfylgd mannréttindastefnu borgarinnar. Á skrifstofunni starfa ráðgjafar sem sjá um ráðgjöf og fræðslu fyrir innflytjendur um þjónustu borgarinnar auk upplýsinga um þjónustu við fjölskyldur, atvinnumál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi og réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

## Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Meðal helstu verkefna skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er að stuðla að framkvæmd aðalskipulags og atvinnustefnu borgarinnar. Skrifstofan leggur áherslu á að hafa samráð og eiga gott samstarf við einstaklinga, stofnanir, félög, fyrirtæki, verktaka og fjárfesta um verkefni sem varða þróun atvinnumála og byggðar í borginni. Eins og áður verður áhersla á nýframkvæmdir til að auka þjónustu við borgarbúa og efla atvinnulífið í borginni. Að venju hefur skrifstofan umsjón með framkvæmdum fyrir svið borgarinnar auk þess sem skrifstofan fylgir eftir ákvörðunum borgaryfirvalda um þróun byggðar á skipulagsreitum með það að markmiði að hámarka verð umræddra lóða. Helstu byggingarsvæði eru sem fyrr Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás, í útjaðri borgarinnar, en einnig eru framkvæmdir á mörgum öðrum stöðum í borginni. Hjá Reykjavíkurborg og einkaaðilum eru áform um mikla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og eru allmörg verkefni vel á veg komin. Nefna má sem dæmi Vesturbugtina, Austurbakka (Hörpureitur), Vogabyggð, Kirkjusand, Elliðaárvog og Barónsreit. Unnið verður áfram að þróun reitsins við Umferðarmiðstöðina þar sem rísa mun ný samgöngumiðstöð, auk þess sem gert verður ráð fyrir atvinnulóðum og/eða íbúðalóðum. Skrifstofan sinnir auk þess fjölmörgum borgar- og atvinnuþróunarverkefnum í samvinnu við ýmsa aðila sem eru mislangt á veg komnir. Í þessu sambandi er meðal annars lögð áhersla á sérhæfð atvinnusvæði í samræmi við nýja atvinnustefnu borgarinnar, Skapandi borg. Við forgangsröðun viðhalds- og endurbótaverkefna er eins og áður lögð áhersla á

mannfrek verk sem ekki skapa borginni aukinn rekstrarkostnað að framkvæmd lokinni. Áfram verður unnið að því að ná jafnvægi í viðhaldi eigna á næstu árum.

## Skrifstofa borgarstjórnar

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fer til umfjöllunar borgarstjórnar, auk þess sem gert er ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með bæjarstjórn Akureyrar, Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmenningarráði og öldungaráði Reykjavíkur á árinu. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Áfram verður unnið að þróun og vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Forsætisnefnd mun ljúka við það verkefni að undirbúa fjölgun borgarfulltrúa, í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um, eftir sveitarstjórnarkosningar 2018. Stóra verkefnið snýr þó að því að í byrjun árs 2017 taka gildi breytt lög um veitinga- og gististaði en í þeim er gert ráð fyrir því að umsögn sveitarstjórnar um rekstrarleyfi taki á þeim þáttum sem áður heyrði undir byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Um er að ræða spennandi viðbót við starfsemi skrifstofunnar sem mun leiða til vandaðri málsmeðferðar og bættrar þjónustu við umsækjendur. Í ljósi þess að kosið verður til Alþingis fyrr er áætlað var, er ekki gert ráð fyrir því að haldnar verði kosningar á árinu. Gert er ráð fyrir sambærilegum málafjölda hjá umboðsmanni borgarbúa á árinu 2017 auk þess sem stefnt er að því að það verði flutt undan skrifstofu borgarstjórnar og vistað sjálfstætt.

## Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf, álitsgerðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila. Borgarlögmaður annast fyrirsvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en ekkert lát virðist vera á fjölgun dómsmála. Stöðug aukning hefur verið í fjölda þeirra allt frá árinu 2008, ekki síst í málum fyrir velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismál sem öll sæta að auki flýtimeðferð fyrir dómi. Sömuleiðis er reiknað með að eins og endranær fari töluverður tími starfsmanna í fyrirsvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Gert er áfram ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsmanna við ráðgjöf vegna lóðamála og fyrirætlana um fjölgun leiguíbúða. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála alltaf fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Borgarlögmaður er í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og tryggingabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Þessi þáttur starfseminnar er áfram stöðugt vaxandi og er nú svo komið að segja má að tvö stöðugildi séu að jafnaði bundin við afgreiðslu þessara mála.

## Innri endurskoðun

Verkefni Innri endurskoðunar taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Samkomulag var gert á milli Innri endurskoðunar og stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um reglubundna innri endurskoðun. Ekki er gert ráð fyrir auknu umfangi í starfsemi Innri endurskoðunar sem snýr að A-hluta borgarsjóðs á næsta ári. Innri endurskoðandi leggur verkefnaáætlun ársins fyrir endurskoðunarnefnd. Auk vinnu við úttektir verður lögð áhersla á að klára innleiðingu á nýjum innri endurskoðunarhugbúnaði með það fyrir augum að gera áætlunargerð, verkumsjón og framsetningu ábendinga enn markvissari. Einnig verður aukin áhersla á samtímaendurskoðun á innra eftirliti með mikilvægum verkferlum sem tengjast reikningsskilum og birtingu upplýsinga í árshlutareikningum og ársreikningi. Í því sambandi er horft til möguleika í nýjum stjórnendahugbúnaði sem verið er að innleiða fyrir stjórnendur.

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markvisst er unnið að innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt er að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Búið er að skipta innleiðingarferlinu í fjóra áfanga sem ná yfir tímabilið 2011-2018. Miðað við þá skiptingu er borgin komin í lokaáfanga innleiðingarinnar sem spanna árin 2015-2018.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er unnið að því að greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Á öllum sviðum er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfræðigagna og aðgengi að gögnum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að bæta skráningu um stöðu jaðarsettra hópa. Vinna þarf jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykkta fjárhagsáætlun sem fela í sér ný verkefni eða breytt verklag og vegna nýrri verkefna á áætlun komandi árs. Það er gert til þess að rýna jafnréttisáhrif tillagna áður en farið er af stað þannig að öllum sé ljóst hvort og þá á hvern hátt tillögur um lækkun og hækkun útgjalda kunna að hafa á kynin og jaðarsetta hópa. Markmiðið er að við lok innleiðingar KFS verði gerð krafa um jafnréttismatsgreiningu við alla almenna ráðstöfum fjármuna borgarinnar sem hafa áhrif á fólk.

Nú stendur yfir hagræðingarvinna þvert á borgina en leikreglur þeirrar vinnu er að við mótun aðgerðaráætlunar á fagsviðum og í miðlægri stjórnsýslu borgarinnar vegna A-hluta árin 2016-2018 skuli gæta kynjasjónarmiða og mannréttinda með framkvæmd jafnréttismats á tillögum. Það er gert til að rýna áhrif aðgerða á jaðarsetta hópa og greina kynjaáhrif. Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu voru þær fyrstu til þess að fara í gegnum rýningu og hagræðingartillögur jafnréttismetnar eftir því sem þörf var á.

Stýrihóp KFS skipa Birgir Björn Sigurjónsson (FMS), Halldóra Káradóttir (FMS), Anna Kristinsdóttir (MAR), Halldóra Gunnarsdóttir (MAR), Ragnhildur Ísaksdóttir (SBB), Baldur Örn Arnarson (MOF), Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (SFS), Bryndís Eva Sverrisdóttir (VEL), Erla Sigrún Viggósdóttir (ÍTR) og Hreinn Ólafsson (USK). Lára Rúnarsdóttir, verkefnastýra KFS, er starfsmaður hópsins. Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu hafa tekið þátt í kynjaðri fjárhagsáætlanagerð frá upphafi verkefnisins, hafa komið að innleiðingarferlinu á margvíslegan hátt á árinu 2016 og munu gera það áfram á árinu 2017.

Fjármálaskrifstofa hefur unnið að því í samráði við stýrihóp KFS að festa verklag KFS í sessi, útbúa handbók og leita að góðri aðferðafræði við innleiðinguna, ásamt því að bæta skráningu og innköllun gagna.

Mannréttindaskrifstofa hefur árlega, frá því að kynjuð fjárhags- og starfsáætlun var tekin upp, unnið að sérstökum verkefnum á því sviði. Má þar nefna greiningu á ráðgjafaþjónustu við innflytjendur þar sem í ljós kom að fleiri konur en karlar voru að nýta sér þjónustuna. Einnig voru styrkir mannréttindaráðs greindir út frá mannréttindastefnunni og í samvinnu við upplýsinga- og vefdeild var skoðað hvort kvæði við kynlegan tón í því efni sem borgin birtir á sínum vegum.

Atvinnumáladeild hefur skoðað ýmislegt tengt atvinnuátaksmálum; árið 2013 voru allar vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar frá hruni skoðaðar með tilliti til kynjaslagsíðu, verkefnið Vinnandi vegur var skoðað ári eftir framkvæmd þess út frá kyni þeirra sem enn voru í starfi, sumarátak fyrir notendur fjárhagsaðstoðar var skoðað og einnig var framhaldsverkefni 2014 þar sem skoðuð voru áhrif leikskólalokana á atvinnuþátttöku.

Af öðrum verkefnum í miðlægri stjórnsýslu sem tengjast kynjaðri fjárhagsáætlanagerð má nefna tilraunaúttekt á verkefninu Betri Reykjavík árið 2012 þar sem íbúalýðræði var skoðað með kynjagleraugum. Niðurstaða þeirrar úttektar var að hlutfallslega fleiri tillögur frá körlum rata inn á borð til fagráða en þó hefur ekki verið talin þörf á mótvægisaðgerðum. Af verkefnum framundan má nefna að mannauðsdeild hyggst skoða fræðslumál og aðgengi að íslenskuskólanum sem og kynjaupplýsingar um fræðslumál í nýju mannauðskerfi og fyrir liggur að unnið verði að bættri miðlun kyngreindra gagna og gagna almennt.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2014 | 2015 | Útkomuspá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** | | | | |
| Stjórnsýsluerindi | 1.222 | 1.156 | 1000 | 1.100 |
| Þar af til borgarráðs | 43 (1) | | | |
| Móttökur | 160 | 78 | 160 | 180 |
| Fréttatilkynningar | 658 | 823 | 825 | 825 |
| Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum | 66 | 25 | 20 | 20 |
| Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum | 250 | 320 | 220 | 250 |
| Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspurna | 1.800 | 1.434 | 1.500 | 1.500 |
| Vefur - vikulegt innlit | 37.000 | 38.500 | 41.000 | 45.000 |
| Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku | 140.000 | 155.000 | 170.000 | 175.000 |
| Facebook póstar | 573 | 1.157 | 1.250 | 1.300 |
| Að meðaltali á viku | 14,3 | 23 | 24 | 25 |
| **Borgarlögmaður (2)** | | | | |
| **Almenn stjórnsýslumál** | | | | |
| Í vinnslu | | 48 | 32 | 30 |
| Lokið | | 149 | 107 | 110 |
| Samtals greiddar bætur, kr. | | 197 | 139 | 140 |
| **Dómsmál** | | | | |
| Í rekstri | 29 | 34 | 17 | 20 |
| Lokið | 87 | 99 | 146 | 150 |
| Samtals | 116 | 133 | 163 | 170 |
| Þar af fyrir Velferðarsvið | 63 | 95 | 95 | 95 |
| **Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum** | | | | |
| Innkomin | 157 | 163 | 107 | 110 |
| Í vinnslu | 97 | 169 | 145 | 145 |
| Fullnaðaruppgjör bóta | 48 | 38 | 72 | 70 |
| Samtals greiddar bætur (í þús. kr.) | 77.751 | 43.977 | 84.869 | 88.000 |
| **Önnur slysa-/skaðabótamál** | | | | |
| Samtals greiddar bætur (í þús. kr.) | | 3.707 | 14.263 | 15.000 |
| **Fjármálaskrifstofa** | | | | |
| Reikningar frá birgjum alls | 245.556 | 253.749 | 258.000 | 262.000 |
| Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL) | 103.936 | 140.310 | 147.000 | 155.000 |
| Hlutfall rafrænna birgjareikninga | 42,3% | 55,3% | 58% | 60% |
| Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn. | 45,9% | 58,1% | 60% | 65% |
| -Fjöldi starfsmanna í bókhaldi | 32 | 30 | 30 | 28 |
| Fjöldi uppgjöra (A,A+B,AS,ES,Jörundur, Aflvaki) | 53 | 49 | 49 | 50 |
| -Fjöldi starfsmanna í uppgjörum | 3 | 3 | 3 | 4 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | | 2014 | 2015 | Útkomuspá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skrifstofa þjónustu og rekstrar** | | | | | |
| Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma | | 69% | 78% | 80% | 81% |
| IP símtæki | | 2.650 | 2.750 | 2.600 | 2.500 |
| Þjónustuver – fjöldi símtala | | 160.141 | 149.950 | 147.000 | 145.000 |
| Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsókna | | 49.500 | 50.490 | 49.000 | 49.000 |
| Netspjall | | 3.950 | 3.300 | 3.500 | 4.000 |
| Rafræn Reykjavík - fjöldi umsókna | | 30.000 | 26.889 | 22.715 | 25.500 |
| Rafræn Reykjavík - fjöldi notenda | | 52.030 | 63.914 | 66.100 | 68.000 |

1) Erindi til borgarráðs miðast við fyrstu fimm mánuði ársins 2014 en eftir það var hætt að taka saman slíkar upplýsingar

2) Viðmiðunartímabil borgarlögmanns er 1. september - 31. ágúst ár hvert

# SKRIFSTOFA EIGNA- OG ATVINNUÞRÓUNAR

**LEIÐARLJÓS:**

**Skrifstofa eigna– og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eigna-umsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 18.619.883 |
| Söluhagn. eigna og lóða | 4.209.255 |
| **Tekjur samtals** | **22.829.138** |
| Laun og launatengd gjöld | 158.293 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.988.858 |
| Afskriftir | 4.482.825 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **7.629.976** |
| Fjármunatekjur/gjöld | 5.850.453 |
| **Rekstarniðurstaða** | **9.354.897** |

## SKIPURIT




## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 13 |
| **Fjöldi stöðugilda** | 13 |

Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja megineininga og tveggja stoðeininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í

samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.

## HLUTVERK

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvarðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingaverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).
- SEA mun hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.

- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.

# FJÁRFESTINGAR– OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2017

| Fjárfesting (*fjárhæðir í þús. kr.)* | Áætlun 2017 |
|---|---|
| **Byggingarframkvæmdir** | |
| Menningar– og ferðamálasvið | 291.500 |
| Skóla– og frístundasvið | 3.420.000 |
| Íþrótta– og tómstundasvið | 1.514.000 |
| Velferðarsvið | 276.800 |
| Ýmsar fasteignir | 670.272 |
| **Byggingarframkvæmdir samtals** | 6.172.572 |
| **Gatna– og umhverfisframkvæmdir** | 5.491.000 |
| **Lóðir, lönd og skipulagseignir** | 382.000 |
| **Áhöld, tæki og hugbúnaður** | 788.000 |
| **Sérstök átaksverkefni** | 1.325.000 |
| **Fjárfestingar samtals:** | **14.158.572** |
| Gatnagerðargjöld | 3.400.000 |
| **Fjárfestingar nettó:** | 10.758.572 |

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2017 gerir ráð fyrir að 10.759 milljónum króna verði varið til fjárfestinga. Er það 5.031 milljón króna hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2016. Hækkunin skiptist þannig að 2.084 milljónir eru vegna byggingaframkvæmda, 1.997 milljónir vegna gatna- og umhverfisframkvæmda, 107 milljónir vegna annarra fjárfestinga auk þess sem 843 milljónir eru tilkomnar vegna lægri gatnagerðargjalda

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 72% af eigin fé og 28% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

# HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2017

**Menningar– og ferðamálasvið:** Á árinu 2017 hefjast framkvæmdir við menningarmiðstöð í Úlfarsárdal auk þess sem lokið verður við uppsteypu 1465 fermetra viðbyggingar við Grófarhús. Unnið verður að endurbótum á sýningarrými Sjóminjasafns í Víkinni svo og endurbótum á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi til að bæta aðstöðu fyrir gesti safnanna. Jafnframt verður fjárfest í búnaði fyrir Borgarleikhúss og fé varið til smærri verkefni vegna stofnana sviðsins.

**Skóla– og frístundasvið:** Verkframkvæmdum við Dalskóla, samþættan leik- og grunnskóla við Úlfarsbraut miðar vel og var fyrsti áfangi byggingarinnar, 790 fermetrar sem í framtíðinni mun hýsa leikskóla tekinn í notkun nú í haust. Annar áfangi byggingarinnar verður tekinn í notkun haustið 2017 og er það fyrsti hluti grunnskólabyggingarinnar sem fullbúinn verður 6.910 fermetrar. Áætlað er að framkvæmdum við Dalskóla ljúki á árinu 2019. Framhald verður á verkframkvæmdum við 3.400 fermetra viðbyggingu Klettaskóla á árinu 2017 og eru verklok fyrirhuguð á árinu 2019 en þá munu jafnframt hafa farið fram gagngerar endurbætur á eldra húsnæði skólans. Framkvæmdum við 1.340 fermetra viðbyggingu við Vesturbæjarskóla hefur seinkað vegna endurhönnun verksins en og ráðgert að þeim ljúki á árinu 2019. Þá er jafnframt fyrirhugað að flytja Vesturvallagötu-húsið af lóðinni, endurgera lóðina og setja upp boltagerði. Endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið á árinu 2017, meðal annars verður unnið að endurgerð lóðar við Fossvogsskóla, Bakkaborg og Fálkaborg. Á árinu 2017 verður endurnýjun og lagfæring mötuneyta í grunn- og leikskólum samkvæmt forgangsröðun fram haldið þegar mötuneyti Breiðholtsskóla verður endurnýjað.

**Íþrótta– og tómstundasvið:**. Framkvæmdum við útilaug við Sundhöll Reykjavíkur sem hófust á árinu 2015 verður framhaldið og gert er ráð fyrir að hún verði tekin í notkun síðla árs 2017. Byggður verður nýr varðturn í Laugardalslaug auk þess sem tímatökukerfi verður endurnýjað. Gervigrasvellir hjá KR og Fram í Safamýri verða endurnýjaðir að vori 2017 auk þess sem skipt verður um gúmmíkurl í gervigrasvelli hjá Fram í Úlfarsárdal, jafnframt verður skipt um gervigras á stórum hluta boltagerða í borginni. Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll í Suður Mjódd sem hófust á árinu verður framhaldið en fyrirhugað er að völlurinn verði tekinn í notkun á árinu 2019. Jafnframt verður frystikerfi Skautahallarinnar í Laugardal endurnýjað á árinu og eru þá ótalin önnur smærri verkefni s s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum svo dæmi séu nefnd.

**Velferðarsvið:** Fyrirhugað er að framkvæmdir við hjúkrunarheimil við Sléttuveg hefjast í byrjun árs 2017 og er stefnt að því að það verði tilbúið á fyrrihluta ársins 2019. Heimilið mun hafa á að skipa 95-105 hjúkrunarrýmum og er heildarkostnaður framkvæmdanna áætlaður rúmir 2,9 milljarðar króna, að búnaðarkaupum undanskildum. Hlutur Reykjavíkurborgar þar af er 15% eða sem nemur 435 mkr. Samhliða framkvæmdum við viðbyggingu við Hólaberg 76 þar sem rekin er dagþjónusta og

virkni fyrir fatlað fólk, er unnið að viðamiklum endurbótum á húsinu að innan jafnt sem og utan. Ráðgert var að verkinu lyki á árinu 2016 en af ófyrirsjáanlegum ástæðum hefur því seinkað og eru verklok nú fyrirhuguð í byrjun árs 2018.

**Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum:** Framkvæmdir munu hefjast við nýja hverfisbækistöð fyrir miðborgina við Fiskislóð á Örfirisey og mun hún leysa starfsemi hverfisbækistöðvar við Njarðargötu af hólmi. Endurbyggingu húss og bragga við Nauthólsveg 100 mun ljúka á árinu 2017 en um er að ræða menningarsögulegar minjar um sögu hernámsáranna í Reykjavík. Standsetningu Gröndalshúss verður lokið á árinu og það tekið í notkun en Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO mun sjá um rekstur hússins fyrir hönd borgarinnar. Unnið er að breytingum á Perlunni þar sem opnuð verður stærsta náttúrusýning landsins í lok árs 2017 en reksturinn verður í höndum Perlu norðursins sem jafnframt fjármagnar sýninguna.

## AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2017 eru vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs.

**Sérstök átaksverkefni:** Á árinu 2017 verður 800 milljónum króna varið til endurbóta og meiriháttar viðhalds fasteigna þar sem byggt er á forgangsröðun samkvæmt úttektum og þarfagreiningu jafnframt verður áfram unnið að sérstöku átaksverkefni um endurbætur leikvalla, torga og opinna svæða. Auk þess verður framkvæmdum við kirkjugarð í Úlfarsfelli framhaldið og ráðgert að þeim ljúki á árinu 2017.

## HELSTU GATNA– OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2017

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2017 eru á Hlíðarendasvæði líkt og á árinu 2016. Jafnframt er áætlað að hefja framkvæmdir á Kirkjusandi, við Vesturbugt, á RÚV reit og í Vogabyggð auk áframhaldandi gatnagerðar í Úlfarsárdal, við Reynisvatnsás, á stúdenta- og vísindagarðasvæði í Vatnsmýri og við Gylfaflöt. Á árinu 2017 verður í samstarfi við Vegagerðina gerð forgangsrein fyrir Strætó á Miklubraut við Klambratún. Framkvæmdum við ný gatnamót Geirsgötu og Lækjargötu verður framhaldið auk þess sem endurgerð Hafnarstrætis milli Pósthússtrætis og Tryggvagötu mun koma til framkvæmda. Á árinu 2017 verður gert torg á mótum Freyjugötu, Óðinsgötu og Bjargarstíg – Freyjutorg – þar sem jafnframt verðu sett upp grenndarstöð með djúpgámum.

Á árinu 2017 verður brýnni þörf um endurgerð malbiks og yfirlög mætt auknum framkvæmdum en ráðgert að verja samtals 1.210 milljónum til verkefnisins samhliða endurnýjun götulýsingar og umferðaljósa.. Umferðaröryggismál eru fastir liðir á fjárfestingaráætlun sem endranær svo og endurnýjun gangbrautarljósa.

Samningum um markmið í loftslagsmálum verður fylgt eftir með frekari göngu- og hjólastíga í anda Hjólreiðaáætlunar samhliða því sem gönguleiðir í eldri hverfum svo og gönguleiðir skólabarna og aldraðra verða endurnýjaðar með áherslu á öryggi gönguleiða. Þá eru ótalin ýmis verkefni á sviði umhverfismála. Má þar helst nefna fjölgun grenndarstöðva og uppbygginga og lagfæring opinni svæða með leiksvæðastefnu í forgrunni.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Raun 2013 | Raun 2014 | Raun 2015 | Útk.spá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lóðaúthlutun** | | | | | |
| Úthlutun og sala byggingaréttar* | 181 íbúðir | 62 íbúðir | 164 íbúðir | 562 íbúðir | 1439 íbúðir |
| Eftir húsgerðum; | | | | | |
| Einbýli | 4 íbúðir | 9 íbúðir | 11 íbúðir | 12 íbúðir | 9 íbúðir |
| Rað-, par– og tvíbýlishús | 14 íbúðir | 0 | 70 íbúðir | 0 | 0 |
| Fjölbýlishús | 163 íbúðir | 53 íbúðir | 83 íbúðir | 550 íbúðir | 1430 íbúðir |
| **Eignarekstur** | | | | | |
| Fjöldi fasteigna í rekstri | 344 | 354 | 351 | 368 | 372 |
| Flatarmál fasteigna í rekstri m2 | 528.370 | 544.132 | 544.310 | 540.831 | 545.000 |
| Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs | 119 | 128 | 138 | 149 | 156 |
| Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs | 10 | 10 | 9 | 10 | 13 |

* Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar.

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 418 mkr. Þar af eru 325 mkr vegna afsláttar elli– og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 25 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 68 mkr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 40 mkr. Þar af verði 25 mkr varið til atvinnuátaksverkefna og 15 mkr til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægra bókhalds og launakerfa** er áætlaður 98 mkr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 596 mkr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 364 mkr, en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 49 mkr. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 182 mkr en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru færð áætluð útgjöld samtals um 2.995 mkr vegna áætlaðra kostnaðaráhrifa ógerðra kjarasamninga og áætlaðra kostnaðaráhrifa vegna fyrirhugaðrar hækkunar á mótframlagi í lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar að frádreginni lækkun á tryggingagjaldi sem nemur nú 6,85% í stað 7,35% fyrir breytingu. Slysabætur eru áætlaðar 108 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 166 mkr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 4.500 mkr árið 2017. Áætlunin tekur mið af forsendum um hækkun launa þar sem varfærnissjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Ekki er gert ráð fyrir teljandi áhrifum af breytingum á eignum sjóðsins. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar undir forsendum fjárhagsáætlunar.

**Ýmis kostnaður** er áætlaður 2.072 mkr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 1.490 mkr sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála. Áætlaðar eru um 406 mkr sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leigu tækja og áhalda. Gert er ráð fyrir 30 mkr til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 35 mkr til reksturs Höfða og 4 mkr til reksturs á Úlfljótsvatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 mkr og 17 mkr við endurskoðunarnefnd. Annar óskiptur kostnaður nemur 65 mkr.

# FRAMLÖG TIL B HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 877 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 873 mkr. og framlag til Almannavarna verði 4 mkr. Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1520 mkr. og að 7,6 mkr. fari til Almannavarna.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2017 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

| (Fjárhæðir í þús. kr) | Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda | Rekstrar-framlag til SHS | Framlag til Almanna-varna | Samtals framlög |
|---|---|---|---|---|
| **Samtals framlög eigenda** | | **1.520.000** | **8.000** | **1.528.000** |
| **Reykjavík** | **57%** | 873.000 | **4.000** | **877.000** |
| **Kópavogur** | **16%** | 243.000 | **1.000** | **244.000** |
| **Hafnarfjörður** | **13%** | 201.000 | **1.000** | **202.000** |
| **Garðabær** | **7%** | 104.000 | **1.000** | **105.000** |
| **Mosfellsbær** | **4%** | 68.000 | **0** | **68.000** |
| **Seltjarnarnes** | **2%** | 31.000 | **0** | **32.000** |

## STRÆTÓ BS.

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 2.106 mkr. , sem skiptast í rekstrarframlag, framlög vegna nemendafargjalda og framlag vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 3.344 mkr. , sem skiptast í rekstrarframlög , 2.972 mkr., framlög til niðurgreiðslu á nemendafargjöldum, 232 mkr. og framlög vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra 140 mkr. Strætó gerir ráð fyrir að rekstrarframlögin hækki um 3,6% milli ára frá 2016 en áætlað er að tekjur af fargjöldum nemi 2.042 mkr. og aukist um 10% frá áætlun 2016.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptingu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi . Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó og hlutdeild Reykjavíkurborgar: Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2017 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

| (Fjárhæðir í þús. kr) | Hlutfallsleg skipting | Rekstrar-framlag | Nema-framlag | Niðurg. farmiða öryrkja og aldraðra | Samtals framlög |
|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals framlög eigenda** | | **2.972.135** | **232.000** | **140.000** | 3.344.135 |
| **Reykjavík** | **63%** | 1.883.554 | 133.632 | 88.723 | 2.105.909 |
| **Kópavogur** | **14%** | 413.828 | 36.888 | 19.493 | 470.209 |
| **Hafnarfjörður** | **10%** | 295.639 | 30.624 | 13.926 | 340.189 |
| **Garðabær** | **6%** | 189.345 | 15.776 | 8.919 | 214.040 |
| **Mosfellsbær** | **5%** | 136.192 | 10.208 | 6.415 | 152.815 |
| **Seltjarnarnes** | **2%** | 53.577 | 4.872 | 2.524 | 60.973 |

# NÝ UPPLÝSINGAKERFI

Áætlun um „Ný upplýsingakerfi“ er fjárfestingaráætlun sem unnin er í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og felur einkum í sér fjárfestingu í innleiðingu á nýrri tækni, nýjum hugbúnaðarkerfum eða nýþróun í tengslum við kerfi sem eru í rekstri. Fjármagninu er hægt að veita í aðkeypta verkefnastjórnun, ráðgjöf eða þróunarvinnu, kaup á hugbúnaðarleyfum eða búnaði og fleira sem hægt er að líta á sem fjárfestingu í nýjum kerfum, nýrri tækni, nýrri virkni kerfa eða framþróun tæknilegra innviða.

Fyrir árið 2016 var úthlutað 250 mkr. í þennan málaflokk. Í framhaldi af útkomuspá sem gerð var í september 2016 var sýnt að aukafjárveitingu þyrfti ef ekki ætti að koma til stöðvunar á stærstu verkefnum, einkum vegna verkefna í tengslum við stjórnunarupplýsingar, innleiðingu á nýju mannauðs- og launakerfi og fjárfestingar í miðlægum kerfisrekstri. Samþykkt var aukafjárveiting upp á 50 mkr. þ.a. heildarupphæð fyrir árið 2016 er nú 300 mkr.

Áætluð heildarþörf fyrir fjármagn fyrir árið 2017 er 433,5 mkr. UTD hefur endurmetið þær verkefnislýsingar sem liggja til fyrir og í því mati er gengið út frá því að heildarfjárveiting fyrir næsta ár verði 300 mkr.

## FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

### Innkaupakerfi

Undirbúningur og upptaka á fyrsta áfanga innkaupakerfis til að koma á rafrænu, gegnsæju, skilvirku og einföldu ferli innkaupa. Verkefnisstjórnun og önnur aðkeypt vinna.

### Útboðsgögn á vef

Ljúka við innleiðingu kerfis fyrir birtingu útboðsgagna.

### Boðgreiðslugátt

Ljúka við innleiðingu á boðgreiðslugátt fyrir Rafræna Reykjavik.

### Mannauðs- og launakerfi

Klára innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi. Í þessu felst m.a. verkefnastjórn og ráðgjöf auk annarra gjalda sem búast má við á falli á verkefnið.

### Uppgjörs- og áætlunarkerfi

Ljúka við innleiðingu á uppgjörs- og áætlunarkerfinu Consolidation and Cash. Kerfið mun auðvelda gerð samstæðuuppgjöra og samstæðuáætlunar auk þess að bæta skýrslugerð og eftirlit.

### Eignarskráningarkerfi í Agresso

Tengja eignarskráningarkerfi við Agresso.

### Birting stöðu í Rafrænni Reykjavík.

Skilgreina og birta upplýsingar sem íbúar og fyrirtæki skulu hafa aðgang að í RR vegna þjónustu borgarinnar og gjaldtöku, um stöðu reikninga o.fl.

Áætluð fjárveiting vegna Fjármálaskrifstofu er samtals 40 mkr.

## SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

### Snjallborgarmál

Hugbúnaðarplatform til að hreinsa eða gera gögn sambærileg og þannig nothæf í samanburði, samkeyrslu og/eða aðra örugga og markvissa birtingu. Innleiðing á hugbúnaðarkerfi fyrir city wifi.

### Rafræn þjónusta

Stuðningur við rafræna þjónustumiðstöð, t.d. val og innleiðing rafrænnar auðkenningar og undirskrifta.

### Uppfærsla/endurnýjun skjalakerfa borgarinnar

Kaup og upphaf innleiðingar skjalakerfis í stað núverandi kerfa.

### Framþróun og nánari greining þjónustu

Greining á þróun og þörfum í þjónustu og afgreiðslu í móttöku. Val á kerfi sem styður við þessar þarfir og gerir þjónustu og afgreiðslu skilvirkari og bætir yfirsýn stjórnenda.

### Ný tæknihögun

Framhald verkefna fyrri ára þar sem verið er að bæta og nútímavæða tæknilega innviði miðlægra kerfa. Ná fram auknu hagræði með lækkun hugbúnaðarleyfagjalda, auka afkastagetu, uppfærsla á sýndarvélaumhverfi og áframhaldandi innleiðing skýjalausna.

### Breytt högun símkerfa

Innleiðing á Skype for Business og breytt högun símkerfa.

### Verkbókhald

Finna þarf kerfi sem getur nýst mismunandi skipulagseiningum borgarinnar til að færa verkbókhald. Athuga þarf sérstaklega tengsl og samvirkni við verkbeiðnakerfi þar sem það á við. Stefnt verði að innleiðingu í a.m.k. einni einingu á árinu 2017.

### Umsjónarbúnaður fyrir snjalltækja-umhverfi

Val á búnaði og innleiðing kerfis til þess að bæta yfirsýn, utan umhald og öryggi snjalltækjabúnaðar.

### Smáforrit (App)

Þróun og aðlögun á smáforritum til þess að gera gögn frá Reykjavíkurborg aðgengileg og auka gagnvirk samskipti við borgarbúa í gegnum snjalltæki.

Áætluð fjárveiting vegna Skrifstofu þjónustu og reksturs er samtals 92 mkr.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

### Pappírslausir fundir

Unnið verði að því að fundir borgarráðs og borgarstjórnar geti orðið pappírslausir og fundargögnum dreift á rafrænan hátt. Öryggi fundargagna verði bætt og birting fundargerða á vef auðvelduð. Stuðningur verði bættur við spjaldtölvuvæðingu borgarráðs.

Áætluð fjárveiting vegna Skrifstofu borgarstjórnar er samtals 2 mkr.

## ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

### Aðgangs- og afgreiðslukerfi

Sett verði upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því að ná fram hagræðingu með því að skipta við einn þjónustuaðila.

### Vala Frístund í Hitt húsið

Koma upp kerfinu Vala frístund í Hitt húsið.

Áætluð fjárveiting vegna Íþrótta- og tómstundasviðs er samtals 18 mkr.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

### Stjórnunarupplýsingar

Haldið verður áfram með innleiðingu á Qlikview/Qliksense fyrir svið og skrifstofur borgarinnar.

### Nýr Reykjavíkurvefur og færsla á vefjum borgarinnar úr Content XXL yfir í Drupal

Haldið verður áfram innleiðingu á Drupal vefumsjónakerfi og vefir borgarinnar færðir yfir í nýtt og skalanlegt umhverfi og aðlagaðir að snjalltækjum.

### Rafrænar hverfakosningar

Haldið verður áfram að undirbúa og framkvæma rafrænar kosningar í hverfum.

### Innleiðing Fotoware hjá upplýsinga- og vefdeild og tenging Fotoware við vefi borgarinnar

Ljúka við innleiðingu á Fotoware, m.a. þannig að hægt verði að birta myndir úr Fotoware beint á vefjum borgarinnar.

Áætluð fjárveiting vegna Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er samtals 59 mkr.

## MENNINGAR OG FERÐAMÁLASVIÐ

### Nýsköpun í stafrænni þjónustuþróun Borgarbókasafnsins: Tenging vefs

Ráðgjöf, greining og verkstjórnun hjá UTD í samráði við verkefnastjóra BBS. Útbúa tengingu á milli litir.is/Ex Primo og vefsíðu Borgarbóksafnsins og apps í Drupal. Forritun, ráðgjöf og aðlögun að séríslenskum lausnum (Auðkenni lánþega, tengja Borgun og Gegni etc.)

### Snertiskjáir til miðlunar og þjónustu á söfnum

Til þess að auðvelda sjálfsafgreiðslu og miðlun og leiðarvísun inni á söfnum þarf að kaupa skjái með nettengingu og sérstöku kerfi sem auðveldar innsetningu og þátttöku gesta. Hægt verður að nýta heimasíðu sem miðlar bókum og tengist leitir.is

### Varðveisla stafrænna ljósmynda

Kom þarf upp sérstökum búnaði svo að Borgarskjalasafnið geti tekið við stafrænum ljósmyndasöfnum.

### Rafrænt Gestakort

Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna greiningar á lausnum sem í boði eru fyrir rafræn gestakort í stað núverandi korta sem gefin eru út á pappír.

Áætluð fjárveiting vegna Menningar- og ferðamálasviðs er samtals 17 mkr.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

### Áframhald á þróun á frístundaheimilakerfi

Með verkefninu er stefnt að því að ná fram betri yfirsýn og skilvirkni í samskiptum milli forráðamanna og starfsmanna. Einnig að ná betri yfirsýn yfir alla tölfræði sem auðveldar ábyrga fjármálastjórnun og alla ákvarðanatöku.

### Áframhald þróun Völu leikskólakerfis

Þróa bréfakerfi og tölfræðihluta Völu ásamt faghlutanum samkvæmt þarfagreiningu sem búið er að vinna.

### Þjónustugátt UTD og SFS

Innleiða þjónustugátt/samráðsvettvang sniðinn að þörfum skóla- og frístundastarfs. Haldið er utan um allt á einum stað er tengist þjónustu UTD og skrifstofu SFS sem styður við breytta starfshætti og eflir notkun UT í skóla- og frístundastarfi. Upplýsingasíður, kennslumyndskeið og aukin upplýsingamiðlun í gegnum samfélagsmiðla (t.d. í O365).

### Samræming hugbúnaðarleyfamála

Samræma hugbúnaðarkaup í grunnskólum og bæta yfirsýn yfir hugbúnaðarleyfamál skólanna og ná fram bættri nýtingu á hugbúnaði í kennslu.

### Búnaður fyrir skóla- og frístundastarf

Prófa smátölvur og tengdan búnað, m.a. fyrir forritunarverkefni í grunnskólum. Endurskoða kröfulýsingar fyrir skólabúnað, t.d. í tengslum við skjái, skjávarpa og snjalltöflur í fjölbreyttum kennslurýmum.

### Skráningarkerfi grunnskóla

Greining, þróun og innleiðing á miðlægu nemendaskráningarkerfi. Kerfið þarf að taka við öllum þeim upplýsingum sem uppfyllir þarfir bæði skólanna og SFS fyrir greiningu og úrvinnslu gagna.

### Matarþjónustukerfi

Undirbúningur og útboð á Matarþjónustukerfi fyrir skóla og leikskóla

### Samræming á heimsíðum grunnskóla

Staðla og samræma heimasíður grunnskóla og útbúa leiðbeiningar.

Áætluð fjárveiting vegna Skóla- og frístundasviðs er samtals 42 mkr.

# INNRI ENDURSKOÐUN

### Innri endurskoðunarkerfi

Finna og innleiða kerfi fyrir innri endurskoðun sem myndi leysa af vinnulag sem aðallega er í MS Office hugbúnaði í dag.

Áætluð fjárveiting vegna Innri endurskoðunar er samtals 3 mkr.

# VELFERÐARSVIÐ

### Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir

Samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010 er kveðið á um gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana fyrir fatlað fólk. Þjónustuáætlun felur í sér skýr markmið sem vinna skal að með því að veita þjónustu og samhæfa úrræði mismunandi þjónustukerfa.

### Þróun á Málaskrá

Áframhaldandi þróun og færsla þjónustuþátta í Málaskrá Velferðarsviðs m.t.t. til laga, reglna og nútímalegrar stjórnsýslu. Meðal brýnna verkefna eru að halda utan um nýja hópa í þjónustu (s.s. flóttamenn og hælisleitendur) og útbúa starfsgetumat.

Áætluð fjárveiting vegna Velferðarsviðs er samtals 20 mkr.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

### Kaup á kerfi vegna flutninga ganga úr Erindreka

Ef ekki reynist unnt að flytja núverandi gögn úr Erindreka í nýja skjalakerfið þá verður að kaupa annað kerfi sem getur það. Það kerfi yrði eingöngu notað til uppflettingar. Engin þjónusta er við núverandi kerfi og því er mjög brýnt að flytja gögnin úr því til að tryggja öryggi þeirra.

### Skráning planta í Grasagarði Reykjavíkur og vefgátt/leitarvél

Flytja þarf gagnagrunn Grasagarðs Reykjavíkur, Sóleyju, í nýtt kerfi þar sem núverandi kerfi er uppfyllir ekki lögbundnar kröfur um varðveislu og öryggi gagna. Einnig þarf að útbúa vefgátt/leitarvél um einstaka þætti gagna Grasagarðsins.

### Þróun vefsjáa

Uppfæra og þróa vefsjár í takt við nýjar þarfir.

### Vinnuskólakerfið Cronos

Halda þarf áfram að þróa og endurbæta vinnuskólakerfið Cronos.

Áætluð fjárveiting vegna Umhverfis- og skipulagssviðs er samtals 7 mkr.

# SAMANTEKT

| | | |
|---|---|---|
| SÞR | Snjallborgin Reykjavík, rafræn þjónusta, miðlæg kerfishögun, verkbókhald, þróun smáforrita (apps) | 92.000 |
| MOF | Nýsköpun í stafrænni þjónustu Borgarbókasafns, varðveisla stafrænna ljósmynda, rafræn gestakort. | 17.000 |
| ÍTR | Innleiðing aðgangs- og afgreiðslukerfis. | 18.000 |
| USK | Þróun vefsjáa, vinnuskólakerfis og skráningarkerfi fyrir Grasagarðinn | 7.000 |
| SFS | Þróun á skráningarkerfum fyrir frístundaheimili, grunnskóla og leikskóla, samræming vefja grunnskóla. | 42.000 |
| SBB | Áframhaldandi innleiðing stjórnunarupplýsinga, rafrænar hverfakosningar og innleiðing Fotoware | 59.000 |
| SBS | Lokið verður við innleiðingu á pappírslausum fundum. | 2.000 |
| VEL | Áframhaldandi þróun Málaskrár Velferðarsviðs. | 20.000 |
| END | Innleiðing á kerfi fyrir Innri endurskoðun | 3.000 |
| FMS | Lokið verður við innleiðingu á nýju mannauðs- og launakerfi, boðgreiðslugátt og innkaupakerfi. | 40.000 |
| | Áætluð fjárfesting 2017 (í þús. kr) | 300.000 |

# B-HLUTA FYRIRTÆKI

# FAXAFLÓAHAFNIR

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstartekjur | 3.506.393 | 3.538.000 | 3.590.000 | 3.662.000 | 3.734.000 |
| **Tekjur samtals** | **3.506.393** | **3.538.000** | **3.590.000** | **3.662.000** | **3.734.000** |
| Laun og launatengd gjöld | 904.774 | 894.000 | 894.000 | 894.000 | 894.000 |
| Annar rekstarkostnaður | 1.253.718 | 1.254.000 | 1.254.000 | 1.254.000 | 1.254.000 |
| Afskriftir | 830.000 | 823.000 | 817.000 | 845.000 | 795.000 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **2.988.492** | **2.971.000** | **2.965.000** | **2.993.000** | **2.943.000** |
| Fjármunatekjur/gjöld | 25.434 | 12.000 | -8.000 | -17.000 | -1.000 |
| **Rekstarniðurstaða** | **543.335** | **579.000** | **617.000** | **652.000** | **790.000** |

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 65 |
| Fjöldi stöðugilda | 65 |
| Eftir rekstrareiningum: | |
| Rekstrardeild | 18 |
| Hafnarþjónusta | 31 |
| Skrifstofa | 16 |

## HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

## SKIPTING REKSTRAR 2017







## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Áætlun áranna 2017 til 2021 byggist á þeim grunni sem áætlun ársins 2017 ber með sér og þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegri breytingu á umfangi rekstrar þessi ár en áætlaðar tekjur hækka að raungildi um 0,5% á ári. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins.

Ólíkt flestum öðrum höfnum innanlands og erlendis þá njóta Faxaflóahafnir sf. engra styrkja eða framlaga frá opinberum aðilum til uppbyggingar og mikilvægra verkefna. Fjárfestingar og framkvæmdir þurfa því að miðast við að til lengri tíma skili tekjur því að standa undir fjárfestingu, viðhaldi og rekstrarkostnaði. Þess vegna er áhersla lögð á mikilvægi þess að fjárhagur

fyrirtækisins hafi ávallt þann styrk og slagkraft til þess að sinna því hlutverki sem fyrirtækið hefur í þágu eigenda sinna. Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að þeirri stöðu verði haldið.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa.

Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum.

Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða.

Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins.

Rekstur áhaldahúss og rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á umfangi þjónustu og rekstrar á næstu fimm árum.

# FRAMLÖG

Engin framlög til rekstrar eða fjárfestinga, sbr kaflann: Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining.

# FJÁRFESTINGAR

## Gamla höfnin:

- Undirbúningsframkvæmdir vegna 2. áfanga hafnarbakka á Norðurgarði eru hafnar og lagðar eru 60 mkr. í verkefnið á árinu 2016, en reiknað er með að efniskaup á stálþili og bygging bakka verði á árinu 2017. Frágangur og verklok eru síðan árið 2018 og heildarkostnaður áætlaður um 460 mkr.
- Hafnar verða framkvæmdir við endurbætur á rafdreifikerfum til skipa.
- Önnur verk eru ýmis frágangur hafnarmannvirkja og kaup á flotbryggjum. Ýmis frágangur lands, gatna og umhverfis.

## Sundahöfn:

- Framkvæmdir við nýjan 470 metra langan Kleppsbakka í Sundahöfn er helsta framkvæmd hafnar á árunum 2016 - 2019 og kostnaður við verkið er áætlaður um 2.500 mkr.
- Dýpka þarf Viðeyjarsund og innsiglingu að Kleppsvík.
- Þróun lands, gatnagerð og uppbygging á svæðinu utan Klepps í Sundahöfn.

## Grundartangi:

- Fyrstu áfangar gatnagerðar vegna tengingar lóðar Silicor á Katanesi. Áætlaður kostnaður 2017 er um 120 mkr., en alls er kostnaður við verkið áætlaður um 700 mkr.
- Upphafsframkvæmdir við skjólgarð og viðlegu við Katanes fyrir verksmiðju Silicor.
- Ýmsar framkvæmdir við frágang hafnaraðstöðu við Tangabakka á Grundartanga.
- Land- og lóðafrágangur fyrir nýjar lóðir fyrir Eimskip.

## Akranes:

- Styrking rafdreifikerfis fyrir rafmagn til skipa og ýmis rannsóknarverk tengd landgerð utan Aðalhafnargarðs.

### Töflur sem sýna skiptingu framkvæmdakostnaðar fyrir hafnir og á verkflokka:

| í millj. kr. | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Gamla höfnin | 570 | 485 | 280 | 250 | 265 |
| Sundahöfn | 680 | 980 | 1.075 | 755 | 130 |
| Grundartangi | 550 | 470 | 315 | 310 | 30 |
| Akranes | 25 | 30 | 0 | 0 | 610 |
| Tæki og búnaður | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 |
| **Faxaflóahafnir sf. alls** | **1.855** | **1.995** | **1.700** | **1.345** | **1.065** |

| í millj. kr. | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hafnarvirki | 1.350 | 1.375 | 1.040 | 495 | 670 |
| Land og lóðir | 140 | 170 | 95 | 65 | 255 |
| Götur | 220 | 330 | 280 | 320 | 90 |
| Húseignir | 105 | 80 | 230 | 400 | 0 |
| Siglingarverndar búnaður | 10 | 10 | 25 | 35 | 20 |
| Tæki og búnaður | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 |
| **Faxaflóahafnir sf alls:** | **1.855** | **1.995** | **1.700** | **1.345** | **1.065** |

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárhagsstaða Faxaflóahafna sf. er og hefur verið sterk og miðað er við að þeirri stöðu verði haldið á árinu 2017. Vegna aukinna verkefna lækkar handbært fé á árinu 2016 og með því umfangi framkvæmda sem stillt er upp árið 2017 er gengið enn frekar á handbært fé. Engar lántökur eru fyrirhugaðar, Faxaflóahafnir sf framkvæma og starfa á eigin aflafé.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2013 | 2014 | 2015 | Áætlað 2016 | Áætlað 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi skipa > 100 brt. | 1.472 | 1.406 | 1.447 | 1.450 | 1.500 |
| Brúttótonn skipa í þús. tonna | 8.708 | 9.118 | 9.233 | 9.300 | 10.300 |
| Heildarflutningar í þús. tonna | 3.502 | 3.645 | 3.855 | 4.000 | 4.100 |
| Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna | 1.000 | 1.081 | 1.187 | 1.200 | 1.250 |
| Innflutningur til stóriðju | 1.201 | 1.131 | 1.215 | 1.240 | 1.270 |
| Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna | 391 | 434 | 446 | 455 | 465 |
| Útflutningur frá stóriðju | 430 | 443 | 468 | 480 | 490 |
| Landaður afli í þús. tonna | 140 | 153 | 147 | 140 | 140 |
| Skemmtiferðaskip | 80 | 91 | 108 | 112 | 130 |
| Fjöldi farþega | 92.400 | 104.800 | 100.141 | 99.000 | 130.000 |
| Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi) | 62 | 63 | 67 | 65 | 65 |
| Eignarland alls í hekturum | 1.025 | 1.025 | 900 | 900 | 900 |
| Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum | 344 | 348 | 322 | 330 | 340 |
| Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum | 8.252 | 8.316 | 8.368 | 8.500 | 8.500 |

# FÉLAGSBÚSTAÐIR

## MEGINFORSENDUR OG MARKMIÐ

Eftirfarandi er frumvarp að áætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2016-2021. Hún er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við vísitölur eins og skilgreint var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2016 til 2021 og í takt við líklega þróun íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík á komandi árum.

Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull eða að 606 nýjar leigueiningar bætist við safnið á tímabilinu 2016-2021. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:

- Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði
- Kaupa íbúðir úr verkefnum hjá óskyldum félögum eða nýbyggðar íbúðir af verktökum
- Kaupa íbúðir úr Reykjavíkurhúsum
- Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu.

Undanfarin tvö ár hefur helsta aðferð félagsins til stækkunar eignasafnsins verið kaup ánotuðum íbúðum á almennum markaði, en langmest þörf er á að fjölga litlum íbúðum í eignasafninu. Framboð af slíkum eignum er hinsvegar mjög takmarka um þessar mundir og viðbúið að mjög erfitt verði að halda áfram stækkun safnsins á þennan hátt. Því að stærstum hluta er treyst á að litlar íbúðir verði keyptar úr verkefnum sem eru eða verða byggð af óskyldum aðilum í Reykjavík á næstu árum, á lóðum þar sem Reykjavíkurborg hefur skipulagsvald. Ef illa gengur að finna íbúðir til kaups, getur félagið skipulagt nýframkvæmdir og láta byggja íbúðarhús á lóðum sem það fær úthlutað frá Reykjavíkurborg.

| Fjöldi úthlutana | LokÁr | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Alls |
| Almennar | 34 | 46 | 42 | 155 | 147 | 25 | 449 |
| Utankjarnaíbúðir | | | 5 | 8 | 12 | | 25 |
| Búsetukjarni | 5 | 12 | 13 | 32 | 18 | | 80 |
| Þjónustuíbúðir | 52 | | | | | | 52 |
| **Alls** | **91** | **58** | **60** | **195** | **177** | **25** | **606** |

| Fjöldi úthlutana | LokÁ | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Uppruni/tegund íbúða | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Alls |
| **Búseturéttur** | **3** | **5** | **30** | **10** | | | **48** |
| **Eldri borgarar** | | | | **2** | | | **2** |
| **Kaup af RVK** | **52** | | | | | | **52** |
| **Kaup á markaði** | **31** | **41** | **30** | **30** | **25** | **25** | **182** |
| **Lóð Einka** | | | | **16** | **10** | | **26** |
| **Lóð RVK** | **5** | **12** | | | **52** | | **69** |
| **Reykjavíkurhús** | | | | **93** | **90** | | **183** |
| **Stúdentar** | | | **20** | **24** | | | **44** |
| **Alls** | **91** | **58** | **80** | **175** | **177** | **25** | **606** |

| Tegund | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaup | 1.236 | 1.516 | 2.563 | 4.218 | 1.745 | 617,5 | **11.896** |
| Nýframkvæmdir | 270 | 540 | 0 | 2.213 | 0 | 0 | **3.023** |
| Eignfært viðhald | 242 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 | **1.242** |
| **Alls** | **1.748** | **2.256** | **2.763** | **6.631** | **1.945** | **817,5** | **16.160** |
| **Uppsafnað** | **1.748** | **4.005** | **6.767** | **13.398** | **15.343** | **16.160** | |

## FJÖLGUN EIGNA TIL ÚTHLUTUNAR

Í samvinnu við Velferðarsvið viðhalda Félagsbústaðir áætlun um þróun eignasafns félagsins næstu árin. Eftirfarandi töflur eru unnar upp úr þessari áætlun. Á tímabilinu er áætlað að seldar verði 12 íbúðir þ.a. nettó fjölgun eigna verði 594, þar af 80 í búsetukjörnum. Talning íbúða miðar við árið sem þær eru teknar í notkun. Hér eru ekki taldir til byggingarkostir sem mikil óvissa ríkir um að raungerist.

## FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Gert er ráð fyrir að stærð eigna sé á bilinu 40 - 70m2 og einingaverðum sem eru í takt við reynslu félagsins af kaupum og framkvæmdum. Heildar fjármögnunarþörf vegna ofangreindra verkefna er áætluð eins og fram kemur á töflunni hér til hliðar. Heildar fjármögnunarþörf er ætluð rúmir 16 milljarðar á tímabilinu.

# TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða

Félagsbústaðir 2016 10 18 - AFI, KG

Áætlun: 2016 - 2021 GRUNNMYND: Fast verðlag frá 2016

| Forsendur um þróun umhverfis | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mitt ár - Vísitala neysluverðs | 2,20% | 3,90% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Mitt ár - Vísitala byggingakostnaðar | 7,00% | 10,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Mitt ár - Launavísitala | 11,10% | 6,30% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Mitt ár - Vísitala íbúðaverðs | 12,40% | 10,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Mitt ár - Upps - Vísitala neysluverðs | 1 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 |
| Mitt ár - Upps - Vísitala byggingarkost | 1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 |
| Mitt ár - Upps - Launavísitala | 1 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 | 1,063 |
| Mitt ár - Upps - Íbúðaverð | 1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 |
| Lok árs - Vísitala neysluverðs | 3,30% | 3,90% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Lok árs - Vísitala íbúðaverðs | 11% | 8,50% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Lok árs - Upps - Vísitala neysluverðs | 1 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 | 1,039 |
| Lok árs - Upps - Vísitala íbúðaverðs | 1 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 | 1,085 |
| **Þróun eignasafns** | | | | | | | | | | |
| Nýjar eignir | 39 | 78 | 60 | 191 | 177 | 25 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sala eigna | -2 | -2 | -2 | -2 | -2 | -2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kaup eigna lok - fast verðlag | 1.236 | 1.516 | 2.563 | 2.820 | 2.820 | 940 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Nýframkvæmdir lok - fast verðlag | 264 | 540 | 0 | 2.213 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eignfært viðhald lok - fast verðlag | 242 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 | 200 |
| Annar eignfærður kostnaður - fast ve | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmdi | 90% | 66% | 66% | 66% | 66% | 66% | 66% | 66% | 66% | 66% |
| Lánshlutfall sala | 56% | 53% | 53% | 53% | 53% | 52% | 52% | 51% | 51% | 50% |
| Stærð eignasafns | 2.363 | 2.439 | 2.497 | 2.686 | 2.861 | 2.884 | 2.884 | 2.884 | 2.884 | 2.884 |
| Mitt ár - Magnbreyting eignasafn | 1,026 | 1,024 | 1,028 | 1,050 | 1,070 | 1,036 | 1,004 | 1,000 | 1,000 | 1,000 |
| Lok árs - Upps - Magnbreyting eignas | 1,000 | 1,032 | 1,057 | 1,137 | 1,211 | 1,220 | 1,220 | 1,220 | 1,220 | 1,220 |
| Meðal markaðsverð í lok árs | 24,5 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 | 26,6 |
| Keyptar eignir | 1.236 | 1.668 | 2.819 | 3.102 | 3.102 | 1.034 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Nýframkvæmdir | 264 | 594 | 0 | 2.434 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Seldar eignir | -49 | -53 | -53 | -53 | -53 | -53 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eignfærðar framkvæmdir | 242 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 |
| Annar eignfærður kostnaður | 40,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 | 44,0 |
| Magnbreyting fjárfestingaeigna | 1.733 | 2.473 | 3.030 | 5.747 | 3.313 | 981 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Verðmæti fjárfestingaeignir í lok árs | 61.219 | 68.896 | 71.925 | 77.672 | 80.985 | 81.966 | 81.966 | 81.966 | 81.966 | 81.966 |

**Skýringar, hugleiðingar og fyrirvarar**

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs nema annað komi fram í texta
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2016 hefur verið uppfærð m.t.t. hálfsársuppgjörs félagsins
- Stækkun eignasafns verði til og með árinu 2017 fjármögnuð að 66% hluta með lánum, 12% hluta með eiginfjárframlagi/stofnstyrk frá Reykjavíkurborg en að 18% hluta með stofnstyrk frá ríki auk 4% viðbótarframlags frá ríki. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir að frumvarp um stofnstyrki nái til framkvæmda/kaupa Félagsbústaða sem hófust/fóru fram á árinu 2016.
- Til að halda jafnvægi í sjóðsstreymi næstu þrjú árinu er gert ráð fyrir að leiguverð FB hækki um 7% umfram vísitölu neysluverðs um áramótin 2016/2017. Nánari grein er gerð fyrir nauðsyn þessarar hækkunar leiguverðs í viðauka.

# REKSTUR

| Tekjur | | Eining | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | M-ÍV | Mkr | 3.099 | 3.515 | 3.613 | 3.794 | 4.060 | 4.205 |
| Aðrar tekjur | M-ÍV | Mkr | 219 | 263 | 270 | 284 | 304 | 314 |
| **Tekjur Alls** | M-ÍV | **Mkr** | **3.318** | **3.778** | **3.883** | **4.077** | **4.364** | **4.519** |
| | | | | | | | | |
| **Kostnaður** | | | | | | | | |
| Rekstur fasteigna | M-VNV | Mkr | -392 | -417 | -428 | -450 | -481 | -498 |
| Viðhald | M-VNV | Mkr | -664 | -741 | -762 | -800 | -856 | -887 |
| Fasteigna- og brunabótaiðgjöld | L-VÍ(-2) | Mkr | -350 | -393 | -452 | -523 | -560 | -571 |
| Laun og launatengd gjöld | M-LV | Mkr | -205 | -223 | -229 | -241 | -258 | -267 |
| Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður | M-VNV | Mkr | -73 | -85 | -87 | -91 | -98 | -101 |
| Framlag til afskrifta viðskiptakrafna | M-VNV | Mkr | -35 | -53 | -54 | -57 | -61 | -63 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | M-VNV | Mkr | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld, nettó | M-VNV | Mkr | -1.050 | -1.181 | -1.228 | -1.318 | -1.400 | -1.410 |
| **Alls** | | **Mkr** | **-2.770** | **-3.093** | **-3.242** | **-3.480** | **-3.714** | **-3.798** |
| | | | | | | | | |
| **Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu** | | Mkr | **548** | **684** | **641** | **597** | **649** | **721** |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | | Mkr | **1.598** | **1.866** | **1.869** | **1.915** | **2.049** | **2.131** |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði/Tekjur** | | - | **48,2%** | **49,4%** | **48,1%** | **47,0%** | **47,0%** | **47,2%** |

### Skýringar

- Í líkaninu er gert er ráð fyrir að leigutekjur þróist í takt við vísitölu neysluverðs og magnbreytingu en þar að auki **hækki leiguverð allra eigna um 7% umfram verðlag um** áramótin 2016/2017 .
- Leiguverð á markaði er nú að jafnaði um 30-35% hærra en hjá FB. Það er því nokkuð svigrúm til hækkunar leiguverðs hjá félaginu án þess að vera nærri markaðsleigu
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds
- Gert er ráð fyrir að launakostnaður hjá Félagsbústöðum þróist í takt við umfang eignasafns og launavísitölu
- Gert er ráð fyrir fasteigna– og brunabótaiðgjöld þróist í takt við vísitölu íbúðaverðs
- Önnur gjöld séu fast hlutfall af tekjum hvers árs eftir að búið er að leiðrétta hlutfall fyrir leiguverðshækkun
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald á hverju ári sé 21% af tekjum hvers árs eða um 1,06% af heildareignum á ári að meðaltali
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði 220 milljónir á ári á verðlagi ársins 2016 og verði fjármagnað að fullu með lántöku
- Búið er að netta út allan VSK sem félagið getur fengið endurgreiddan
- Spennu gætir á byggingamarkaði og hætt við að gjaldfærður viðhaldskostnaður verði nokkuð hærri í loka árs en hér er áætlað
- Gert er ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum eigna

## MATSBREYTINGAR OG EFNAHAGUR

| Matsbreyting | | Eining | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils | L-ÍV | Mkr | 53.494 | 61.225 | 68.902 | 71.932 | 79.216 | 81.347 |
| Breyting á eignasafni á tímabilinu | L-ÍV | Mkr | 1.739 | 2.473 | 3.030 | 7.284 | 2.130 | 626 |
| Verðmæti fyrir matsbreytingu | L-ÍV | Mkr | 55.234 | 63.698 | 71.932 | 79.216 | 81.347 | 81.973 |
| Verðmæti eftir matsbreytingu | L-ÍV | Mkr | 61.225 | 68.902 | 71.932 | 79.216 | 81.347 | 81.973 |
| Breyting á verðmæti eignasafns | L-ÍV | Mkr | 7.731 | 7.677 | 3.030 | 7.284 | 2.130 | 626 |
| Keyptar eignir | L-ÍV | Mkr | -1.236 | -1.668 | -2.819 | -4.640 | -1.919 | -679 |
| Nýframkvæmdir | L-ÍV | Mkr | -270 | -594 | 0 | -2.434 | 0 | 0 |
| Seldar eignir | L-ÍV | Mkr | 49 | 53 | 53 | 53 | 53 | 53 |
| Eignfært viðhald | LV | Mkr | -242 | -220 | -220 | -220 | -220 | -220 |
| Annar eignfærður kostnaður | M-VBK | Mkr | -40 | -44,0 | -44,0 | -44,0 | -44,0 | -44,0 |
| **Matsbreyting fjárfestingaeigna** | | **Mkr** | **5.991** | **5.204** | **0** | **0** | **0** | **-264** |
| | | | | | | | | |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði | | Mkr | 1.598 | 1.866 | 1.869 | 1.915 | 2.049 | 2.131 |
| Vaxtagjöld | M-VNV | Mkr | -1.050 | -1.181 | -1.228 | -1.318 | -1.400 | -1.410 |
| Verðbætur langtímalána | M-VNV | Mkr | -1.063 | -1.339 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Matsbreyting fjárfestingaeigna | | Mkr | 5.991 | 5.204 | 0 | 0 | 0 | -264 |
| Söluhagnaður (tap) | | Mkr | 0 | | | | | |
| **Hagnaður** | | **Mkr** | **5.477** | **4.549** | **641** | **597** | **649** | **457** |
| | | | | | | | | |
| **Efnahagur í lok tímabils** | | | **2016** | **2017** | **2018** | **2019** | **2020** | **2021** |
| Eigið fé | xxx | Mkr | 26.915 | 32.202 | 33.759 | 36.634 | 37.911 | 38.600 |
| Skuldir | L-VNV | Mkr | 34.340 | 36.730 | 38.202 | 42.612 | 43.465 | 43.402 |
| **Alls fjárfestingaeignir** | L-ÍV | **Mkr** | **61.255** | **68.932** | **71.961** | **79.246** | **81.376** | **82.002** |
| | | | | | | | | |
| **Eiginfjárhlutfall** | | - | **43,9%** | **46,7%** | **46,9%** | **46,2%** | **46,6%** | **47,1%** |

### Skýringar og hugleiðingar

- Skuldir og og efnahagur í lok árs 2016 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6. mánaða uppgjöri
- Skuldir félagsins vaxa í takt við íbúðakaup og eignfært viðhald en minnka í takt við afborganir lána
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggð jafngreiðslulán með 3,2% vöxtum til 40 ára, en það er í samræmi við þau kjör sem talið er að félaginu standi til boða í okt. 2016 þegar þessi áætlunin er unnin
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánum voru framreiknaðir í lánahermi
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárhlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir. Hækkun á verðlagi fasteigna hefur líka þau áhrif að félagið þarf að greiða sífellt hærra verð fyrir nýjar fasteignir við stækkun eignasafnsins og hærri fasteignagjöld af öllum eignum félagsins.

## SJÓÐSTREYMI

| Sjóðstreymi | Eining | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) | Mkr | 1.598 | 1.866 | 1.869 | 1.915 | 2.049 | 2.131 |
| Breyting á skammtímaskuldum/kröfum | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld | Mkr | -1.079 | -1.181 | -1.228 | -1.318 | -1.400 | -1.410 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **Mkr** | **519** | **684** | **641** | **597** | **649** | **721** |
| | | | | | | | |
| Kaup eigna | Mkr | -1.236 | -1.668 | -2.819 | -4.640 | -1.919 | -679 |
| Sala eigna | Mkr | 49 | 53 | 53 | 53 | 53 | 53 |
| Nýframkvæmdir | Mkr | -270 | -594 | 0 | -2.434 | 0 | 0 |
| Eignfært viðhald | Mkr | -242 | -220 | -220 | -220 | -220 | -220 |
| Annar eignfærður kostnaður | Mkr | -40 | -44 | -44 | -44 | -44 | -44 |
| Breyting á skammtímakröfum | Mkr | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | **Mkr** | **-1.739** | **-2.473** | **-3.030** | **-7.284** | **-2.130** | **-890** |
| | | | | | | | |
| Hlutafé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg | Mkr | 150 | 295 | 366 | 911 | 251 | 93 |
| Stofnframlag frá Ríki | Mkr | 0 | 443 | 550 | 1.367 | 377 | 139 |
| Afborganir lána | Mkr | -576 | -645 | -682 | -741 | -811 | -857 |
| Ný lán (íbúðakaup og eignf. viðhald) | Mkr | 1.634 | 1.788 | 2.167 | 5.060 | 1.555 | 712 |
| Uppgreidd lán (íbúðasala) | Mkr | -30 | -30 | -28 | -28 | -29 | -28 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **Mkr** | **1.178** | **1.851** | **2.372** | **6.568** | **1.343** | **58** |
| | | | | | | | |
| Breyting á handbæru fé | Mkr | -42,9 | 62,9 | -16,0 | -119,6 | -137,4 | -110,9 |
| Áætlað handbært fé í lok tímabils | Mkr | -182,7 | -119,8 | -135,8 | -255,4 | -392,8 | -503,6 |

### Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag/stofnframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá eiganda og Ríki
- Innborgað hlutafé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg verði tæplega 2,2 milljarðar og tæplega 3,1 milljarðar frá ríki á tímabilinu
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum/eignum á tímabilinu
- Að þessu gefnu verður breyting á handbæru fé í járnum á tímabilinu
- Í farvatninu er hinsvegar endurfjármögnun á óhagstæðum skuldum félagsins sem ef vel tekst til mun lækka nokkuð greiðslubyrði lána og stuðla að enn betra jafnvægi í sjóðstreymi en hér kemur fram.
- Sjóðstreymi félagsins er mjög viðkvæmt fyrir breytingum í leiguverði, rekstrarkostnaði og lánskjörum
    - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisaðgerða
    - Aukning í gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur strax mikil áhrif á handbært fé félagsins
    - Aukning í eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapar takmarkarkaðar nýjar tekjur en aukin vaxtakostnað
    - Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins
- Gert er ráð fyrir að breyting á handbæru fé verði neikvæð í lok árs 2016.

# HELSTU MÆLIKVARÐAR

| Mælikvarðar, kennitölur | Eining | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afborganir og vextir | Mkr | -1.656 | -1.826 | -1.910 | -2.059 | -2.211 | -2.267 |
| Vaxtaþekja | - | 1,52 | 1,58 | 1,52 | 1,45 | 1,46 | 1,51 |
| Skuldaþekja | - | 0,98 | 1,02 | 0,98 | 0,93 | 0,93 | 0,94 |
| Eiginfjárhlutfall | - | 43,9% | 46,7% | 46,9% | 46,2% | 46,6% | 47,1% |
| | | | | | | | |
| EBIT án gjaldfærðs viðhalds | Mkr | 2.263 | 2.607 | 2.631 | 2.715 | 2.906 | 3.018 |
| Vaxtagjöld | Mkr | 1.050 | 1.181 | 1.228 | 1.318 | 1.400 | 1.410 |
| Áætlað viðhald | Mkr | 953,9 | 1020,3 | 1061,2 | 1183,7 | 1207,3 | 1205,6 |
| Sjálfbærni | - | 1,13 | 1,18 | 1,15 | 1,09 | 1,11 | 1,15 |
| Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum | - | 49,9% | 48,3% | 49,2% | 50,5% | 50,7% | 50,2% |
| Gjaldfært viðhald | Mkr | 664 | 741 | 762 | 800 | 856 | 887 |
| Eignfært viðhald | Mkr | 242 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 |
| **Alls** | **Mkr** | **906** | **961** | **982** | **1020** | **1076** | **1107** |
| | | | | | | | |
| Gjaldfært viðhald/Tekjur v-ás | - | 20,0% | 19,6% | 19,6% | 19,6% | 19,6% | 19,6% |
| (Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Tekjur v-ás | - | 27,3% | 25,4% | 25,3% | 25,0% | 24,7% | 24,5% |
| Eignfært viðhald / Efnahagur | - | 0,4% | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,3% |
| (Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Efnahagur h-ás | - | 1,5% | 1,4% | 1,4% | 1,3% | 1,3% | 1,3% |

### Skýringar, hættur, varnaglar og hugleiðingar

- Sjálfbærni = (EBIT – gjaldfært viðhald) / ((skuldir/(40*0,9)) + vaxtagjöld)
- Vaxtaþekja, skuldaþekja og sjálfbærni eru ofan viðmiðunarmarka sem eru 1,4; 0,9 og 1,1 á áætlunartímanum
- Eiginfjárstaða félagsins er nokkuð sterk um þessar mundir og góðar líkur taldar á að því standi til boða fjármögnun á almennum markaði án ábyrgðar frá eiganda á svipuðum kjörum sem skilgreind eru í áætlun
- Eldri eignir félagsins eru yfirleitt leigðar út á mjög hagstæðu verði á meðan að nýjar eignir eru ósjálfbærar. Því er stefnt að því að aðferðarfræði við ákvörðun leigu hjá félaginu verði, í samvinnu við Velferðarráð, breytt um næstu áramót. Hækkun á leiguverði væri innleidd samhliða.

## BREYTING Á LEIGUVERÐI

Að mati stjórnenda Félagsbústaða er nauðsynlegt að hækka leiguverð hjá félaginu um 5-7% um næstu áramót til að hagnaður af rekstri standi undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með stækkun eignasafns. Það eru meðal annars breytingar á ytra umhverfi sem kalla á þessa hækkun s.s. hækkun fasteignaverðs (og þar með fasteigna– og brunabótaiðgjalda), hækkun rekstrarkostnaðar og hækkun vaxtagreiðslna vegna stækkunar eignasafns. Á grafinu hér að neðan er teiknuð upp þróun helstu rekstrarliða FB frá árinu 2013. þar kemur fram að allir rekstrarliðir félagsins hafa hækkað umfram tekjur árunum 2013-2016 nema „Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður" og „Framlag til afskrifta viðskiptakrafna".




Samkvæmt samþykktum Félagsbústaða hf á rekstur félagsins á að vera sjálfbær. Það stefnir hinsvegar í að reksturinn verði ósjálfbær á árinu 2016 og verði leiguverð ekki hækkað lítur út fyrir að hann verði verulega ósjálfbær á árunum 2017—2021. Sjóðstreymi frá rekstri mun þá ekki ná að standa undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með þeirri stækkun eignasafns sem ofangreinda áætlun felur í sér. Þess ber að geta að áætlunin er unnin m.v. 6 mánaða uppgjör félagsins. Það kann að vera að 9 mánaða uppgjör gefi tilefni til aukinnar bjartsýni, en það mun liggja fyrir snemma í nóvember. Verðbólga umfram spá myndi líka hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins þar sem tekjur eru tengdar vísitölu neysluverðs.

| **Lánsþörf s.b.v. breytingu leiguverðs** | **2016** | **2017** | **2018** | **2019** | **2020** | **2021** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hækkun leigu 0% | -42,8 | -180,4 | -262,2 | -345,3 | -368,5 | -377,7 |
| Hækkun leigu 5% | -42,8 | -3,9 | -80,7 | -154,5 | -164,3 | -166,0 |
| Hækkun leigu 7% | -42,8 | 66,7 | -8,0 | -78,2 | -82,6 | -81,4 |

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| (Fjárhæðir í þús. kr) | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstarniðurstaða** | **15.216** | **21.760** | **17.690** | **18.400** | **24.800** |

*Rekstrarreikningur ekki birtur af samkeppnisástæðum.

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 36 |
| Fjöldi stöðugilda | **38** |
| **Eftir rekstrareiningum:** | |
| Hráefnadeild | 5 |
| Framleiðsludeild | 4 |
| Framkvæmdadeild | **18** |
| Yfirstjórn | 9 |

## HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og 2 malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við *Alverk95* og ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 9001* staðli og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 14001* umhverfisstaðli. Fyrirtækið stefnir að því að uppfylla kröfur *OHSAS 18000* öryggisstaðli.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er okkar vottunaraðili.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð- og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.



# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í umsvifum árið 2017 frá fyrri árum. Framleiðsla Malbikunarstöðvar árið 2016 verður að öllum líkindum sú næstmesta frá árinu 2010, sem er lítið eitt minna en það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Sömuleiðis stefnir í að útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins verði með meira móti frá því fyrir hrun. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2017 verði svipaðar, eða jafnvel að fjárframlög til viðhaldsaðgerða slitlaga verði aukin lítillega árið 2017 og er reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð eða lítið eitt meiri á næsta ári en hún stefnir í að verða árið 2016.

Forgangsatriði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma og framtíðar staðsetning ákveðin. Einnig er mikilvægt að dýpka innsiglingu og snúningssvæði skipa við Ártúnshöfn svo skip með asfaltfarma til fyrirtækisins geti lagst við bryggju. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur fyrir að Malbikunarstöðin Höfði hf mun víkja af svæðinu í Ártúnshöfða og íbúðabyggð koma í staðinn. Ekki liggur fyrir hvenær það verður né hvar fyrirtækinu verður fundinn staður til framtíðar. Eins er það yfirvofandi að þjónustu við Ártúnshöfðahöfn verði hætt fljótlega eftir að Björgun hverfur af svæðinu. Þar með mun lokast fyrir aðkomu skipa með nauðsynleg hráefni til starfseminnar. Fyrirtækið fékk endurnýjað starfsleyfi á árinu 2015 og gildir það einungis til ársins 2019, að tillögu eigandans. Því er afar stuttur tími til stefnu til að finna fyrirtækinu framtíðarlóð og hefja uppbyggingu

# FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2017 og líklegt er að þær verði svipaðar og undanfarin ár. Óvæntar uppákomur geta sett strik í reikninginn og grípa getur þurft til aðgerða. Fjárfestingar ársins 2016 eru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins, en upp komu bilanir í búnaði malbikunarstöðvanna sem vörðuðu rekstrarhæfi fyrirtækisins og þurfti því að grípa til aðgerða þess vegna. Reglulega þarf að endurnýja tæki og aðlaga framleiðsluferlið að nýjum framleiðslutegundum og til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri. Fylgst er með nýjungum á markaði og brugðist við þeim eftir því sem við á við íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins. Hins vegar er ljóst að þegar framtíðar staðsetning fyrirtækisins liggur fyrir verður að fara í gríðarlegar fjárfestingar við uppbyggingu nýrrar aðstöðu. Þau atriði verða rædd ítarlega í stjórn fyrirtækisins og kynnt eigandanum.

# FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa og á því hvíla engar langtímaskuldir. Verði ákveðið að fara í auknar fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

# LYKILTÖLUR

| Höfði | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 áætl | 2017 áætl. |
|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| Eiginfjárhlutfall | 75,3% | 86 % | 87% | 92 % | 93% |
| Arðsemi eigin fjár | -4% | 2 % | 10 % | 1 % | 2% |
| Veltufjárhlutfall | 2,56 | 4,39 | 5,01 | 10,61 | 12,6 |
| Skuldsetningarhlutfall | 0,0% | 0,0 % | 0,0% | 0,0 % | 0,0% |

# SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstartekjur | 2.738.969 | 2.738.969 | 2.738.969 | 2.738.969 | 2.738.969 |
| **Tekjur samtals** | **2.738.969** | **2.738.969** | **2.738.969** | **2.738.969** | **2.738.969** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.094.273 | 2.094.273 | 2.094.273 | 2.094.273 | 2.094.273 |
| Annar rekstarkostnaður | 477.782 | 477.796 | 477.796 | 477.796 | 477.796 |
| Afskriftir | 88.492 | 104.696 | 118.986 | 121.522 | 128.983 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **2.660.547** | **2.676.765** | **2.691.055** | **2.693.591** | **2.701.052** |
| Fjármunatekjur/gjöld | -12.606 | -40.093 | -36.468 | -34.840 | -33.652 |
| Leiðrétting lána | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Rekstarniðurstaða** | **65.816** | **22.125** | **11.460** | **10.522** | **4.279** |

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 163 |
| Fjöldi stöðugilda | 160 |
| **Eftir rekstrareiningum:** | |
| Aðgerðarsvið | 124 |
| Forvarnarsvið | 12 |
| Stoðdeildir | **19** |

## HLUTVERK

*Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.*

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Nokkur breyting er á uppsetningu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 og þar með samanburður milli ára þar sem gert er ráð fyrir að dótturfélag SHS, SHS fasteignir, verði sameinað móðurfélaginu. Ástæðan fyrir sameiningunni er fyrst og fremst sú að þegar farið var í byggingaframkvæmdir eftir stofnum SHS var talið hagkvæmara að hafa byggingarnar í sér félagi til að geta byggt og fengið vsk. endurgreiddan. Í staðinn þyrfti að leigja með vsk. í 10 ár. Nú eru þessi 10 ár liðin og hagkvæmni þess að vera með sér fasteignafélag er ekki lengur til staðar.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að tekjur SHS, þ.e. samstæðunnar sem auk SHS telur Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins, hækki milli ára um 233 m.kr.  Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 81,5 m.kr., tekjur Almannavarna hækki um 0,4 m.kr., framlag eigenda í fjárfestingarsjóð hækki um 51 m.kr. en þess verður þó að geta að á árinu 2016 var framlagið skorið niður þannig að framlagið í ár er eins og gert er ráð fyrir í stofnsamningi SHS. Framlag eigenda til rekstrar hækkar um 81 m.kr. eða um 6% en í forsendum Reykjavíkurborgar kemur fram að áætlað er að launavísitala hækki um 6,3% milli ár en um 80% af rekstrarkostnaði SHS eru laun. Aðrar hækkanir á tekjum samstæðunnar eru vegna sértekna og tekna vegna húsaleigu.

Helstu áherslur eða breytingar í rekstri fyrir árið 2017 eru litlar en talsverðar breytinga er að vænta í fjárfestingum. Stefnt er að því að keyptir verði tveir slökkvibílar árið 2017 og síðan sitthvor bíllinn á árunum 2018-2019. Einnig er gert ráð fyrir að hefja byggingu nýrrar slökkvistöðvar fyrir slökkvistöðina að Tunguhálsi sem verður seld og er ástæðan fyrst og fremst þörfin á betri staðsetningu með tillit til stækkandi svæðis sem SHS sinnir. Gert er ráð fyrir að tekið verði lán til að standa straum að þeim kostnaði sem hlýst af þessum byggingaframkvæmdum.

SHS stendur í dómsmáli við Íslandsbanka vegna gengistryggðra lán. Málið tapaðist í héraðsdómi en stjórn SHS samþykkti að afrýja málinu til Hæstaréttar og er dóms að vænta í mars 2017. Krafa SHS hljóðar upp á rúmlega 213 m.kr.

# SKIPTING REKSTRAR 2017




# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Útkallssvið

Helstu hlutverk útkallsviðsins eru slökkvilið og sjúkraflutningar. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu milli ára hefur verið nokkuð stöðugur og ef eitthvað er hefur útköllum fækkað aðeins. Helstu ástæður eru öflugar forvarnir og mikil fræðsla. Fjöldi sjúkraflutninga heldur aftur á móti áfram að fjölga á milli ára og er skýringin fyrst og fremst sú að þjóðin eldist og fjölgar. Einnig hefur fjöldi sjúkraflutninga með erlenda ferðamenn aukist milli ára sem skýrist af fjölgun ferðamanna til landsins. Áætlað er að tekjur af sjúkraflutningum aukist um 81,5 m.kr. milli ára eða um 8,4%. Hlutur tekna vegna sjúkraflutninga af heildartekjum (án húsaleigutekna) hækkar milli ára úr rúmum 38% í rúm 40%. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum hjá útkallssviðinu næstu árin. Þó er áætlað mikið átak í að endurnýja slökkvibíla eins og komið hefur fram hér á undan.

## Forvarnarsvið

Hlutverk forvarnarsviðsins hefur verið að breytast hægt og rólega milli ára. Mikið átak og þróun í forvörnum í gegnum árin hefur skilað sér í fækkun útkalla slökkviliðsins. Seinustu árin hefur verið lögð meiri áhersla á þróun ýmissa forrita og gagnabanka sem nýtast öllum slökkviliðum á landinu í að tölvuvæða skoðanir og eftirlit á landsvísu auk annarra þátta. Auk SHS hefur Mannvirkjastofnun og tryggingafélögin komið að þessu verkefni. Stefna SHS er að halda þessari vinnu áfram. Eitt verkefni sem byrjað er á snýr að eigin eftirliti fyrirtækja á eldvörnum en stefnt er að því að útbúa smáforrit sem fyrirtæki geta notast við til að sinna eigin eftirliti. Á forvarnarsviðinu starfa nú 11 starfsmenn og því nauðsynlegt að ráða fleiri starfsmenn á árinu. Að meðaltali seinustu árin hafa 12-15 starfsmenn verið á forvarnarsviðinu. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnarsviðinu m.a. vegna öryggisvakta, lokaúttekta og annars eftirlits.

## Stoðdeildir

Stoðdeildir SHS eru verkstæði, fjármáladeild, skrifstofa slökkviliðsstjóra, húsnæðismál og yfirstjórn. Á verkstæðinu starfa að jafnaði þrír til fjórir starfsmenn en hlutverk verkstæðisins er fyrst og fremst að þjónusta útkallssviðið og sjá um innkaup og lager. Á skrifstofu slökkviliðsstjóra starfa að jafnaði um átta manns en undir skrifstofunni er tölvudeild, skrifstofustjóri, mannauðsmál og heilsurækt/íþróttamál. Í fjármáladeild starfa fjórir starfsmenn sem sjá um bókhald, laun og önnur fjármál. Einn starfsmaður sér um húsnæðismál og í yfirstjórn SHS eru þrír starfsmenn, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og sviðsstjóri forvarnarsviðs.

# FRAMLÖG

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur SHS fjármagna rúmlega 55% af rekstri SHS. Á árinu 2016 var framlagið til SHS um 1.388 m.kr. og gert er ráð fyrir að framlagið hækki í um 1.520 m.kr. Ástæðan fyrir hækkuninni milli árana 2016 til 2017 er að hluta til hækkun á framlagi í fjárfestingarsjóð. Framlagið í fjárfestingarsjóð SHS er samkvæmt stofnsamningi SHS en á árinu 2016 var sú upphæð skorin niður um rúmar 60 m.kr. m.a. vegna aðhalds og einnig að fjárfesting í nýjum slökkvibílum frestast fram til áranna 2017-2019. Sveitarfélögin fjármagna einnig að fullu rekstur Almannavarna höfuðborgarsvæðisins og er upphæðin rúmar 7 m.kr. á ári.

| | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Framlag eigenda til rekstrar í m.kr.** | **1.336.056** | **1.336.056** | **1.416.874** |
| Reykjavík | **776.697** | **771.738** | **813.515** |
| Kópavogur | 207.154 | 209.669 | 226.578 |
| Hafnarfjörður | 175.231 | 176.238 | 187.099 |
| Garðabær | 90.658 | 91.546 | 97.038 |
| Mosfellsbær | 58.254 | 58.894 | 63.034 |
| Seltjarnarnes | 28.063 | 27.971 | 29.351 |

| | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Framlag eigenda í fjárfestingarsjóð í m.kr.** | **52.444** | **52.444** | **103.367** |
| Reykjavík | 30.488 | 30.293 | 59.349 |
| Kópavogur | 8.131 | 8.230 | 16.530 |
| Hafnarfjörður | 6.878 | 6.918 | 13.649 |
| Garðabær | 3.559 | 3.593 | 7.099 |
| Mosfellsbær | 2.287 | 2.312 | 4.599 |
| Seltjarnarnes | 1.102 | 1.098 | 2.141 |

# FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamning SHS eru ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva. Framlagið breytist árlega miðað við gengisvísitölu (SDR) og ætti að vera tæpar 104 m.kr. fyrir árið 2017. Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum að ný fjárfestingum í bílum og búnaði fyrir slökkviliðið. Á árunum 2015-2016 var þessi fjárfestingarsjóður skorinn niður um 60 m.kr. Á árunum 2017-2019 er gert ráð fyrir að kaupa fjóra nýja slökkvibíla og gert er ráð fyrir að þeir kosti fullbúnir með tækjum um 115 m.kr. hver bíll. Stjórn SHS er búinn að samþykkja þessa fjárfestingu. Aðrar fjárfestingar eru í húsnæðismálum. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að selja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð sem verði betur staðsett. Gert er ráð fyrir að nýja stöðin kosti um 514 m.kr en söluverð gömlu slökkvistöðvarinnar við Tunguháls sé um 170 m.kr. Ljóst er að hér þarf að koma framlag upp á um 344 m.kr. til að ráðast í þessa fjárfestingu eða lántaka. Stjórn SHS er búin að samþykkja að fara í þessar framkvæmdir en ekki er búið að ákvarða hvernig að fjármögnuninni verður staðið.

# FJÁRHAGSLEG STAÐA

Staða SHS hefur verið traust og stöðug frá upphafi enda er rekstur þess fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga. Nokkur óvissa var á árunum 2013-2014 þar sem erfiðlega gekk að gera nýjan samning um sjúkraflutninga. Í lok árs 2014 var síðan gerður nýr samningur til sex ára með möguleikum á framlengingu sem tryggði óbreyttan rekstur SHS. Dótturfélag SHS, SHS fasteignir átti í nokkrum rekstarerfiðleikum eftir hrunið þar sem skuldir hækkuðu mikið en tekið hefur verið á þessu vandamáli með auknu stofnframlagi til SHS sem notað hefur verið til að greiða upp lán. Einnig hafa eigendur SHS markað þá stefnu að framegis verði fjárfestingar í húsnæði að einhverju leyti eða öllu leyti fjármagnaðar af sveitarfélögunum sjálfum frekar en lántökum.

# ÁHÆTTUMAT

Helstu áhættur í rekstri SHS á árinu 2017 eins og á seinasta ári er tengt miklu álagi í sjúkraflutningum. Þetta snýr að því að á meðan aukning í fjölda sjúkraflutninga á seinustu árum er um tugi prósenta hefur starfsmönnum sem sinna sjúkraflutningum fjölgað mun minna. Afleiðingin er sú að nú er mun algengara en áður að flestir starfsmenn séu úti að sinna sjúkraflutningum sem leiðir það einnig af sér að þeir starfsmenn sem eftir eru á stöðvunum til að sinna slökkviútköllum eru fáir. Allt of oft kemur það fyrir að einungis einn til tveir starfsmenn fara út á dælubíl til að sinna eldsútköllum og því augljóst að mikil hætta getur skapast bæði fyrir slökkviliðsmennina sjálfa og ekki síður gagnvart þeim sem þarf að bjarga á eldsstað. Nauðsynlega þarf að fjölga starfsmönnum SHS til að þeir geti sinnt hlutverki sínu eins og lög og reglugerðir kveða á um.

Svipað ástand er á forvarnarsviði en eins og kemur fram í töflunni að neðan hefur skoðunum starfsmanna fækkað um rúm 40% á fjórum árum sem skýrist að öllu leyti af því að starfsmönnum á forvarnarsviði sem sinna skoðunum hefur fækkað úr átta í fimm á sama tíma. Mikil fækkun á skoðunum leiðir af sér að færri byggingar er undir eftirliti sem eykur líkur á eldsvoðum.

# LYKILTÖLUR

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi sjúkraflutninga | 25.080 | 26.377 | 28.567 | 30.300 | 31.900 |
| Fjöldi útkalla slökkviliðs | 1.062 | 1.159 | 1.150 | 1.150 | 1.150 |
| Fjöldi skoðana/umsagna forvarnarsviðs | 4.588 | 3.758 | 4.000 | 2.300 | 2.650 |
| Fjöldi starfsmanna | 150 | 149 | 170 | 157 | 160 |
| SHS samstæða | | | | | |
| Eiginfjárhlutfall | 45,90% | 54,40% | 64,60% | 70% | 62,80% |
| Veltufjárhlutfall | 1,02 | 0,52 | 0,68 | 0,8 | 0,53 |
| Skuldsetningarhlutfall | 64,39% | 31,78% | 20,00% | 13,60% | 31,80% |
| Uppgreiðslutími langtímaskulda | 9 | 4 | 1 | 1,7 | 3,6 |

# STRÆTÓ BS.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fargjaldatekjur | 1.886.761 | 2.042.104 | 2.076.139 | 2.110.742 | 2.145.921 | 2.181.686 |
| Framlag eigenda og ríkis | 5.380.345 | 5.694.480 | 5.694.480 | 5.694.480 | 5.694.480 | 5.694.480 |
| Aðrar tekjur | 268.586 | 279.060 | 279.060 | 279.060 | 279.060 | 279.060 |
| **Tekjur samtals** | **7.535.692** | **8.015.644** | **8.049.679** | **8.084.282** | **8.119.461** | **8.155.226** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.210.044 | 2.347.806 | 2.357.197 | 2.366.626 | 2.376.082 | 2.385.596 |
| Annar rekstarkostnaður | 5.019.608 | 5.311.699 | 5.325.750 | 5.339.958 | 5.354.326 | 5.368.855 |
| Afskriftir | 200.220 | 225.473 | 247.695 | 269.244 | 290.793 | 284.732 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **7.429.872** | **7.884.978** | **7.930.642** | **7.975.828** | **8.021.201** | **8.039.183** |
| Fjármunatekjur/gjöld | 8.274 | 6.109 | 11.764 | 12.630 | 15.833 | 19.698 |
| **Rekstarniðurstaða** | **114.094** | **136.775** | **130.801** | **121.084** | **114.093** | **135.741** |

## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 273 |
| Fjöldi stöðugilda | 296 |
| **Eftir rekstrareiningum:** | |
| Rekstarsvið | 258 |
| Skipulags- og farþegaþj.svið | 15,5 |
| Yfirstj., aksturþj. og fjármálasv. | 22,5 |

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að það þurfi 296 stöðugildi í heildina, þar af er gert ráð fyrir að það þurfi 213 stöðugildi til manna í allar vaktar vagnstjóra. Áætlun fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir að á meðaltali verði um 26 stöðugildi vagnstjóra mönnuð með yfirvinnu.

## HLUTVERK

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó) og akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

**Helstu breytingar á milli ára**

Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur 2017 hækki um 155 m.kr. milli ára eða um 8,2%, gangi þetta eftir munu fargjaldatekjur 2017 vega um 34% af almennum rekstrarkostnaði Strætó. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur verði 40% af almennum rekstrarkostnaði á næstu árum.

Undanfarin ár hefur verðlags hækkun á framlag eigenda miðast við svokallaða Strætó-vísitölu, að undaskildu árinu 2016.

| | Vægi | Hækkun | 2017 |
|---|---|---|---|
| Laun | 56% | 6,3% | 3,5% |
| Olía | 16% | 18,8% | 3,0% |
| Nvt. | 12% | 3,9% | 0,5% |
| Viðhald og varahlutir (undirvísitala nvt.) | 16% | 3,9% | 0,6% |
| **Vegið meðaltal** | **100%** | | **7,6%** |

Þjóðhagsspá maí 2016

Í áætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að rekstrarframlag eigenda taki mið af framangreindri áætlaðri hækkun strætó vísitölu.

Í fjárlögum 2017 er aftur gert ráð fyrir að framlag til almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu verði 889,6 m.kr. sem er jafnmikið og það var árinu 2016. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi við verðlagshækkun eins og kveðið er á um samningum.

| Allar fjárh. í þús.kr | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| gið skv. samningi, með hækkun v. verðlagsbreytinga, gr. 6, liður iii | 350.000 | 902.204 | 925.620 | 927.198 | 962.144 | 1.042.291 |
| Framlagið - raun og áætlað 2017 | 350.000 | 902.905 | 822.600 | 806.130 | 889.560 | 889.560 |
| Mismunur frá því sem kemur fram í samningi og raun framlagi | - | -701 | 103.020 | 121.068 | 72.584 | 152.731 |

*Hækkun miðað við þjóðhagsspá maí 2016

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna gjaldaliða sem er í takt við Strætó-vísitölu, þar sem launakostnaður vegur langþyngst.

Áætlun 2017 gerir ráð fyrir að leiðakerfi Strætó verði sem næst óbreytt, en töluverðar breytingar voru gerðar á því haust 2016.

**Helstu verkefni Strætó 2017**

Á árinu 2016 hefur verið fjárfest fyrir um 90 m.kr. í upplýsingatækni, þar vegur þyngst fjárfesting í rafrænum talningarbúnaði í um 20% af öllum vagnaflotanum fyrir um 40 m.kr. Einnig vegur þungt áframhaldandi þróun á rafrænum greiðslumiðli, ný heimasíða sem áætlað er að fara í loftið fyrir lok árs og uppfærsla á rauntímaupplýsingum í appinu og á heimasíðunni. Unnið hefur verið að því að setja búnað í alla vagna Strætó sem gerir þeim kleift að fá forgang við umferðarljós, gert er fyrir að verði komið í fulla virkni á næsta ári. Í áætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með þau verkefni sem unnið hefur verið að 2016 og fjárfest verði fyrir um 20 m.kr. í upplýsingatækni 2017. Stefnt er að því að vera í fararbroddi í þráðlausum rafrænum greiðslum á landinu fyrir árið 2018 og leiði þaðan í frá þann málaflokk. Áfram verður lögð áhersla á að nýta upplýsingatæknikerfi til að gefa bæði starfsfólki og farþegum sem allra gleggsta mynd af þeim þáttum starfsseminnar sem að hverjum og einum snýr.

Mannauðsmál verða áfram í brennidepli í starfsemi Strætó 2017, þar sem sérstök áhersla verður lögð á fræðslumál, öryggi starfsmanna, heilsu og starfsánægju. Undanfarin misseri hefur verið erfitt að manna í störf vagnstjóra og hafa allt að 50 stöðugildi verið mönnuð með yfirvinnu núverandi vagnstjóra. Síðari hluta árs 2016 hefur þó gengið heldur betur að fá vagnstjóra til starfa en undanfarið og því gerir áætlun ársins 2017 ráð fyrir að betur gangi að manna í starf vagnstjóra en undanfarið og að 26 stöðugildi verði mönnuð með yfirvinnu.

Á þessu ári og því næsta verður lögð aukin áhersla á markaðsstarf með sérstaka áherslu á beina sölumennsku, þar sem áhersla verður lögð á hvetja fólk til að nýta sér umhverfisvænar samgöngur. Sérstök áhersla verður lögð á að fjölga farþegum fyrir utan helsta háanna tíma, sem er ein af megin forsendum þess að hægt verði að ná markmiði um 40% vægi fargjaldatekna af heildarrekstrarkostnaði eins og tilgreint er í eigendastefnu Strætó.

# SKIPTING REKSTRAR 2017







# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Yfirstjórn og skipulagssvið

Helstu verkefni á sviði yfirstjórnar Strætó á árinu var að fylgja eftir umtalsverðum hagræðingaraðgerðum sem lagt var upp með í fjárhags- og starfsáætlun fyrir 2016, gert er ráð fyrir að haldið verði áfram með ýmis hagræðingarverkefni þvert á starfsemi fyrirtækisins á árinu 2017. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að niðurstaða komist í framtíðar húsnæðismál Strætó í samvinnu við Reykjavíkurborg sem er eigenda að stærstum hluta þess  húsnæði sem Strætó er í núna.  Önnur helstu verkefni verður áframhaldandi vinna við að aðlaga leiðakerfi Strætó að borgarlínu í samstarfi við SSH, undirbúa nýtt akstursútboð og halda áfram með endurnýjun vagnaflotans með tilliti til umhverfisáhrifa.

## Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 233 starfsmenn, þar af eru 187 vagnstjórar og 31 á verkstæði, innkaup og þvottahúsi og 15 í stýringu flotans og mötuneyti. Gert er ráð fyrir að næsta ári verði lögð áhersla að fjölga vagnstjórum og fækka þeim stöðugildum sem mönnuð eru að jafnaði með yfirvinnu núverandi vagnstjóra. Helstu verkefni ársins eru undirbúa komu rafmagnsvagna sem fjárfest var á árinu og koma til landsins í mars 2017, vagnaútboð, efla þekkingu starfsmanna á verkstæðinu og áframhaldandi hagræðing í rekstri.

Haustið 2016 hófst akstur verktaka miðað við niðurstöður úr samningaviðræðum við þátttakendur í akstursútboð sem fram fór 2015, þar sem vægi aksturs Strætó er um 60% og verktaka 40%.

## Farþegaþjónustusvið

Á árinu 2016 voru gerðar töluverðar skipulagsbreytingar á sviðinu;  stöður sölufulltrúa, starfamanna í afgreiðslu og kerfisstjóra voru flutt yfir á fjármál og rekstur, flotastýring Strætó á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggiðinni var flutt á rekstrarsvið og að lokum var akstursþjónusta fyrir fatlaða sameinuð farþegaþjónustusviðinu.  Eftir þessar breytingar starfa 15 manns sem er fækkun um 4 miðað við 2016.  Helstu verkefni á árinu 2017 verður að hanna og innleiða mælanleg þjónustumarkmið miðað við breytta áherslu sviðsins, ásamt áframhaldandi vinnu við að því að bæta nýtingu bíla akstursþjónustunni fyrir fatlað með það að leiðarljósi að lækka aksturskostnað.

## Fjármál og rekstur

Á árinu var sölu- og markaðsmál og upplýsingatækni færð undir fjármálasviðið og kallast það núna fjármál og rekstur.  Á sviðinu starfa nú 14 manns, þar af 6 í bókhaldi, 3 í sölu og markaðsmálum, 1 í upplýsingatækni og 4 í afgreiðslu Mjódd. Gert er ráð fyrir að ráðið verði einn starfsmaður í upplýsingatækni á næsta ári.  Á árinu hefur verið unnið sérstaklega að því að styrkja

innra eftirlit innan Strætó, t.a.m. hefur áhættustefna verið samþykkt á grundvelli áhættumats/skýrslu þar sem helstu áhættur í starfseminni eru tilgreindar og hvernig hægt sé að lágmarka þær með mótvægisaðgerðum. Einnig hefur verið unnið að ítarlegri handbók á fjármálasvið þar sem allir helstu ferlar fjármálasviðs eru tilgreindir. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að styrkja innra eftirlit og fylgja því eftir þvert á fyrirtækið á næsta ári ásamt því nýta upplýsingakerfi til að bæta fjárhagsupplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda.

Á þessu ári og því næsta verður lögð aukin áhersla á markaðsstarf með sérstaka áherslu á beina sölumennsku, þar sem áhersla verður lögð á hvetja fólk til að nýta sér umhverfisvænar samgöngur og þá auðvita sérstaklega Strætó. Sérstök áhersla verður lögð á að fjölga farþegum fyrir utan helsta háanna tíma, sem er ein af megin forsendum þess að hægt verði að ná markmiði um 40% vægi fargjaldatekna af heildarrekstrarkostnaði eins og tilgreint er í eigendastefnu Strætó.

Undanfarin ári hefur verið lögð mikil áhersla á betri nýtingu á upplýsingatækni, með fjárfestingu í nýju greiðslu-appi, heimasíðu, fjárhags- og launakerfi. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram á þessari leið, þ.e. að þróa rafræna greiðslulausnir, nákvæmari farþegatalningu, betri upplýsingagjöf á heimasíðu o.s.frv.

### Mannauðs- og gæðasvið

Á árinu var gæðasviðið sameinað mannauðssviðinu, á sameiginlegu sviði starfa nú 4 starfsmenn og ekki er gert ráð fyrir breytingu þar á. Mannauðsmál verða áfram í brennidepli í starfsemi Strætó 2017, þar sem sérstök áhersla verður lögð á fræðslumál, endurmenntun atvinnubílstjóra, öryggi starfsmanna, heilsu og starfsánægju. Undanfarin misseri hefur verið erfitt að manna í störf vagnstjóra og á árinu 2016 voru allt að 50 stöðugildi vagnstjóra mönnuð með yfirvinnu núverandi vagnstjóra líkt og árið á undan. Í áætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir að betur gangi að manna í starf vagnstjóra en undanfarið og að 26 stöðugildi verði mönnuð með yfirvinnu. Stefnt er að því að öll helstu verkefni fyrirtækisins verða unnin samkvæmt aðferðafræði verkefnastjórnunar og aukin áhersla og vægi sett á umbótaverkefni. Auk þess að stýra fyrirgreindum verkefnum mun einingin reka vottuð stjórnkerfi rekstrarsviðs og innleiða nýtt skjalastjórnunarkerfi fyrir allt fyrirtækið.

## FRAMLÖG

| Áætluð skipting á heildarframlag á milli eigenda | 2016 | 2017 |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1.883.692 | 2.017.186 |
| Kópavogur | 421.386 | 450.716 |
| Hafnarfjörður | 305.310 | 326.263 |
| Garðabær | 191.701 | 205.121 |
| Mosfellsbær | 136.747 | 146.400 |
| Seltjarnarnes | 54.652 | 58.449 |
| **Samtals** | **2.993.488** | **3.204.135** |

***Fjárhæðir í þús. kr**

## FJÁRFESTINGAR

Áætlun 2017 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 340 m.kr. Haldið áfram verði með endurnýjun á vagnaflotanum og fjárfest verði í átta nýjum vögnum fyrir um 320 m.kr. sem kæmu til landsins eigi síðar en haust 2017. Jafnframt yrði haldið áfram með þau verkefni sem unnið hefur verið að 2016 og fjárfest verði fyrir um 20 m.kr. í upplýsingatækni 2017.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2017. Gangi áætlanir Strætó eftir verður fyrirtækið skuldlaust í árslok 2018.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | Spá 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi ekinna KM | 7.444.111 | 8.408.243 | 8.970.780 | 10.203.679 | 10.203.679 | 10.203.679 |
| Fjöldi ekinna km verktakar | 2.915.968 | 3.274.027 | 3.723.143 | 4.387.582 | 4.387.582 | 4.081.472 |
| Fjöldi ekinna km Strætó | 4.528.143 | 5.134.216 | 5.247.637 | 5.816.097 | 5.816.097 | 6.122.207 |
| Olíunotkun Strætó fjöldi lítra | 2.098.313 | 2.337.311 | 2.366.927 | 2.447.441 | 2.384.600 | 2.510.105 |
| Meðaleyðsla á hverja 100 km | 46 | 46 | 45 | 42 | 41 | 41 |
| Fjöldi vagna í reglulegri notkun | 133 | 143 | 143 | 148 | 148 | 148 |
| Fjöldi farþega | 9.594.893 | 9.808.104 | 10.282.537 | 10.696.925 | 11.392.225 | 12.132.720 |
| Fargjaldatekjur í þús.kr. | 1.277.416 | 1.421.798 | 1.476.801 | 1.655.369 | 1.886.761 | 2.042.104 |
| Hlutfall fargjaldatekna af alm. rekstarkostn. | 32,3% | 31,1% | 30,4% | 32,5% | 33,3% | 34,0% |
| Fjöldi stöðugilda | 198 | 205 | 241 | 261 | 296 | 296 |

# Rekstraráætlun

# 2017-2021



**Samþykkt á stjórnarfundi SORPU bs. þann 14. október 2016**

# EFNISYFIRLIT


Eignabreytingar og forsendur........................................................................................ 3
Rekstrarreikningur....................................................................................................... 13
Efnahagsreikningur...................................................................................................... 14
Skuldir og eigið fé........................................................................................................ 15
Sjóðsstreymi................................................................................................................. 16
Áætlun endurvinnslustöðva og grenndargáma.............................................................. 17

# Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2017 – 2021 samþykkt á stjórnarfundi þann 14. október 2016.

## FORSENDUR

Á eigendafundi þann 5. september 2016 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir árið 2016 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til stærri framkvæmda. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2017 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2017 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2016 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun getur ekki átt við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berts endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2016.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2016. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2017 og útkomuspá fyrir árið 2016 segir til um. Fram til 2018 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Áætlun 2018 – 2021 er gerð á föstu verðlagi ársins 2017.

Rekstrarúttekt hefur staðið yfir á vegum SSH undanfarna mánuði og er ekki komin niðurstaða í öll þau atriði sem þar hafa verið til skoðunar. Í eftirfarandi áætlun er gert ráð fyrir að eftirfarandi breytingar á rekstri komi til framkvæmda á næstu árum. Rétt er þó að hafa í huga að helsta forsendan er að slíkar aðgerðir hverjar sem þær eru skili einhverjum sparnaði og valdi ekki aukakostnaði í öðrum deildum eða verkefnum SORPU.

Endurvinnslustöðvar:

a. Opnunartíma endurvinnslustöðva verði breytt þ.a. stöðvarnar loki alltaf á sama tíma óháð því hvort um virkan dag eða helgi er að ræða (verði 12:00 – 18:30, opnunartími styttur um 2,5 tíma á viku). Þetta verði komið til framkvæmda 1. mars 2017 og skili sparnaði upp á 19 milljónir kr/ári (sparnaður árið 2017 því rúmar 14 milljónir)
b. Innheimta í hliði endurvinnslustöðva verði sjálfvirk innan 3ja ára. Hægt verði að fækka starfsmönnum um 3 á fyrsta ári innleiðingar en síðan um 5 á 3ja ári eftir innleiðingu (miðað við óbreyttan fjölda stöðva)
c. Endurvinnslustöðvunum á Sævarhöfða og Mosfellsbæ verði lokað árið 2019. Ný stöð verði reist á Lambhagavegi á sama tíma. Starfsmönnum verði fækkað um 2.
d. Endurvinnslustöðin á Dalvegi verði flutt þegar árið 2018 og Jafnaseli verði lokað árið 2019. Bæði þessi verkefni gefa forsendur til að fækka starfsfólki um 3.
e. Rekstrarfyrirkomulag verður sérstaklega skoðað af starfshópi á vegum SSH.

Til viðbótar þessum aðgerðum er áætlað að herða til muna eftirlit með því efni sem ekki á heima í blönduðum úrgangi eða grófum úrgangi. Gert er ráð fyrir að ná megi fram um 45 milljón króna minni útgjöldum í förgunargjöldum en á móti koma meiri launakostnaður tímabundið. Áætlaður sparnaður 20 milljónir samtals. Eigin tekjur endurvinnslustöðvanna eru m.a. vegna innheimtu af inneignarkortum og bein sala í hliði. Sala á endurvinnslustöðvunum er skv. rúmmáli og er gjaldskráin í dag 4.600 kr/rúmmeter (minnsta eining er 0,25 rúmmetrar eða 1.150 kr). Í meðfylgjandi áætlun er gert ráð fyrir að gjaldið hækki í 5.200 kr/rúmmeter (13%). Við það má gera ráð fyrir að tekjur geti hækkað um 9 milljónir á ársgrundvelli. Þessi breyting komi til framkvæmda 1. janúar 2016.

Móttökustöð:

a. Viðhaldsvinnu sem sinnt hefur verið af aðkeyptum verktaka verði innhýst. Þetta hefur þegar verið framkvæmt og var þegar tekið tillit til í áætlun.
b. Gerð verður úttekt á tæknilegum möguleikum þess að vigtin í Gufunesi verði rekin án starfsfólks. Gert er ráð fyrir að ef niðurstaðan verði jákvæð verði þetta komið til framkvæmda í lok árs 2017/byrjun árs 2018.

Urðun:

a. Þegar gas- og jarðgerðarstöðin verður tekin í notkun er gert ráð fyrir að innhýsa þeirri vélavinnu við urðun sem eftir er. Allt verklag við urðun mun breytast og því tækifæri á þeim tímapunkti til að innhýsa vélavinnu. Þangað til er gert ráð fyrir að verktaki sinni vélavinnu með þeim tækjakosti sem þegar er í notkun og hentar verkinu.
b. Fækkað um 1 starfsmenn með samnýtingu með Lífdísel. Þegar framkvæmt og inn í áætlun.
c. Stíft verður gengið eftir verkbókhaldi í Álfsnesi eins og öðrum deildum. Byggt að þeirri reynslu verður skoðað með frekari innhýsingu og/eða úthýsingu verkefna.

Gashreinsistöð:

a. Verkfræðistofan Lota er að gera úttekt á verkfyrirkomulagi, vaktavinnu og eftirliti með gashreinsistöðinni. Að þessari úttekt lokinni veðrur farið í þær breytingar sem til sparnaðar geta orðið (árið 2017).

Þróunar- og tæknideild / Umhverfis- og fræðsludeild

a. Skipulag og umfang aðkeyptrar þjónustu gæðaráðgjafar var tekin til endurskoðunar og mun aðkeypt vinna ráðgjafa minnka – hefur þegar verið framkvæmt á árinu 2016.
b. Form og verkefni beggja deilda verður tekið til endurskoðunar – nýtt fyrirkomulag tekið upp árið 2017.
c. Framkvæmd verður nákvæm greining á aðkeyptri innlendri tækniaðstoð – þeirri greiningu lokið fyrir áramót 2016/2017. Framhaldið skoðað í tengslum við lið b.



## FJÁRFESTINGAR

### *Álfsnes*

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 2,82 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi auk tengdra framkvæmda í móttökustöð í Gufunesi. Frekari undirbúningur hefur staðið yfir frá því eigendasamkomulag var undirritað um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 25. október 2013. Fyrir liggur samþykkt eigenda á eigendafundi um framhald verkefnisins. Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar er þegar hafinn, en jarðvinna við væntanlega lóð var boðin út vorið 2015 og það verkefni klárað. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð verði risin á seinni hluta árs 2018. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um fjármögnun verkefnisins heldur verður fármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 706 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2017 og 2018. Gjaldskrá SORPU fyrir úrgang til urðunar var hækkuð um 1,00 kr /kg (án vsk) um áramótin 2014/2015 og er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir að gjaldskáin hækki meira vegna þessa. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

| **Fjármögnun** | | **Ár** | | **SAMTALS** |
|---|---|---|---|---|
| | **2016** | **2017** | **2018** | |
| Stofnfé | | 353 | 353 | **706** |
| Langtíma lántaka | | | 846 | **846** |
| Skammtíma lántaka | | | 400 | **400** |
| Af rekstri | 132 | 542 | 195 | **869** |
| **SAMTALS** | **132** | **895** | **1.794** | **2.821** |

Í áætluninn er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árin 2017/2018 verði greidd upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2017 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2016.

Á árunum 2017 – 2019 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, nýútkominni landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.



## Gufunes

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2017 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða

búnað til frekari forvinnslu s.s. flokkunar, mölunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. ný sorppressa fyrir blandaðan úrgang. Í dag er notast við tvær gamlar pressur sem heimta orðið verulegt viðhald. Gert er ráð fyrir nýrri pressu á árinu sem nýtist fyrir endurvinnsluefni þegar fram líða stundir og urðun bagga verður hætt í Álfsnesi. Önnur brýn fjárfestingarverkefni í Gufunesi eru endurnýjun á dekki og vigtarhausum í einni vikt, endurnýjun á tölvuskápum (varaafl/afritun) og endurforritun vigtarkerfis. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírsgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að breytingum á þremur endurvinnslustöðvum. Búð er að koma upp skemmum fyrir móttöku á skilagjaldskyldum umbúðum á Breiðhellu og í Ánanaustum, en eftir á að ganga frá endanlegri stækkun stöðvarinnar í Ánanaustum og á Blíðubakka í Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir klárist fyrir áramótin 2016/2017. Því er ekki gert ráð fyrir neinum fjárfestingum á endurvinnslustöðvunum á næsta ári. Hins vegar er brýnt að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður. Einnig er gert ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki vegna nýrra skipulagsáætlana í Reykjavík og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins á árunum 2018-2019.

Af óviðráðanlegum ástæðum var nauðsynlegt að skerða lóð endurvinnslustöðvarinnar á Dalvegi í Kópavogi og er stöðin orðin of lítil til að geta veitt þá þjónustu sem ætlast er til. Það sama á við um stöðina í Jafnaseli. Brýnt er að fundinn sé framtíðarlausn vegna þessara tveggja stöðva. Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif breytt fyrirkomulag á Dalvegi mun hafa en fastlega má búast við að skerða þurfi þjónustu stöðvarinnar á háannatímum.

## REKSTUR

### *Tekjur*

Árin 2017 og 2018 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2018 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2017 – 2021 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### *Gjöld*

### *Almennt*

Í áætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir þeim þekktu launabreytingum sem þegar hefur verið samið um – sé launabreyting ekki þekkt s.k. kjarasamningi eru forsendur SSH um þróun launavísitölu notuð sem áætlun um breytingu á launakostnaði.

## Skrifstofa

Auknar kröfur eiganda, m.a. vegna ytri og innri endurskoðunar setja auknar kröfur á tíma starfsfólks á skrifstofu auk þess sem kostnaður vegna þessara þátta hefur aukist. Nú er svo komið að SORPA greiðir 3 endurskoðunarfyrirtækjum fyrir endurskoðun, bæði ytri og innri auk þess sem greitt er sérstaklega fyrir vinnu endurskoðunarnefndar stjórnar SORPU. Meiri og meiri tími starfsfólks fer í að sinna þessum verkefnum. Við gerð síðustu rekstraráætlunar var gert ráð fyrir að ráðinn yrði starfsmaður í ½ starf vegna þessa. Hins vegar voru flest verkefnin sem tengdust þessu verki þannig að hægt var að nýta utanaðkomandi starfskrafta (ráðgjafa). Búast má við að áfram verði þörf á fjölgun starfsfólks vegna þessa eða notkun ráðgjafa. Einnig er orðin brýn þörf á að ráða mannauðsstjóra/mannauðsfulltrúa og er gert ráð fyrir ½ árverki vegna þessa.




## Endurvinnslustöðvar / grenndargámar

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár en tekjur af innheimtu í hliði hafa hafa ekki náð að þróast til jafns við þessa aukningu. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gegnir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvana standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin i notkun á Breiðhellu í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun á Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhellu.

Nýtt fyrirkomulag var tekið upp við móttöku, meðhöndlun og eyðingu raftækja um áramótin 2014/2015 þegar Úrvinnslusjóður tók verkefnið yfir frá skilakerfum. SORPA bauð þessa þjónustu út á þeim tíma og var niðurstaðan hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar hafa staðið yfir deilur við Úrvinnslusjóð um hvaða kostnaði úrvinnslugjald á að standa undir. Verkið var boðið út aftur fyrr á þessu ári og var niðurstaðan ekki jafn hagfeld og verið hafði í fyrra útboð. Því fellur aukinn kostnaður á endurvinnslustöðvarnar vegna þessa verkefnis.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var fyrirkomulagi við mótttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um síðustu áramót. Bannað var að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekkil lengur leyfilegt að koma með úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlega“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Með þessu móti var gert ráð fyrir að tækist að spara 20 milljónir í útgjöldum endurvinnslustöðvanna. Erfitt hefur reynst að fylgja þessu eftir m.a. vegna manneklu og þess að glærir plastpokar hafa lítt verið fáanlegir fyrr en nú seinni hluta árs. Þó hefur magn úrgangs í pressanlegan úrgang aukist minna en aðrir flokkar sem bendir til þess að einhver árangur hafi náðst.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný endurvinnslustöð á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins eins og áður hefur komið fram. Á móti er gert ráð fyrir að aflagðar verði ein eða tvær stöðvar á móti. Verkefnið er áætlað árið 2018-2019 og eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur.

### *Álfsnes*

Útboð vegna reinar 20 í Álfsnesi hefur þegar farið fram og ljóst að það verkefni kostar um 440 milljónir (án vsk) og þarf ný rein að vera tilbúin fyrir lok apríl árið 2017. Þessi fjárfreka framkvæmd dregur úr getu SORPU til að fjármagna af eigin veltufé aðrar framkvæmdir. Framkvæmdin er þó nauðsynleg þar sem urðunarpláss í Álfsnesi er að verða upp urið. Nýrri rein er ætlað að endast út þann tíma sem eigendasamkomulag kveður á um að urðun skuli hætt í Álfsnesi og starfsleyfi nær til. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

### *Gufunes - móttökustöð*

Á tímabilinu 2017 – 2021 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrri að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað.

## SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

| **Liður** | **Útkomuspá** | **Áætlunarár** | | | | | **Viðmið** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2016** | **2017** | **2018** | **2019** | **2020** | **2021** | |
| Framlegð/tekjur | 16,8% | 14,5% | 14,1% | 17,3% | 17,5% | 17,7% | > 15% |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 17,0% | 14,6% | 13,7% | 17,0% | 17,2% | 17,5% | > 7,5% |
| Heildarskuldir/reglulegar tekjur | 31,6% | 27,0% | 51,8% | 48,7% | 40,4% | 37,3% | < 150% |
| Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár) | 834 | 1.130 | 732 | 467 | 306 | 472 | jákvætt |

Skyggðu reitirnir eru þar sem einstök skilyrði eru ekki uppfyllt. Rétt er þó að skoða öll skilyrðin til samans þegar þetta er metið.

# Rekstrarreikningur áætlun 2017 - 2021

| Rekstrartekjur | Ársreikningur 2015 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2016 | Útkomuspá 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 | Áætlun 2020 | Áætlun 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustutekjur ........ | 2.801.395.069 | 1.566.015.289 | 3.171.304.696 | 3.320.404.135 | 3.365.713.784 | 3.556.102.350 | 3.613.775.578 | 3.673.640.885 |
| Aðrar tekjur ........ | 12.763.048 | 782.700 | 2.250.000 | 5.400.000 | | | | |
| | 2.814.158.117 | 1.566.797.989 | 3.173.554.696 | 3.325.804.135 | 3.365.713.784 | 3.556.102.350 | 3.613.775.578 | 3.673.640.885 |
| **Rekstrargjöld** | 0 | | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld ........ | 828.405.891 | 457.336.321 | 964.064.121 | 1.104.050.320 | 1.136.067.779 | 1.166.173.575 | 1.192.412.481 | 1.218.049.349 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 1.442.838.258 | 899.600.461 | 1.676.028.460 | 1.726.390.567 | 1.741.928.082 | 1.757.605.435 | 1.773.423.884 | 1.789.384.699 |
| Afskriftir ........ | 138.587.498 | 70.054.721 | 142.951.231 | 174.020.000 | 449.350.000 | 483.870.000 | 475.910.000 | 468.970.000 |
